skoðun 20

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
POPP
SÝN

HAGKAUPS FJÓRBLÖÐUNGUR
fylgir með fréttablaðinu í dag!

FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
13. október 2011
239. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001 - 2011
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011

Með hnút í maganum

Óskar Jónasson og Ólafur Jóhannesson frumsýna nýjar bíómyndir í vikunni.

kvikmyndir 40

Hvítbók um náttúruvernd

Það er krafa dagsins að lög um umhverfismál hljóti heildarendurskoðun.

náttúruvernd 10

Ætlar með Leikni upp

Willum Þór Þórsson tók við 1. deildarliði Leiknis í gær.

sport 48

fyrir allar dætur
frænkur - mömmur - systur - vinkonur ...
Bleika slaufan er styrkur gegn krabbameinum
Söfnunarmarkmið 50.000 slaufur
10 20 30 40 50 þúsund

veðrið í dag

SLAGVIÐRI Í dag verða sunnan 8-18 m/s, hvassast V-til og við A-ströndina. Víða rigning og talsverð úrkoma suðaustanlands en úrkomulítið N-til. Hiti 5-12 stig.

VEÐUR 4



STOKKIÐ FRAM AF FOSSBRÚN Franski ofurhuginn Matthias Giraud stökk fram af brún fossins Drífanda í Fljótshlíð fyrir nokkrum dögum. Fossinn er rúmlega 100 metra hár og þurfti Giraud að hafa snör handtök við að opna fallhlífina – væri það látið ógert tæki fallið aðeins fimm sekúndur. Allt fór þetta vel og verður hægt að sjá afrakstur ferðar Frakkans í þættinum Ísland í dag á Stöð 2 í kvöld. MYND/GÍSLI BERG

Líknardeild lokað á LSH

Líknardeild Landspítala á Landakoti verður lokað og starfsemin færð í Kópavog. Um 90 gætu misst vinnuna í áætluðum niðurskurði LSH.

HEILBRIGÐISMÁL Líknardeild öldrunardeildar Landspítalans á Landakoti verður lokað og starfsemi hennar færð til líknardeildarinnar í Kópavogi. Talið er að breytingin muni spara 50 milljónir króna og er hún liður í niðurskurðarferli Landspítalans vegna fjárlaga næsta árs. Framlög til spítalans eru í fjárlagafrumvarpi skorin niður um 630 milljónir króna og talið er að það muni hafa áhrif á um 90 störf innan spítalans.

Pálmi V. Jónsson, yfirlæknir á öldrunardeild Landspítalans, segir lokun líknardeildarinnar ákveðið afturhvarf til fortíðar. „Það er eins og það sé verið að fara 10 til 15 ár aftur í tímann. Deildin var sérhæfð fyrir aldraða en deildin í Kópavogi er blönduð óháð aldri," segir Pálmi. „Maður sér á hverjum degi hvað þjónustan skilar miklu. Því er mjög erfitt að horfa upp á þetta tekið í sundur."

> Ef það er rýnt í tölurnar núna, þá er auðvelt að sjá hvað er í vændum.
>
> **BJÖRN ZOËGA**
> FORSTJÓRI LANDSPÍTALANS

Á líknardeildinni á Landakoti eru níu sjúkrarúm og er þar veitt lífslokameðferð fyrir aldraða með líknandi nálgun. „Þarna er verið að fækka plássum og fólk fer yfir í ósérhæfðari úrræði," segir hann. „Og þetta er mjög veikt fólk við lok lífs sem þarf virkilega á sérhæfðri meðferð að halda. Þörfin er mjög mikil."

Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, segir að búið sé að ræða við mjög margar stórar einingar innan Landspítalans og kynna fyrir þeim fyrirhugaðar breytingar, sem séu erfiðar og viðkvæmar. Allt verði þó tilkynnt formlega í dag.

Landspítalanum er gert að skera niður um 630 milljónir í fjárlagafrumvarpinu fyrir næsta ár. Björn segir að vegna núgildandi fjárlaga, þar sem niðurskurðarkrafan var einnig rúmar 600 milljónir króna, hafi þurft að segja um 85 manns upp störfum. Því megi gera ráð fyrir að með niðurskurðinum í ár verði fjöldi þeirra sem missi vinnuna að minnsta kosti svo mikill.

„Ef það er rýnt í tölurnar núna, þá er auðvelt að sjá hvað er í vændum. En það kemur í ljós á morgun [í dag]," segir hann.

- sv / sjá síðu 6

Tekjur vegna Hörpu gætu orðið allt að 3 milljarðar á ári:

Ferðamönnum fjölgar vegna Hörpu

FERÐAÞJÓNUSTA Tilkoma tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu mun fjölga ferðamönnum sem koma til Íslands á hverju ári.

Tekjur tilkomnar vegna þessa gætu á næstu árum verið á bilinu 1 til 1,4 milljarðar króna á ári og orðið allt að þrír milljarðar á ári. Þetta er niðurstaða Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem hefur gefið út skýrslu um áhrif Hörpu á komu ferðamanna.

Sérstaklega er í skýrslunni horft til þeirra erlendu ferðamanna sem kunna að sækja ráðstefnur í Hörpu. Þá telja skýrsluhöfundar að tónlistarviðburðir í Hörpu muni einnig draga að ferðamenn.

Í skýrslunni er loks bent á að Harpa er þegar farin að hafa áhrif á fjölda ferðamanna. Bókaðar og staðfestar hafa verið 24 ráðstefnur í Hörpu til ársins 2015. Gert er ráð fyrir að 14.000 þátttakendur sæki umræddar ráðstefnur, að stærstum hluta erlendir gestir. Þá er bent á að um 300 erlendir gestir sóttu tónleika Jonasar Kaufmann í Hörpu í maí.

Stefnt er að því að gera frekari mælingar á því hversu margir erlendir ferðamenn koma hingað til lands vegna viðburða og ráðstefna í Hörpu eða vegna umfjöllunar um húsið í erlendum fjölmiðlum.

- mþl / sjá síðu 4

SPURNING DAGSINS

Hlynur, er kalt á toppnum?

„Það var allavega kalt á botninum."

Heimsmetabók Guinness hefur staðfest að Arctic Trucks hafi sett hraðamet á leið sinni yfir Suðurskautslandið í fyrra. Hlynur Bjarki Sigurðsson var í leiðangrinum.

Komst lífs af þegar Goðafoss sökk og hitti í gær eftirlifandi skipverja kafbátsins sem sökkti skipinu:

Féllust í faðma og felldu tár þegar þeir hittust

SAMFÉLAGSMÁL „Ég hata þig ekki. Ég vil miklu frekar elska þig." sagði Sigurður Guðmundsson, 88 ára, við þýska kafbátahermanninn Horst Koske þegar þeir hittust í sýningarskála Íslands á bókamessunni í Frankfurt í gær. Koske, sem er 84 ára, er eini eftirlifandi meðlimur áhafnar þýska U300 kafbáts nasista sem skaut á og sökkti Goðafossi út af Garðskaga hinn 10. nóvember 1944. Sigurður er einn af þeim fjórum úr áhöfn Goðafoss sem enn eru á lífi.

Sigurður og Koske voru leiddir saman þegar bók Óttars Sveinssonar, Útkall – árásin á Goðafoss, var kynnt. Óttar segir stundina hafa verið tilfinningaþrungna. „Þetta var óendanlega hjartnæm stund. Ég held að meirihluti þeirra sem sátu í salnum þéttskipuðum hafi fellt tár," segir Óttar.

Sigurður og Koske féllust í faðma og tárfelldu sjálfir þegar þeir hittust fyrir framan salinn.

Goðafoss átti ekki langt í land þegar þýski kafbáturinn skaut á hann. Skip Eimskipafélagsins var hluti af skipalest á leið frá Bandaríkjunum. Tuttugu og fimm Íslendingar fórust og nítján björguðust. Jafnframt týndu nokkrir breskir skipbrotsmenn lífinu. Árásin á Goðafoss er talin vera eitt mesta áfall íslensku þjóðarinnar í seinni heimsstyrjöldinni. **- jmi**

KOSKE OG SIGURÐUR Það var tilfinningarík stund þegar Sigurður og Koske hittust. Þeir féllust í faðma og felldu báðir tár. MYND/ÞORSTEINN J.

Mikil hálka á veginum:

Stúlka lést í slysi á Fagradal

SLYS Stúlka á átjánda ári lést í bílslysi á Fagradal á níunda tímanum í gærmorgun. Stúlkan ók fólksbíl sem hafnaði framan á vörubíl á veginum, sem var mjög háll.

ÞORBJÖRG HENNÝ EIRÍKSDÓTTIR

Með stúlkunni í bílnum var jafnaldra hennar og var sú flutt til Reykjavíkur með sjúkraflugi en reyndist ekki alvarlega slösuð. Ökumaður vörubílsins var fluttur lítið meiddur á heilsugæslu á Egilsstöðum.

Hin látna hét Þorbjörg Henný Eiríksdóttir, fædd 3. mars 1994 og gekk í Menntaskólann á Egilsstöðum. Þar var kennsla felld niður í gær. Bænastund var haldin í Eskifjarðarkirkju í gærkvöldi. **- sh**

Krani féll á mann:

Lést í vinnuslysi á Djúpavogi

SLYS Alvarlegt vinnuslys varð við höfnina á Djúpavogi rétt fyrir klukkan þrjú í gær. Slysið varð þegar verið var að losa salt úr skipi og krani sem notaður var til verksins féll á mann sem var við vinnu á hafnarbakkanum. Maðurinn lést við höggið.

Hinn látni var rúmlega fertugur. Lögreglan á Eskifirði fer með rannsókn málsins í samstarfi við Vinnueftirlit ríkisins. **- mþl**

REYKJAVÍK

Hundagerði í Laugardal

Hverfisráð Laugardals segir í svari til umhverfissviðs borgarinnar sem vildi fá tillögur um mögulega staði fyrir hundagerði í Laugardalnum að ráðið leggi til svæði milli tennishallar TBR og Fjölskyldu- og húsdýragarðsins.

Tölvan segir nei við móður í fjárhagsklípu

Einstæð móðir var fyrir mistök rukkuð um of há leikskólagjöld. Stjórnsýsla borgarinnar hefur ekki fengist til að bakfæra reikninginn þrátt fyrir óskir konunnar og sér hún nú ekki fram á að peningar sínir endist út mánuðinn.

SAMFÉLAGSMÁL „Ég er auðvitað ekki sátt við þetta. Það er farið að líða á mánuðinn og mínir peningar farnir að minnka verulega. Mig nauðsynlega vantar þennan pening sem þau höfðu engan rétt til að taka af mér," segir Lilja Rós Sigurðardóttir, 23 ára gömul einstæð móðir sem segir farir sínar ekki sléttar eftir samskipti við stjórnsýslu Reykjavíkurborgar.

Lilja er með barn á leikskóla í borginni og borgar rúmar 17 þúsund krónur á mánuði fyrir leikskólaplássið. Um síðustu mánaðamót var henni hins vegar sendur reikningur upp á rúmar 32 þúsund krónur sem var greiddur sjálfkrafa af bankanum hennar. Um mistök var að ræða en þegar Lilja bað Skóla- og frístundasvið borgarinnar um að bakfæra reikninginn fékk hún þau svör að það væri ekki hægt.

„Ég fékk þau svör að þau gætu ekki lagað þetta fyrir mig heldur yrði þetta leyst þannig að næsti reikningur yrði upp á rúmar 2 þúsund krónur. Ég fengi sem sagt endurgreitt með lægri reikningi um næstu mánaðamót," segir Lilja og heldur áfram: „Þessi lausn hins vegar gerir afskaplega lítið fyrir mig. Ég þarf þennan pening núna til að lifa út þennan mánuð, ég má ekki við neinu svona. Ég hef 30 þúsund krónur til ráðstöfunar við hver mánaðamót þegar ég er búin að borga mína reikninga og þarna er búið að taka af mér pening fyrir tvær vikur mánaðarins. Og þegar ég spyr hvað ég eigi eiginlega að gera, svelta síðari hluta mánaðarins? Þá fæ ég þau svör að það sé ekkert sem þau geti gert í því."

Lilja segir að henni hafi liðið mjög illa í kjölfar þessara samskipta og haft miklar áhyggjur af því hvernig eigi nú að láta enda ná saman í mánuðinum. Hún segist eiga góða að en að það séu takmörk fyrir því hversu mikið fjölskylda sín geti hjálpað sér.

RÁÐHÚSIÐ Misvísandi upplýsingar fengust frá skóla- og frístundasviði borgarinnar um hvort hægt væri að bakfæra reikninginn sem var sendur til Lilju. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



LILJA ÁSAMT SYNI SÍNUM Lilja segist ekki mega við því að missa þær 15 þúsund krónur sem mistök við rukkun vegna leikskólagjalda kostuðu hana. Leiðrétting um næstu mánaðamót komi of seint.

Fréttablaðið spurðist fyrir um málið hjá skóla- og frístundasviði borgarinnar og fékk þau svör að um misskilning væri að ræða. „Það er ekkert mál að hún fái þetta bakfært óski hún eftir því," sagði Sigrún Björnsdóttir upplýsingafulltrúi og bætti við: „Það kannast enginn við að hafa hafnað þessari beiðni hennar og því ætti hún bara að hafa samband og gefa upp bankaupplýsingar. Þá væri hægt að ganga frá þessu."

Í kjölfarið hafði Lilja samband við borgina aftur en fékk sömu svör og í fyrra skiptið. „Ekkert endurgreitt en næsti reikningur lækkaður. Þetta voru bara sagðar reglur hjá þeim sem ekki væri hægt að fara fram hjá," segir Lilja.

magnusl@frettabladid.is

Erlingur Halldórsson látinn

Erlingur E. Halldórsson rithöfundur er látinn, 81 árs að aldri. Erlingur fæddist 26. mars 1930 á Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp. Foreldrar hans voru Halldór Jónsson, bóndi þar, og eiginkona hans, Steinunn Jónsdóttir.

Erlingur nam forspjallsvísindi og norrænu við Háskóla Íslands og leiklistarfræði í París og Vín árin 1952 til 1959.

Erlingur starfaði sem leikstjóri og rithöfundur í Reykjavík frá 1960 og setti upp fjölda sviðsverka. Þá var hann mikilvirkur þýðandi og hlaut til dæmis Íslensku þýðingarverðlaunin í ár fyrir þýðingu sína á Gleðileiknum guðdómlega eftir Dante.

Vilhjálmur rakari látinn

Vilhjálmur Þór Vilhjálmsson hársnyrtir er látinn, 58 ára að aldri. Vilhjálmur fæddist í Reykjavík 6. janúar 1953. Foreldrar hans voru Valgerður Oddný Ágústsdóttir og Vilhjálmur Pálsson.

Vilhjálmur lauk hárskeranámi frá Iðnskólanum í Reykjavík. Hann hafði nýlega opnað rakarastofu sína á nýjum stað í Grafarholti með tónleikum nokkurra listamanna. Hann var einnig kunnur fyrir störf að félags- og líknarmálum, meðal annars fyrir JC-hreyfinguna, og sem knattspyrnudómari.

Í lífsreynslusögu sinni, Meðan hjartað slær, sem kom út fyrir þremur árum, fjallaði Vilhjálmur meðal annars um baráttu dóttur sinnar, Ástu Lovísu, við ólæknandi krabbamein. Vilhjálmur lætur eftir sig þrjú uppkomin börn.

Fjármálaráðherra um ráðningu Páls Magnússonar:

Kallar eftir rökstuðningi

STJÓRNSÝSLA Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir mjög óheppilegt ef ekki ríkir traust og friður um ráðningar í lykilembætti í stjórnsýslunni. Þetta kom fram á opnum fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis í gærmorgun, þar sem Steingrímur var spurður um afstöðu sína til ráðningar Páls Magnússonar sem forstjóra Bankasýslu ríkisins.

Steingrímur sagðist hafa kallað eftir upplýsingum og rökstuðningi fyrir ráðningunni frá stjórn Bankasýslunnar. „Það var niðurstaða okkar að það væri eðlilegt fyrsta skref af okkar hálfu í málinu og við bíðum eftir því að fá þau gögn frá Bankasýslunni áður en ákvörðun verður tekin um eitthvað frekar," sagði Steingrímur.

Hann kvaðst vænta svara mjög fljótlega, en auk upplýsingabeiðninnar frá ráðuneytinu hefðu ósáttir umsækjendur um stöðuna óskað eftir rökstuðningi fyrir ráðningunni.

PÁLL MAGNÚSSON

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Hann sagði ófriðinn og vantraustið sem ríkti vegna ráðningarinnar vera sjálfstætt mál að takast á við, óháð því hvað mönnum fyndist nákvæmlega um viðkomandi ráðningu. **- sh**

Fetar ótroðnar slóðir:

Olíuslys kveikja að kvenfatalínu

FÓLK Hörmulegar afleiðingar olíumengunarslysa urðu kveikjan að nýrri fatalínu Kolbrúnar Ýrar Gunnarsdóttur. Útkoman er svartir kjólar sem minna á olíublauta fugla.

„Dýrin fara auðvitað mjög illa út úr þessu og í framhaldi ákvað ég að nota fugla sem fyrirmynd að línunni," segir Kolbrún.

Fatalínan hefur hlotið mikið lof við skólann Istituto Europeo di Design Barcelona þar sem Kolbrún er að hefja lokaár í fatahönnun. **- rve / sjá Allt í miðju blaðsins**

Ár slaufunnar

CHEVROLET
Gæði í 100 ár

CHEVROLET

Vinsæll og veit af því!

Tveir söluhæstu bílarnir á Íslandi eru frá Chevrolet*

*Samkvæmt nýjustu upplýsingum frá Umferðarstofu, hafa 1.889 nýir bílar verið seldir til einstaklinga og fyrirtækja, annarra en bílaleiga, fyrstu 9 mánuði ársins.

Miðað við þær forsendur leiða upplýsingarnar í ljós að Chevrolet er söluhæstur í tveimur flokkum; Captiva er söluhæsti jeppinn og Spark er söluhæsti smábíllinn. Ennfremur er Chevrolet Spark söluhæstur allra bíla á Íslandi í dag.

www.benni.is

Chevrolet er 100 ára á þessu ári og við, hjá Bílabúð Benna, erum því sérstaklega stolt þessa dagana, samgleðjumst nýjum Chevrolet eigendum og hlökkum til að þjóna enn fleirum.

Við erum þess fullviss að ört vaxandi vinsældir Chevrolet, meðal fólksins í landinu, byggjast á gæðum, ríkulegum staðalbúnaði og frábæru verði. Því máttum við til með að auglýsa þetta.
Komdu og reynsluaktu nýjum Chevrolet í dag!

*Söluupplýsingar unnar eftir gögnum frá Umferðarstofu og Bílgreinasambandinu þann 3.okt 2011

SOS BARNAÞORPIN ÍSLAND
Bílabúð Benna
SAMSTARF TIL GÓÐRA VERKA
WWW.SOS.IS - WWW.BENNI.IS

Opið alla virka daga frá 10 - 18 og laugardaga frá 12 - 16

Bílabúð Benna - Chevrolet sýningarsalur - Tangarhöfða 8-12 - Reykjavík - sími 590 2000
Bílabúð Benna - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - sími 420 3330
Bílaríki - Glerárgötu 36 - Akureyri - sími 461 3636

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

GENGIÐ 12.10.2011

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	115,21	115,75
Sterlingspund	181,47	182,35
Evra	158,68	159,56
Dönsk króna	21,312	21,436
Norsk króna	20,413	20,533
Sænsk króna	17,412	17,514
Japanskt jen	1,5022	1,5110
SDR	181,40	182,48

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
213,7927
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

HERJÓLFUR Skipið siglir til Þorlákshafnar þessa dagana, en unnið er að dýpkun Landeyjahafnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ákvörðun tekin í næstu viku:

Áfram siglt til Þorlákshafnar

SAMGÖNGUMÁL Herjólfur heldur áfram að sigla til Þorlákshafnar að minnsta kosti fram í næstu viku. Tekin verður ákvörðun um breytingar á siglingaleiðinni næsta mánudag. Þetta kemur fram á vef Eyjafrétta.

Skipið hefur siglt til Þorlákshafnar frá því það kom úr slipp í byrjun mánaðarins. Dýpi Landeyjahafnar er ekki nægilega mikið fyrir skipið sem stendur.

Dæluskipið Skandia hefur verið við Landeyjahöfn síðustu daga og er unnið að því að opna höfnina fyrir Herjólfi sem fyrst. - þeb

HALDIÐ TIL HAGA

Greinin Baráttan við skuldavanda heimilanna sem birtist í Markaðnum í gær er eftir Magnús Þorlák Lúðvíksson en nafn hans féll niður fyrir handvömm.

LEIÐRÉTT

Kjartan Ágúst Pálsson og þeir sex aðrir nemar sem útskrifast frá Tækniskólanum á laugardaginn gera það sem kjólaskerar en ekki kjólameistarar eins og sagði í blaðinu í gær. Til þess að verða kjólameistarar þurfa kjólaskerarnir að bæta við sig frekari þekkingu og fá útgefið meistarabréf frá lögreglustjóra.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur metið áhrif Hörpu á fjölda ferðamanna:

Tekjurnar gætu numið þremur milljörðum króna

FERÐAÞJÓNUSTA Gangi vel að markaðssetja Hörpu sem ráðstefnuhöll gætu tekjur þjóðarbúsins vegna fjölgunar ferðamanna sem rekja má til tilkomu Hörpu orðið allt að þrír milljarðar króna á ári.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem hefur gefið út skýrslu um áhrif Hörpu á komur ferðamanna til Íslands. Búist er við því að tekjur vegna aukins fjölda ferðamanna verði á bilinu 1 til 1,4 milljarðar á ári næstu árin.

Í skýrslunni er sérstaklega horft til fjölgunar erlendra ferðamanna sem sækja hingað ráðstefnur. Fram kemur að Harpa er fyrsta byggingin á Íslandi sem er sérhæfð fyrir ráðstefnuhald. Hingað til hafi ráðstefnur yfirleitt verið haldnar á hótelum eða jafnvel í íþróttahúsum. Þá getur Harpa tekið á móti 1.000 til 1.500 manna ráðstefnum nokkuð auðveldlega en ekki hefur verið til staðar húsnæði sem ræður við svo stórar ráðstefnur hér á landi. Því hafi umhverfi til ráðstefnuhalds batnað mikið með tilkomu Hörpu. Þá er búist við því að tónleikahald í Hörpu muni laða að erlenda ferðamenn.

Loks kemur fram í skýrslunni að tilkoma Hörpu hefur þegar fjölgað ferðamönnum á Íslandi. Bókaðar hafa verið 24 ráðstefnur í Hörpu til ársins 2015. Er gert ráð fyrir að um 14.000 þátttakendur sæki umræddar ráðstefnur, aðallega erlendir gestir. Þá kemur einnig fram að um 300 erlendir gestir sóttu tónleika Jonasar Kaufmann í Hörpu í maí. - mþl

HARPA Þegar hafa verið bókaðar 24 stórar ráðstefnur í Hörpu til ársins 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Landbúnaðarstefna ESB endurskoðuð

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins kynnti í gær fyrstu drög að endurskoðun landbúnaðarstefnunnar. Áhersla meðal annars á stuðning við unga bændur og landbúnað á harðbýlum svæðum. Breytingarnar eiga að taka gildi eftir 2013.

EVRÓPUSAMBANDIÐ Bændur, umhverfissinnar og jafnvel Sameinuðu þjóðirnar gagnrýndu strax í gær fyrstu drög framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins að nýrri landbúnaðarstefnu, sama daginn og þessi drög voru kynnt.

Evrópusambandið ver árlega helmingi fjárlaga sinna, eða jafnvirði nærri 8.500 milljörðum króna, í rekstur landbúnaðarkerfis sem nú á að endurskoða í heild sinni fyrir árið 2013.

Dacian Ciolos, sem fer með landbúnaðar- og byggðaþróunarmál í framkvæmdastjórninni, sagði helstu markmið breytinganna vera þau, að landbúnaðurinn í Evrópusambandsríkjunum yrði bæði umhverfisvænni og skilvirkari auk þess sem sýna þyrfti bændum í nýju aðildarríkjunum í Austur- og Mið-Evrópu meiri sanngirni í styrkveitingum og öðrum stuðningi við þá.

Meðal annars verða styrkir til bænda markvissari, tengdir skilyrðum í auknum mæli og beint frekar til bænda í ríkjum sem til þessa hafa styrkt bændur minna en önnur ríki.

Meðal nýjunga í drögunum eru hugmyndir um að ungir bændur, sem eru að hefja búskap, fái sérstaka styrki fyrstu fimm búskaparárin. Einnig eru í drögunum áform um að taka betur tillit til búskapar á harðbýlum svæðum með því að veita þeim viðbótarstyrki umfram þá, sem þeim standa nú þegar til boða.

Fyrstu viðbrögð evrópskra bænda voru þau að nýju tillögurnar legðu á þá meiri kvaðir um óþarfa skriffinnsku, auk þess sem þeir eru óánægðir með að draga eigi úr framleiðslu þrátt fyrir að heimseftirspurn eftir landbúnaðarvörum vaxi stöðugt.

Umhverfisverndarsinnar gagnrýna hins vegar drögin á þeim forsendum, að þau gangi ekki nógu langt í þá áttina að vernda náttúruna og bregðast við loftslagsbreytingum.

Þá segir matvælasérfræðingur frá Sameinuðu þjóðunum að þessi nýja landbúnaðarstefna ESB muni áfram skekkja heimsmarkaðinn vegna þess að styrkir til bænda geri þeim kleift að selja afurðir sínar undir kostnaðarverði, sem bitnar á bændum í fátækari ríkjum jarðar. gudsteinn@frettabladid.is

DACIAN CIOLOS Landbúnaðar- og byggðaþróunarstjóri Evrópusambandsins kynnti fyrstu drögin að nýrri landbúnaðarstefnu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forseti Íslands í Brussel:

Hélt ræðu um norðurslóðir

UTANRÍKISMÁL Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, flutti ræðu á ráðstefnu um framtíð norðurslóða í Brussel í gær.

Forystumenn og fulltrúar aðildarríkja Norðurskautsráðsins, sérfræðingar og vísindamenn sækja ráðstefnuna, samkvæmt fréttatilkynningu frá forsetaembættinu.

ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

Forsetinn rakti mikilvægi norðurslóða og áherslur Íslands. Hann lagði sérstaka áherslu á varðveislu fiskistofna og nýtingu hreinnar orku. Þá lagði hann áherslu á ábyrgð allra ríkja gagnvart framtíð norðurslóða og mikilvægi þess að virða réttindi samfélaganna sem hafa búið á norðurslóðum um árþúsundir. - þeb

Þrír mánuðir á skilorði:

Með 174 barnaníðsmyndir

DÓMSMÁL Fimmtugur karlmaður hefur verið dæmdur í þriggja mánaða, skilorðsbundið fangelsi fyrir vörslu á barnaníðsmyndum.

Maðurinn var með í tölvu sinni 174 ljósmyndir sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt og lögregla hafði fundið.

Maðurinn játaði brot sitt skýlaust fyrir dóminum. Við ákvörðun refsingar leit dómurinn til játningar mannsins. Þar sem hann hafði ekki áður gerst brotlegur þótti rétt að skilorðsbinda refsinguna. - jss

15% afsláttur til N1 korthafa

Mundu að framvísa N1 kortinu til að tryggja þér afsláttinn.

TÉKKLAND
Bifreiðaskoðun

Borgartúni / Holtagörðum / Reykjavíkurvegi / Sími 414 9900 / www.tekkland.is

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

STREKKINGUR OG SKÚRIR næstu daga um mest allt sunnan- og vestanvert landið. Úrkomulítið og hægari vindur norðan til en á sunnudag snýst í norðaustanátt með slyddu eða snjókomu norðvestanlands en styttir upp syðra.



Á MORGUN 8-13 m/s S- og V-til annars hægari.

LAUGARDAGUR 5-10 m/s.

HEIMURINN

Alicante	29°
Basel	17°
Berlín	13°
Billund	11°
Frankfurt	16°
Friedrichshafen	18°
Gautaborg	11°
Kaupmannahöfn	11°
Las Palmas	25°
London	17°
Mallorca	28°
New York	22°
Orlando	29°
Ósló	9°
París	20°
San Francisco	27°
Stokkhólmur	8°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* ALLT SÍMI 512-5402: Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einar.skulason@365.is

VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Georg tók við rekstri Flúðasveppa árið 2005 en ræktun sveppa á Flúðum hófst árið 1984. Sveppirnir eru ræktaðir í lífrænum rotmassa sem einnig er framleiddur hjá Flúðasveppum. Svepparæktin er nákvæmnisverk sem krefst alúðar og þekkingar. Sveppirnir eru flokkaðir í höndunum og þeim pakkað á staðnum. Um 30 manns vinna hjá Flúðasveppum árið um kring.

ÍSLENSKA SIA.IS SFC 50278 08/10 - Ljósmyndir: Hari

KJÖRKASSINN

Styður þú framkvæmdir við Vaðlaheiðargöng?

JÁ	42,6%
NEI	57,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Áttu von á að aðildarviðræður Íslands við ESB muni ganga hratt fyrir sig?

Segðu þína skoðun á visir.is VÍSIR

Nýja vinstristjórnin í Danmörku vill færa stjórnarskrá ríkisins til nútímahorfs:

Vilja minnka vægi konungsvaldsins í stjórnarskrá

DANMÖRK Ný ríkisstjórn jafnaðarmanna, sósíalista og róttækra í Danmörku hyggur á breytingar á stjórnarskránni, en henni hefur lítið verið breytt síðan 1953. Meðal boðaðra breytinga er innleiðing Mannréttindasáttmála Evrópu og breytingar á hlutverki konungsvaldsins.

Zenia Stampe, sem er talsmaður róttækra í stjórnarskrármálum, segir, í samtali við Berlingske Tidende, að flokkur hennar sé lýðræðissinnaður og því sé sjálfsagt að minnka vægi konungsvaldsins í stjórnarskránni til samræmis við raunverulegt hlutverk þess sem situr í hásætinu hverju sinni.

Samkvæmt orðanna hljóðan í stjórnarskránni gegnir konungur eða drottning Danmerkur margs konar hlutverki, meðal annars í milliríkjasamskiptum og við framlagningu lagafrumvarpa. Raunverulegt vald liggur hins vegar hjá ríkisstjórninni og þessu vilja stjórnvöld nú breyta.

Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, segir að með þessum hugmyndum eigi að nútímavæða dönsku stjórnarskrána. Hún hafi litlum breytingum tekið í gegnum tíðina, enda sé hún oft tekin sem dæmi um að of miklar hömlur séu settar á breytingar á stjórnarskrá. Tvö þing þurfi að samþykkja þær og ný stjórnarskrá sé borin undir þjóðaratkvæði. Hugmyndir stjórnvalda séu því fráleitt fastar í hendi. **- kóp**

DROTTNINGIN Vinstri stjórnin í Danmörku vill minnka vægi konungsvaldsins í stjórnarskrá og færa það til samræmis við raunverulega stöðu í stjórnkerfinu. NORDICPHOTOS/AFP

Opinn nefndarfundur:

Deilt um forsendur fjárlaga

ALÞINGI Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sat fyrir svörum á opnum fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis í gær. Þar var farið yfir forsendur tekjuhliðar fjárlaga. Stjórnarandstaðan gagnrýndi þær og einnig ýmsar aðgerðir sem grípa á til, svo sem hækkun skattþrepa.

Þetta er í annað sinn sem haldinn er opinn nefndarfundur samkvæmt nýsamþykktum þingsköpum og í bæði skiptin hefur efnahags- og viðskiptanefnd staðið fyrir opnum fundi. Hægt er að fylgjast með fundinum á heimasíðu Alþingis.

Mennta- og menningarmálaráðherra mætir á opinn fund allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis í dag klukkan 9. **- kóp**

Samkomulag um fangaskipti:

Þúsund sleppt fyrir einn

ÍSRAEL, AP Ísraelsk stjórnvöld hafa fallist á að láta meira en þúsund Palestínumenn lausa úr fangelsum í skiptum fyrir Gilad Shalit. Shalit hafði verið gísl í haldi Palestínumanna frá árinu 2006.

Þrír ísraelskir ráðherrar greiddu atkvæði gegn fangaskiptunum og hörðustu andstæðingar Palestínumanna meðal Ísraela segja að þessir fangar, sem nú fá frelsið, muni verða í fararbroddi nýrra ofbeldisverka gegn Ísrael.

Leiðtogar Hamas segja að Ísraelar hafi fallist á nær allar kröfur þeirra, en Yoram Cohen, yfirmaður ísraelsku leyniþjónustunnar Shin Bet, segir að samkomulagið hafi fyrst orðið mögulegt eftir að Hamas hafði gefið eftir í mikilvægum atriðum, meðal annars með því að fallast á að sumir helstu leiðtogar uppreisnar Palestínumanna yrðu ekki látnir lausir. **- gb**

Um 90 manns missa vinnuna

Talið er að um 90 starfsmönnum Landspítalans verði sagt upp á næstunni vegna fyrirhugaðrar hagræðingar og niðurskurðar. Líknardeildinni í Landakoti, Réttargeðdeildinni á Sogni og St. Jósefsspítala verður lokað.

HEILBRIGÐISMÁL Talið er að niðurskurðarkrafa á Landspítalann um 630 milljónir geri það að verkum að um 90 manns missi vinnuna innan spítalans. Sparnaður á síðasta ári var rúmar 600 milljónir króna og þurfti því að fækka 85 stöðugildum innan spítalans.

Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, segir að ef rýnt sé í tölur síðasta árs sé hægt að sjá hvað er í vændum varðandi uppsagnir.

„Það er búið að tala við mjög margar stórar einingar innan spítalans og segja þeim frá fyrirhuguðum breytingum, sem eru bæði erfiðar og viðkvæmar," segir Björn. „Lokanirnar á Sogni og St. Jósefsspítala ná einungis 230 milljóna hagræðingu. Okkur er gert að skera niður um 630 milljónir."

Hagræðingar þessa árs ganga út á enn frekari samþjöppun og samnýtingu deilda. Því fylgir óhjákvæmilega skert þjónusta fyrir landsmenn og segir Björn að staðan sé erfið, þó flestir starfsmenn séu staðráðnir í því að reyna að leysa málin.

„Við erum að reyna að koma eins heiðarlega fram við fólk og hægt er. Við höfum þurft að glíma við mjög erfið vandamál síðustu ár og við höldum áfram að gera það. Þeir sem hafa unnið hér hafa staðið sig frábærlega og skilað töluvert meiri vinnu af sér með færra starfsfólki," segir hann.

Meðal þess sem verður lokað er Réttargeðdeildin á Sogni, St. Jósefsspítali í Hafnarfirði og líknardeild á öldrunardeild Landspítalans á Landakoti. Starfsemi réttargeðdeildarinnar færist á Klepp, starfsemi Sankti Jósefsspítala á lyflækningadeild Landspítalans og starfsemi líknardeildarinnar færist til Kópavogs. Vonir standa til að veita sem flestum starfsmönnum þessara stofnana vinnu á nýju deildunum, en þó eru einhverjar uppsagnir óhjákvæmilegar, að mati Björns.

> Það er búið að tala við mjög margar stórar einingar innan spítalans og segja þeim frá fyrirhuguðum breytingum, sem eru bæði erfiðar og viðkvæmar.
>
> **BJÖRN ZOËGA**
> FORSTJÓRI LANDSPÍTALANS

Pálmi V. Jónsson, yfirlæknir á öldrunardeild Landspítalans, segir fréttirnar ekki góðar.

„Deildin hefur verið þróuð lengi og skilað miklu, góðu og sérhæfðu starfi. Nú er það í uppnámi," segir Pálmi. Honum skilst að hugmyndin sé að verið sé að endurskipuleggja líknarþjónustuna í heild, en ekki sé hægt að horfa fram hjá því að plássum fækki í kjölfarið.

„Og þetta er mjög veikt fólk við lok lífs sem þarf virkilega á sérhæfðri einkennameðferð að halda. Þörfin er mikil."

Pálmi útskýrir að líknardeildin innan öldrunardeildarinnar hafi verið sérhæfð fyrir aldraða, en starfsemin í Kópavogi sé blönduð og óháð aldri sjúklinga.

„Þegar deildin var stofnuð lágu í því heilmiklar framfarir fyrir fólk og þjónustuna og það er eins og það sé verið að fara 10 til 15 ár aftur í tímann með þessum aðgerðum," segir hann. „Maður sér á hverjum degi hvað þjónustan er að skila miklu. Því er mjög erfitt að horfa upp á þetta tekið í sundur."

Frekari hagræðingaraðgerðir vegna niðurskurðar innan Landspítalans verða formlega tilkynntar í dag. **sunna@frettabladid.is**

VERÐANDI RÉTTARGEÐDEILD LANDSPÍTALANS Forsvarsmenn geðsviðs Landspítalans telja að flutningur á starfsemi réttargeðdeildarinnar á Sogni yfir á Klepp muni skila jákvæðum árangri í faglegum og fjárhagslegum skilningi. Vonast er til þess að starfsfólk á Sogni muni sækja um þær stöður sem auglýstar verða eftir flutningana. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tjaldspjall á Austurvelli

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Í tilefni 100 ára afmælis Háskóla Íslands býður Félags- og mannvísindadeild til tjaldspjalls á Austurvelli fimmtudaginn 13. október kl. 15.00 - 18.00.

Fulltrúar blaða- og fréttamennsku, bókasafns- og upplýsingafræði, félagsfræði, fötlunarfræði, mannfræði, náms- og starfsráðgjafar, safnafræði og þjóðfræði ræða við gesti og gangandi um fræðin og rannsóknir þeirra.

Á hálftíma fresti verður spjallað á kassanum:

15:30 Frelsi til upplýsinga
16:00 Fjölmiðlar. Drottnandi þjónar?
16:30 Orðum Reykjavík
17:00 Hvað er Jón Sigurðsson; fortíðin í nútíðinni
17:30 Löggulíf

Boðið verður uppá rafræna upplýsingaþjónustu og áhugakannanir um náms- og starfsval.

Heitt á könnunni.

Allir velkomnir, aðgangur ókeypis

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ
1911-2011

Framkvæmdastjóri geðsviðs segir breytingarnar muni skila betri þjónustu:

Réttargeðdeildin færist á Klepp

HEILBRIGÐISMÁL Réttargeðdeildin á Sogni verður lögð niður og færist starfsemi hennar yfir á Klepp þann 1. mars á næsta ári. Er þetta liður í hagræðingu Landspítalans og er talið að breytingin muni skila 45 milljóna króna sparnaði á ári.

PÁLL MATTHÍASSON

Páli Matthíassyni, framkvæmdastjóra geðsviðs Landspítalans, líst vel á breytingarnar og telur hann þær munu skila góðum árangri, jafnt fjárhagslega og faglega.

„Á spítala verða hagsmunir sjúklinga að vera númer eitt," segir hann og bætir við að á Kleppi verði bæði bætt öryggi og þjónusta við vistmenn. Stundum hafi verið á mörkunum að á Sogni hafi verið laus pláss fyrir nýja vistmenn, en nú bætist við tvö til þrjú ný pláss, auk þess sem nú sé komið tækifæri til að stækka við aðstöðuna í framtíðinni, reynist þörf á því.

> Á spítala verða hagsmunir sjúklinga að vera númer eitt
>
> **PÁLL MATTHÍASSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI
> GEÐSVIÐS LANDSPÍTALANS

Húsnæðið á Kleppi, þangað sem starfsemi réttargeðdeildarinnar mun færast, hefur staðið autt í hálft annað ár. Sami yfirlæknir er yfir öryggisgæsludeild á Kleppi og réttargeðdeildinni.

Pláss er fyrir sjö manns á Sogni og erfitt er að aðskilja fólk eftir kynjum. Í dag eru þar sex manns, fimm karlmenn og ein kona.

Páll segir að á nýju deildinni verði meiri möguleikar á að aðskilja eftir kynjum, hún sé mun stærri og á einni hæð. Við hliðina er öryggisdeildin, deild 15, svo samnýting og öryggi eykst einnig. Því verði auðveldara að færa starfsmenn á milli ef þarf.

Stór hluti af dagdeildinni á Kleppi verður nýttur undir starfsemina, sérinngangi verður komið fyrir og í kringum svæðið verður reist tvöföld girðing.

„Þetta er oft fólk sem hefur framið hræðilega glæpi og því er nauðsynlegt að auka við það þjónustu og öryggi. Það er því hugsanlegt að fólk hafi áhyggjur af þessari deild á svæðinu," segir Páll. „En ég vil benda á að öryggisdeildin, gæslan og öryggið í heild sinni eykst til muna við það að fá réttargeðdeildina á Klepp." **- sv**

Nýtt prjónablað

LOPI 31 KOMIÐ ÚT

Léttlopi
- 50 g dokkur
- prjónastærð 4,5 – 5
- 100% ull
- margir litir

229.-

Loðband/Einband
- 50 g dokkur
- 100% ull
- margir litir

269.-

Álafosslopi
- 100 g dokkur
- prjónastærð 6 – 6,5
- 100% ull
- margir litir

389.-

Kambgarn
- 50 g dokkur
- prjónastærð 2,5 – 3,5
- 100% ull
- margir litir

359.-

Plötulopi
- 100 g plötur
- 100% ull, óspunninn þráður
- margir litir

359.-

24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvaða Norðurlandaþjóðir hafa tryggt sér sæti í lokakeppni EM í fótbolta?*

2 *Hvað vill Samskip að Eimskip greiði sér háar skaðabætur vegna samkeppnisbrota?*

3 *Hvaða bandaríska leikkona skoðaði Príhnúkagíga fyrr í vikunni?*

SVÖR:

1. Danir og Svíar 2. 3,7 milljarða
3. Liv Tyler

EINN FRJÁLSU FANGANNA Gamanleikarinn Zarganar býst ekki við að frelsið vari lengi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Breytingar í Búrma:

Leysa þúsundir fanga úr haldi

BÚRMA, AP Herforingjastjórnin í Búrma hóf í gær að láta þúsundir fanga lausa úr fangelsum landsins. Jafnframt hefur hún tilkynnt að ritskoðun verði hætt.

Þessar breytingar koma á óvart, því herforingjastjórnin hefur áratugum saman ekki þolað neina gagnrýni eða stjórnarandstöðu.

Svo virðist sem Thein Sein, sem tók við stjórn landsins í vor, sé ákveðinn í því að opna umræðuna í landinu og njóti til þess stuðnings félaga sinna í stjórninni.

Mikil óvissa er þó enn um það hvort þessar breytingar verði varanlegar eða aðeins tímabundin tilraun. - gb

Lögregla stöðvaði ræktun:

130 kannabisplöntur teknar

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði kannabisræktun í íbúð í fjölbýlishúsi í miðborginni í fyrradag. Við húsleit var lagt hald á rúmlega 130 kannabisplöntur, á ýmsum stigum ræktunar.

Á staðnum var fullkominn búnaður fyrir starfsemi af þessu tagi en leigjandi íbúðarinnar er erlendur karlmaður á þrítugsaldri. Eiganda íbúðarinnar var gert viðvart um málið en miklar skemmdir höfðu orðið á húsnæðinu vegna leka. Að auki var búið að saga gat á gólfið fyrir loftræstikerfi. Lögreglan minnir á fíkniefnasímann 800 5005. - jss

Engin viðbrögð við kæru varðstjóra í lögreglunni á hendur Árna Kolbeinssyni:

Hæstaréttardómari tjáir sig ekki um kæru

DÓMSMÁL „Hann veitir ekki viðtal," voru skilaboðin sem starfsmaður Hæstaréttar bar Fréttablaðinu eftir að það hafði ítrekað falast eftir viðtali við Árna Kolbeinsson hæstaréttardómara.

Tilefnið var að leita viðbragða hans við kæru á hendur honum sem borist hefur frá varðstjóra lögreglunnar á Selfossi til embættis ríkissaksóknara. Varðstjórinn, Svanur Kristinsson, kærir Árna fyrir rangar sakargiftir.

Eins og Fréttablaðið greindi frá var Svanur sýknaður í Héraðsdómi Suðurlands eftir að Árni hafði kært hann fyrir afglöp í starfi. Tilefni kærunnar var að lögregla hafði ekið ölvuðum pilti, sem hafði ítrekað ónáðað lögreglumenn, af útihátíðarsvæði í Galtalæk sumarið 2010 og skilið hann eftir. Pilturinn fór heim að sumarbústað Árna og bankaði þar og sparkaði í hurðir. Árni hringdi í lögreglu, sem sótti piltinn. Svanur varðstjóri var annar tveggja lögreglumanna sem það gerðu. Þessa tvo lögreglumenn kærði Árni, þar sem þeir hefðu farið frá bústaðnum án þess að athuga hvort fleiri ofbeldismenn væru á staðnum, rannsaka vettvanginn og líðan þeirra sem þar voru og skilja manninn síðan eftir illa klæddan að næturlagi á fáförnum vegi. Pilturinn umræddi lagði ekki fram kæru í þessu máli.

ÁRNI KOLBEINSSON

Fréttavefurinn DV.is hafði eftir Árna, skömmu eftir að fréttin birtist í Fréttablaðinu, að hann teldi kæru Svans alveg fráleita. Árni kvaðst ekki skilja málið, enda hefði kæra hans aldrei beinst að varðstjóranum. Hann hefði aldrei haft nein samskipti við hann né hitt hann. Hins vegar hefðu tveir lögregluþjónar komið fram við sig með ákveðnum hætti sumarið 2010 og hefði hann beint kæru sinni að þeim. Eins og fram kemur að framan var Svanur Kristinsson annar þessara tveggja lögreglumanna og fór mál gegn honum fyrir dóm, þar sem Árni mætti til skýrslugjafar ásamt fleirum. - jss

Svigrúm bankanna til að afskrifa skuldir enn á huldu

Þingmenn kölluðu eftir skýrum svörum um svigrúm til afskrifta á skuldum heimila og fyrirtækja. Vinna farin af stað við að samræma upplýsingar. Verðmat lánasafna gömlu bankanna liggur enn ekki fyrir.

ALÞINGI Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, kallaði eftir skýrum svörum um hver raunveruleg staða á milli lánasafns gömlu og nýju bankanna væri. Þá vildi hann fá svör við því af hverju tölur um svigrúm til afskrifta stemmdu ekki og hvernig og hversu hratt afskriftir hefðu skilað sér til heimila og fyrirtækja. Guðlaugur var málshefjandi í umræðu um málið á Alþingi í gær.

ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Hann sagði áhyggjuefni að gríðarmikill hagnaður bankanna væri fyrst og fremst tilkominn vegna endurmats á lánum sem komu frá gömlu bönkunum. Guðlaugur sagði samfélagið fast í vítahring of mikilla skulda heimila og fyrirtækja og því þyrfti að breyta; fyrr færi efnahagslífið ekki af stað. Hann spurði Árna Pál Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, hvort hann væri tilbúinn til að beita sér fyrir því að óháður aðili færi yfir gögn og gæfi réttar tölur um svigrúm til afskrifta.

Árni Páll sagði að vinna væri farin í gang á vegum forsætisráðuneytisins til að skýra málið. Tölur gætu verið mismunandi eftir bönkum, en ráðuneytið hefði engar aðrar tölur til að fara eftir en þær sem koma fram í stofnefnahagsreikningum bankanna. Það þýði afskriftir um 90 milljarða á heimili og 1.600 milljarða hjá fyrirtækjum. Búið væri að nýta 1.200 milljarða til afskrifta.

Margrét Tryggvadóttir var harðorð í ræðu sinni. Hún sagði kreppur einkennast af fjármagnsflutningum og stjórnvalda væri að sjá til þess að tapið deildist jafnt niður. „Þar hefur okkar ágæti ráðherra algjörlega feilað. Ef hann treystir sér ekki til að standa með fólkinu í landinu, þá verður hann að víkja."

Árni Páll minnti þingmenn á að allar ákvarðanir um afskriftir hefðu verið samþykktar athugasemdalaust af þingmönnum allra flokka. Þá væru menn enn að kalla eftir leiðréttingu forsendna með aðgerðum sem ljóst væri að yrðu almenningi til stórskaða. „Ég er ekki tilbúinn til að flytja skuldir frá þeim sem stofnuðu til þeirra yfir á eignalaust fólk sem á ekkert nema lífeyrisréttindi sín, það mun ég ekki gera. Ef það er brottfararsök þá vil ég glaður láta samþykkja á mig vantraust."

kolbeinn@frettabladid.is

MÁLSHEFJANDI Guðlaugur Þór Þórðarson sagði hagnað bankanna tilkominn vegna endurreikninga á lánum úr gömlu bönkunum. Sérstakt væri að þau væru talin til tekna í rekstrarreikningum bankanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eins og dýrbítar

ÞRÁINN BERTELSSON

Þráinn Bertelsson sagði banka og fjármálastofnanir vera samviskulaus fyrirbæri. Þeir hefðu kippt fjárhagslegu öryggi undan þjóðfélaginu með vitskertri framkomu. „Íslenskur almenningur, skattgreiðendur, beilar út þessa aumingja," sagði Þráinn. Hann átaldi nýju bankana fyrir að firra sig ábyrgð.

„Nú þegar fólk fer í banka og biður um niðurfellingu lána mætir því maður sem er með sama hárgelið, í sömu jakkafötunum, með sama bindið. En hann segir: Þetta kemur mér ekki við, þetta er nýr banki. Þetta er ástandið í okkar þjóðfélagi. Það hefur engum böndum verið komið á bankastarfsemi í þessu landi. Bankarnir haga sér eins og dýrbítar innan um lömb, nema dýrbítur bítur aðeins þegar hann er svangur. Bankarnir eru alltaf gráðugir."

FASTUS

Getur þú bjargað mannslífi?

Sjálfvirk hjartastuðtæki, örugg og einföld í notkun með íslensku tali.

Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is

Stjórn Samskipa mun gefa mögulegar skaðabætur til góðgerðamála:

Lögmenn Eimskips fara yfir stefnuna

DÓMSMÁL Fulltrúar Eimskips eru nú að skoða stefnu frá Samskipum, sem er löng og mikil, og fara yfir stöðu mála, að sögn Ólafs Williams Hand, upplýsingafulltrúa Eimskips. Samskip krefjast 3,7 milljarða króna auk vaxta í skaðabætur vegna samkeppnisbrota Eimskipafélags Íslands á árunum 1999 til 2002.

„Að mínu mati er þetta farsakennd, skrýtin stefna og tölurnar eru brjálæðislega háar. Það er ekki á hverjum degi sem við vöknum við að félag er búið að stefna okkur upp á tæpa fjóra milljarða. Það er ekki eitthvað sem maður vill fá með kaffibollanum sínum," segir Ólafur. „En við getum lítið sagt um þetta mál annað en það að þetta er há upphæð og mikil stefna sem lögmenn okkar eru að fara yfir."

> Það er ekki á hverjum degi sem við vöknum við að félag er búið að stefna okkur upp á tæpa fjóra milljarða. Það er ekki eitthvað sem maður vill fá með kaffibollanum sínum.
>
> **ÓLAFUR WILLIAM HAND**
> UPPLÝSINGAFULLTRÚI EIMSKIPS

Ekki náðist í Gylfa Sigfússon, forstjóra Eimskips, en hann er staddur erlendis.

Fulltrúar Samskipa sögðu í tilkynningu að stjórnin hefði ákveðið að bætur, sem félaginu kunna að verða greiddar, renni til góðgerðamála að frádregnum málskostnaði.

„Við erum að leggja áherslu á að þetta er prinsippmál að fylgja eftir. Niðurstaðan er ekki aðalatriðið," segir Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa. „Við leggjum inn kvörtun árið 2002 og málið er í vinnslu til 2008. Úrskurður Samkeppniseftirlitsins er kýrskýr, sem Eimskip gengst við. Og við erum að fylgja því eftir." - sv

DEVOLD® Columbia Sportswear Company jbs

UNDIRFATA-DAGAR

Það skiptir öllu máli hverju þú klæðist næst þér

DEVOLD EXPEDITION BUXUR
KK og KVK, margir litir

7.592 KR.
FULLT VERÐ 9.490 KR.

DEVOLD EXPEDITION BOLUR
KK og KVK, margir litir

7.592 KR.
FULLT VERÐ 9.490 KR.

DEVOLD ACTIVE BUXUR
KK og KVK, margir litir

7.192 KR.
FULLT VERÐ 8.990 KR.

DEVOLD ACTIVE BOLUR
KK og KVK, margir litir
Einnig til án renniláss

7.592 KR.
FULLT VERÐ 9.490 KR.

DEVOLD ACTIVE BABY
Stærðir 62–98

BUXUR **3.592 kr.** SAMFELLA **2.792 kr.**
FULLT VERÐ 4.490 KR. **FULLT VERÐ 3.490 KR.**

DEVOLD ACTIVE BARNAFÖT
Stærðir 2–10 ára

BUXUR **3.992 kr.** BOLUR **3.992 kr.**
FULLT VERÐ 4.990 KR. **FULLT VERÐ 4.990 KR.**

COLUMBIA BASELAYER BUXUR
KK og KVK, margir litir

10.392 KR.
FULLT VERÐ 12.990 KR.

COLUMBIA BASELAYER BOLUR
KK og KVK, margir litir

10.392 KR.
FULLT VERÐ 12.990 KR.

JBS BUXUR
Stærðir S–XXL

3.596 KR.
FULLT VERÐ 4.495 KR.

JBS BOLUR
Stærðir S–XXL

3.596 KR.
FULLT VERÐ 4.495 KR.

DEVOLD BREEZE BOLUR
KK og KVK, margir litir

7.999 KR.
FULLT VERÐ 9.990 KR.

DEVOLD HÚFUR OG VETTLINGAR
í miklu úrvali

SPORTKRAGI/HÚFA **2.792 kr.**
FULLT VERÐ 3.490 KR.

INNERLINER VETTLINGAR **2.792 kr.**
FULLT VERÐ 3.490 KR.

Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 112343

FRÉTTASKÝRING: Hvítbók um náttúruvernd fyrri hluti

Brotakennd lög endurskrifuð

Heildarúttekt á lagaumhverfi heils málaflokks, sem er grunnur að smíði nýrrar löggjafar hér á landi, liggur fyrir í fyrsta sinn. Um er að ræða svonefnda Hvítbók til grundvallar nýjum náttúruverndarlögum. Þetta felur ekki einungis í sér endurskoðun náttúruverndarlaganna sem fyrir eru heldur er litið til tengdra laga og alþjóðlegra skuldbindinga í viðleitni til að ná yfirsýn og góðri fótfestu við þá vinnu sem fram undan er.

VIÐ MÝVATN Skútustaðagígar eru gervigígar sem friðlýstir voru sem náttúruvætti 1973. Gervigígar myndast við það að glóandi hraun streymir yfir vatn eða votlendi. Gígarnir nefnast gervigígar þar sem hraunkvikan kemur ekki beint úr iðrum jarðar við myndun þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Markmiðið er göfugt; að styrkja stöðu náttúruverndar. Mikið hefur verið fjallað um umhverfismál að undanförnu og nýjar hugmyndir kalla á þessa endurskoðun enda má færa fyrir því rök að náttúruvernd hér á landi líði fyrir óskýr og ómarkviss lög. Rétt er því í fyrri hluta þessarar fréttaskýringar að greina forsendur löggjafar um náttúruvernd. Í síðari hluta hennar verður gætt að hugmyndum um breytingar á stjórnsýslu náttúruverndarmála.

Mikið rit

Hvítbók um náttúruvernd er mikil að vöxtum, vel á fimmta hundrað blaðsíður. Fyrst af öllu má nefna að þar er að finna afburðagóða lýsingu á náttúru landsins; einkennum hennar, stöðu og æskilegum verndaraðgerðum. Á þeirri lýsingu grundvallast síðan allt annað í bókinni; hugmyndafræði sem forsenda löggjafar um náttúruvernd jafnt sem umfjöllun um skuldbindingar Íslands út á við, stefnu stjórnvalda og stjórntæki í náttúruvernd.

Í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna segir að náttúruvernd verði hafin til vegs og virðingar og staða hennar innan stjórnarráðsins styrkt til muna. Í þeim anda var nefnd skipuð af Svandísi Svavarsdóttur umhverfisráðherra og starfaði hún í tæp tvö ár. Nefndina skipuðu sérfræðingar á sviði náttúrufræða, stjórnsýslufræða og lögfræði.

Grundvöllur löggjafar

Sú hugmyndafræði sem hefur legið til grundvallar náttúruverndarlögum frá upphafi hefur verið gildi íslenskrar náttúru og fágæti hennar. Hún hefur jú, þegar allt er skoðað, orðið fyrir takmörkuðum áhrifum af mannavöldum. Fegurð hennar skiptir miklu enda leita flestir Íslendingar eftir upplifunum í náttúrunni, þó það sé gert með ólíkum áherslum. Þá má nefna þýðingu auðlinda fyrir samfélagið, eða nytjagildið sem má greina allt frá fyrstu náttúruverndarlögunum frá 1956. Þar er þó að finna greinilega áherslu á nægjusemi eða að gætt sé að „endursköpunarmætti náttúruauðæfa“. Í gildandi lögum frá 1999 má svo finna þá hugarfarsbreytingu að vernda náttúruna á hennar forsendum frekar en að réttur og hagsmunir manna eigi að liggja til grundvallar allri löggjöf um umhverfis- og náttúruvernd.

Nefndin var sammála um að byggja skuli ný náttúruverndarlög á grunni eldri laga en að leitast skuli við að skerpa á ýmsum greinum og efnisatriðum sem ekki hafa reynst nægjanlega vel.

Stefna stjórnvalda

Halda verður til haga hver stefnumörkun stjórnvalda hefur verið síðasta áratug. Þetta er nauðsynlegt til að skilja á hvaða grunni ný löggjöf mun hvíla, enda um vegvísi stjórnvalda að ræða um náttúruvernd.

Fyrst er að telja samþykkt ríkisstjórnar árið 2002 um stefnumörkun um sjálfbæra þróun, en þegar hún var uppfærð og settar nýjar áherslur fyrir líðandi stund var lögð áhersla á endurskoðun löggjafar um náttúruvernd. Í þessu samhengi er vert að minnast á rammaáætlun um verndun og nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem bundin er öðrum lögum um náttúruvernd órofaböndum. Það kemur fram í Hvítbókinni að í náttúruverndarlögunum verði stefnt að því að skilgreina af meiri nákvæmni en fyrr hvað skal vernda og af hverju, og með því verður byggð upp aðferðafræði við mat á verndargildi. Það hefur marga snertifleti við rammaáætlunina.

Í Hvítbókinni er jafnframt fjallað um aðra þætti í stefnu stjórnvalda sem munu marka vinnuna við endurskoðun laganna. Í desember 2010 var samþykkt í ríkisstjórn áætlun um framkvæmd stefnumörkunar um líffræðilega fjölbreytni. Samkvæmt henni er meðal annars talið nauðsynlegt að auka umfang vöktunar og grípa til verndaraðgerða ef þörf krefur. Þá verður að hafa hugfastar skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum og um málefni hafsins. Ótalin er svo áætlanagerð af ýmsum toga, sem er að finna í náttúruverndaráætlun og landgræðsluáætlun svo tvennt sé nefnt. Við þessa áætlanagerð hefur verið hugað sérstaklega að vernd víðerna, landslags og sérstæðra jarðmyndana og vistgerða á hálendinu og vernd og endurheimt votlendis og birkiskóga.

Í Hvítbókinni segir að einn meginhvatinn að endurskoðun náttúruverndarlaganna nú séu skuldbindingar Íslands samkvæmt alþjóðasamningum. Til sanns vegar má færa að þær hafa mótað þróun umhverfismála meira en margt annað á síðustu árum. Stefnumörkun stjórnvalda verður að skoða í því ljósi.

Grundvallarreglur

Eitt það mikilvægasta við endurskoðun laganna er að mati nefndarinnar innleiðing á meginreglum umhverfisréttar. Þessar reglur komu fyrst fram á Ríó-ráðstefnunni um umhverfi og þróun árið 1992 og dæmi eru um að vísað sé beint til þeirra í texta alþjóðlegra samninga. Hins vegar hafa frumvörp til laga um meginreglur umhverfisréttar verið lögð fram á Alþingi í þrígang án þess að nokkurt þeirra næði fram að ganga. Markmiðið með því að innleiða meginreglurnar er að „stuðla að sjálfbærri þróun og sjálfbærri nýtingu umhverfis, auðvelda samþættingu umhverfissjónarmiða við önnur sjónarmið og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum ákvarðana sem varða umhverfið,“ eins og segir í Hvítbókinni. Með öðrum orðum, að festa í sessi þau sjónarmið sem nú eru ríkjandi í náttúruvernd og skapa viðmið sem verður að taka tillit til þegar teknar eru ákvarðanir sem hafa áhrif á náttúru og umhverfi.

Rauði þráðurinn er að styrkja náttúruverndarsjónarmið í lögum og færa þau framar í ákvarðanatökunni. Dæmi: Ekki byrja að grafa fyrr en búið er að ganga úr skugga um hvað verður fyrir tönninni eða að skortur á vísindalegri þekkingu verði ekki notaður sem rök fyrir að ráðast í framkvæmdir, eins og varúðarreglan fjallar um svo tekið sé dæmi.

Friðlýsingar sem stjórntæki

Í Hvítbókinni er fjallað um helstu stjórntæki sem til greina kemur að beita í löggjöf um náttúruvernd. Markmiðasetning og meginreglur umhverfisréttar falla þar undir sem og gerð áætlana, eins og vikið hefur verið að.

Friðlýsing er þó sú aðferð sem helst hefur verið beitt í íslenskri náttúruvernd og vekur ný útfærsla þessa verndunarúrræðis sérstaka athygli við lestur Hvítbókarinnar. Lengi vel voru friðlýsingar frekar tilviljunarkenndar en í tveimur síðustu náttúruverndaráætlunum hefur verið reynt að innleiða þá hugmyndafræði að vernda á grunni vísindalegrar þekkingar og beita viðurkenndum aðferðum við mat á verndargildi náttúruminja. Á þetta verður lögð sérstök áhersla og í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands vill nefndin að skipulega verði unnið að því að mynda net verndarsvæða hér á landi og í hafinu umhverfis landið. Það ætti að tryggja nægjanlega vernd til þess að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni landsins og á sama hátt ætti slíkt svæðanet að tryggja skipulega vernd landslags og jarðmyndana.

Það er tillaga nefndarinnar að fjölga friðlýsingaflokkum og eins og sést á meðfylgjandi töflu endurspeglar það með skýrari hætti tilgang og markmið friðlýsinga. Sú flokkun sem stungið er upp á er í betra samræmi við flokkunarkerfi Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna (IUCN) sem einfaldar alþjóðlegan samanburð verndaðra svæða og mat á árangri.

Reyndar kristallast viðfangsefni löggjafans þegar litið er til friðlýsinga. Það hefur verið stefna stjórnvalda að friðlýsa ekki svæði í andstöðu við landeigendur og viðkomandi sveitarfélög þrátt fyrir heimildir til þess. Þannig hafa hagsmunir heildarinnar og náttúrunnar þurft að víkja ef landeigandi eða viðkomandi sveitarstjórn eru mótfallin friðlýsingu. Það hefur ekki einu sinni verið hægt að friðlýsa land í eigu ríkisins ef viðkomandi sveitarstjórn leggst gegn því. Þessu veltir nefndin upp og telur eðlilegt að ákvarðanir um friðlýsingar séu teknar út frá mikilvægi þess sem friðlýsa á og heildarhagsmunum. Eins og segir í Hvítbókinni þá er náttúruvernd sameiginlegt verkefni þjóðarinnar allrar og þess vegna verði að vera mögulegt að friðlýsa mikilvæg svæði þótt samþykki einstakra landeigenda fáist ekki.

Brotakennd lög

Framsetning málsins í Hvítbókinni gefur fyrirheit um að ný lög bæti úr augljósum galla íslenskra laga um málefni umhverfisins sem er hversu brotakennd þau eru. Hér er boðuð sú hugmyndafræði að fella saman ýmsa lagabálka en borgarar þessa lands hafa ekki texta á einum stað þar sem gerð er grein fyrir réttindum þeirra og skyldum varðandi vernd náttúrunnar.

Þetta varðar almannarétt, eitt meginatriði bókarinnar, en hugmyndin er að kveða mun skýrar á um það atriði í nýjum lögum. Gera má ráð fyrir að réttur almennings muni aukast með nýrri löggjöf og ákvarðanir verði teknar út frá forsendum náttúrunnar en ekki einkahagsmunum.

Heiti friðlýsingarflokks	Hlutfallsleg stærð svæða	Tilgangur og markmið friðlýsingar
Náttúruvé	Oft minni svæði eða hluti stærri svæða	Friðlýsing með strangri verndun, miklum takmörkunum á umferð og nýtingu, í þeim tilgangi að varðveita líffræðilega fjölbreytni og mögulega einnig jarðminjar/ jarðmyndanir. Svæðin geta haft ómetanlegt gildi sem viðmiðunarsvæði fyrir vísindarannsóknir og vöktun.
Víðerni	Stór lítt snortin svæði	Friðlýsing miðar fyrst og fremst að því að varðveita víðáttumikil svæði, lítt snortin af áhrifum, inngripum og framkvæmdum mannsins.
Þjóðgarðar	Venjulega stærri svæði	Friðlýsing til að vernda heildstætt landslag, jarðmyndanir og vistkerfi svo og menningarleg og söguleg gildi viðkomandi svæðis m.a. til að stuðla að því að almenningur eigi aðgang að fjölbreyttum náttúrulegum svæðum til útivistar og fræðslu.
Náttúruvætti	Oftast minni svæði	Oftast jarðfræðileg fyrirbæri sem vernduð eru vegna fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna.
Friðlönd	Misstór svæði	Friðlýst vegna mikilvægra vistkerfa, vistgerða, tegunda og búsvæða þeirra.
Landslagsverndarsvæði	Venjulega stærri svæði	Friðlýsing miðar að verndun sérstæðs og fágæts landslags, landslagsheilda og jarðmyndana.
Verndarsvæði með sjálfbærri hefðbundinni nýtingu	Venjulega stærri svæði	Friðlýsing þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi að vernda náttúruleg vistkerfi sem nýtt eru með sjálfbærum hætti.
Fólkvangur	Misstór svæði	Friðlýsing náttúrulegs svæðis til útivistar í grennd við þéttbýli.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

markhonnun.is

netto

Kræsingar & kostakjör

SÆT & SAFARÍK TILBOÐ!

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

Tilboðin gilda 13. - 16. okt.

eða meðan birgðir endast

FRÉTTASKÝRING: Framvinduskýrsla ESB um aðildarferli Íslands

Jákvæð þróun í stuttum skrefum milli ára

Önnur framvinduskýrsla framkvæmdastjórnar ESB um aðildarferli Íslands var gefin var út í gær. Timo Summa, sendiherra ESB á Íslandi, kynnti skýrsluna og sagði við það tilefni að ferlið gengi vel fyrir sig og skýrslan undirstrikaði jákvæða þróun mála.

Ekki kemur á óvart að Ísland er talið uppfylla mörg aðildarskilyrði, þá sérstaklega þau sem lúta að málum sem heyra undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og Schengen-samstarfið.

Varðandi pólitísk skilyrði aðildar segir skýrslan að Ísland uppfylli kröfur ESB, en þó er sérstaklega vikið að því að Ísland hafi styrkt regluverk sitt gegn spillingu með því að samþykkja sáttmála Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu, auk þess sem unnið hafi verið gegn ýmis konar hagsmunaárekstrum í stjórnsýslunni. Þá hafi margir dómarar verið skipaðir eftir endurbættum reglum þar um, en um það fjallaði ein af helstu athugasemdunum í framvinduskýrslunni í fyrra.

Varðandi efnahagsskilyrði segir í skýrslunni að Ísland eigi að geta staðið sig innan regluverks ESB, að því gefnu að framhald verði á umbótum til styrktar efnahagslífinu. Þegar hafi margt unnist til að ná efnahagslegum stöðugleika sem sé undirstaða hagvaxtar en þó sé skuldastaða fyrirtækja og heimila og atvinnuleysi áhyggjuefni, sem og gjaldeyrishöftin, sem gangi í berhögg við lög ESB.

Loks eru talin upp erfiðustu álitamálin í áframhaldandi samningaviðræðum og kemur varla á óvart að þar eru tiltekin sjávarútvegur, landbúnaður, hvalveiðar og tollar.

Næsta samningalota milli Íslands og ESB hefst í Brussel í næstu viku, þar sem tveir samningakaflar verða opnaðir, en næsta lota eftir það hefst 19. desember. **thorgils@frettabladid.is**

Jákvæð þróun í stuttum skrefum

Timo Summa, sendiherra ESB á Íslandi, segir margt hafa unnist í aðildarferlinu á milli ára og erfitt sé að nefna eitthvert eitt atriði öðrum fremur.

„Það má frekar tala um mörg stutt skref í rétta átt," sagði Summa aðspurður. „Það var ekkert meiriháttar, enda bjuggumst við ekki við því þar sem Ísland uppfyllir þegar stóran hluta af skilyrðunum með aðild sinni að Evrópska efnahagssvæðinu.

Inntur eftir því hvort andstaða við ESB-aðild, sem mælist í skoðanakönnunum hérlendis, hefði áhrif á viðhorf innan ESB til viðræðna við Ísland sagði Summa að svo væri ekki.

„Við höfum séð mörg slík tilfelli áður, til dæmis í Svíþjóð í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslunnar þar. Það jákvæða er þó að sex af hverjum tíu Íslendingum segjast vilja fræðast frekar um ESB og tveir þriðju vilja ljúka samningaferlinu og fá að taka upplýsta ákvörðun á þeirri forsendu. Þá erum við viss um ágæti þeirrar ákvörðunar Alþingis að auka upplýsingagjöf til almennings, til dæmis með því að opna upplýsingavef um málið og styrkja bæði andstæðinga og fylgismenn aðildar til að koma sínum rökum á framfæri. Svo er ESB líka að hefja upplýsingagjöf þar sem við munum meðal annars skipuleggja fundaferð um landið þar sem við munum svara því sem fólk vill vita um Evrópusambandið. Þar eru þarfirnar að mörgu leyti allt aðrar en hér á höfuðborgarsvæðinu."

Hann segir að umræðan hefði getað verið virkari hingað til, en hún sé að komast af stað fyrir alvöru núna. ESB muni hins vegar ekki taka þátt í umræðunum sjálfum.

„Það sem við getum gert er að útvega upplýsingar, en ríkisstjórnin, stjórnmálaflokkarnir, félagasamtök og almenningur þurfa svo að taka við og ræða málið áfram."

SENDIHERRANN Timo Summa kynnir framvinduskýrslu framkvæmdastjórnar ESB um Ísland. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hefja viðræður við Serbíu, en með skilyrðum þó

Evrópusambandið færði Serbíu í gær upp um flokk í aðildarferlinu. Stefan Füle, stækkunarstjóri ESB, lýsti því þá yfir að framkvæmdastjórnin mæltist til þess að samningaviðræður yrðu hafnar, en þó ekki fyrr en samskiptum við Kosovo yrði breytt til betri vegar.

Serbía hefur um árabil fikrast nær ESB, meðal annars með því að taka virkari þátt í að handsama meinta stríðsglæpamenn sem leynst hafa innan landamæranna. Boris Tadic, forseti landsins, fagnaði yfirlýsingu ESB þó að ekki væru tilteknar neinar tímasetningar um upphaf viðræðna. Tadic sagði hana til marks um umbæturnar sem Serbar hefðu lagt í á síðustu árum.

Kosovo er nú undir alþjóðlegri stjórn, eftir að héraðið sagði sig úr lögum við Serbíu árið 2008. Serbar vilja ekki viðurkenna sjálfstæði Kosovo, og þó að ESB hafi ekki krafist þess af Serbum er engu að síður skýlaus krafa sambandsins að samskipti þar á milli verði góð.

MÓTMÆLI „Við viljum ekki ganga í ESB" stendur á þessu spjaldi sem einn mótmælenda hélt á á mótmælafundi í Belgrad í gær.

maritech
- tryggir þér samkeppnisforskot

Sveitarstjóri í áskrift

Ný og sveigjanleg lausn

Sveitarstjóri í áskrift er hagkvæm og þægileg nýjung sem gefur kost á sveitarfélagalausnum í mánaðarlegri áskrift.

Greitt er mánaðarlegt gjald fyrir hugbúnað, uppfærslu- og þjónustugjöld. Innifalið er vistun á gögnum, afritun, öryggisvarnir og SQL gagnagrunnur.

Síminn sér um vistun og afritun á gögnum í fullkomnu tækniumhverfi.

Maritech býður Microsoft Dynamics NAV sveitarfélagalausnir til sveitarfélaga af öllum stærðum.

Maritech tryggir þér samkeppnisforskot.

Það sem fylgir:

- Sveitarstjóri
  - » Fjárhagur
  - » Áætlanir
  - » Viðskiptamenn
  - » Lánardrottnar
- Uppáskriftarkerfi
- Uppgjörskerfi
- Innheimtukerfi
- Bankasamskipti
- Skuldabréfakerfi
- Eignakerfi
- Fasteignastjóri
- Rafræn stjórnsýsla
- Stjórnendasýn

maritech | Borgartún 26 » 105 Reykjavík | Hafnarstræti 102 » 600 Akureyri | Sími: 545 3200 » Fax: 545 3201 | sala@maritech.is » www.maritech.is

Microsoft Dynamics NAV | Microsoft Partner Gold Enterprise Resource Planning Silver Independent Software Vendor (ISV)

SHISEIDO

Magnaðir litir.

Mjúkir og auðveldir í notkun.
Æðislegir allan daginn.

Shimmering Cream Eye Color 12 litir
NÝTT

SHISEIDO DAGAR Í HAGKAUP 13.-18. OKTÓBER

í Hagkaup Kringlunni, Smáralind, Skeifunni, Garðabæ, Holtagörðum og Njarðvík

NÝTT frá Shiseido:
Farðabursti sem gerir alla farða flotta.
Benefiance NutriPerfect rakavatn sem eykur virkni krema.
Gjafatilboð í Body Creator grenningargelinu góða.

Glæsilegur kaupauki fylgir ef keyptar eru Shiseido vörur fyrir 4.900 eða meira.*
Tvær make-up töskur sem innihalda varalit, kinnalit og 24st krem 7ml.

* Gildir á meðan birgðir endast

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

© Inter IKEA Systems B.V. 2011

Jólin þín byrja í IKEA

1.490,-/stk.
STRÅLA stjörnur
Ø70cm. Ýmsir litir

Hangikjöt
með kartöflum, rauðkáli, grænum baunum og uppstúf
895,-

Sama verð í 3 ár!



BÄRBAR bakki 995,-
B33×L33cm. Hvítt/grátt

ÖDMJUK könnur 595,-/stk.
40cl. Hvítt/grátt

YRSNÖ blómapottar 1.190,-/stk.
B13×L35cm. Sporöskjulagað Hvítt eða rautt

Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30

2.490,-/stk.
STRÅLA stjörnur
Ø100cm. Ýmsir litir

795,-
YRSNÖ kertastjaki fyrir 4 kerti
B30, H13cm. Hvítt

YRSNÖ kertastjakar 295,-/stk.
H8cm. Glært gler

JUBLA kerti 795,-/20 stk.
H23cm. Hvítt

YRSNÖ jóladagatal 1.990,-
H45cm. Marglitað
Með 24 litlum skúffum sem þú getur fyllt með smágjöfum

IKEA®

www.IKEA.is

61,77% **ER SÚ HÆKKUN** sem orðið hefur á verði ferskra ýsuflaka á síðustu fimm árum.

GÓÐ HÚSRÁÐ pissað undir

Kartöflumjöl á blettinn

Ef barnið vætir rúmið er gott að strá kartöflumjöli yfir blettinn meðan hann er blautur og láta þorna alveg. Ryksugið svo upp kartöflumjölið sem drekkur í sig þvagið og dýnan verður blettalaus.

■ Reglugerð ESB

Börn undir átta ára blási ekki í blöðrur án eftirlits

Börn undir átta ára aldri ættu ekki að blása í blöðrur án eftirlits. Í reglugerð Evrópusambandsins, ESB, frá 1988 segir að á umbúðum utan um gúmmíblöðrur eigi að vera viðvörun til foreldra um að þeir láti ekki börn undir átta ára aldri leika sér ein með blöðrur.

Bent er á að börn geti kafnað reyni þau að blása í blöðru þar sem hætta sé á að þau sjúgi blöðruna að sér. Hún geti þá fest í hálsinum og þau kafnað.

Jafnframt segir í reglugerðinni að leikföng sem ætluð eru börnum undir þriggja ára aldri eigi að vera það stór að ekki sé hætta á að börn gleypi þau.

■ Sælgæti

Hvað inniheldur sælgætið á nammibarnum?

Það er ekki bara sykur í sælgætinu á nammibarnum. Í vingúmmíböngsunum er kopar sem gefur grænan lit. Í frauðsveppunum er seyði úr lús sem gefur þeim rauðan lit, sams konar seyði og notað er í varaliti. Þetta má lesa á vefsíðu dansks neytendablaðs sem einnig greinir frá því að ilmefnin E-100 og E-120 séu í vingúmmíi.

Í gúmmíinu, og ýmsu öðru sælgæti á nammibarnum, er jafnframt gelatín sem framleitt er úr sinum, beinum og húð af svínum og nautgripum.

Að utan eru flestar sælgætistegundirnar meðhöndlaðar með býflugnavaxi og vaxi úr brasilískri pálmategund til þess að þær verði glansandi og mygli ekki.

■ Frammistaða framleiðenda

Ódýrustu gallabuxurnar fengu hæsta einkunn

Ódýrustu gallabuxurnar fá bestu einkunnina þegar kemur að siðferðislegri frammistöðu framleiðenda. Ekki er því hægt að ganga út frá því að betur sé staðið að framleiðslunni þótt verðið sé hátt. Þetta sýnir ný könnun neytendasamtaka Evrópu sem greint er frá á vef Neytendasamtakanna. Haft var samband við 15 þekkta gallabuxnaframleiðendur sem selja vörur sínar í Evrópu og þeim sendir spurningalistar. Þá var farið í heimsókn í verksmiðjurnar til að kanna raunverulegar aðstæður. Einungis sex af 15 vildu taka þátt.

Við einkunnagjöfina var tekið mið af aðstæðum í verksmiðju, umhverfisstefnu, stefnu varðandi samfélagslega ábyrgð, gegnsæi og upplýsingum til neytenda.

Á meðal þeirra sem fá falleinkunn eru Diesel, Lee Jeans og Wrangler. Hæstu einkunn fengu gallabuxur frá H&M, Zöru og Jack & Jones.

Þingræði á Íslandi í 100 ár

Uppruni, eðli og inntak þingræðis
- framkvæmd þingræðis á Íslandi.

Opið málþing á vegum Alþingis og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála í tilefni af útgáfu bókarinnar „Þingræði á Íslandi. Samtíð og saga.“ föstudaginn 14.október 2011 kl. 13.15-15.00. Háskólatorg stofa 105.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
ALÞINGI

Í PRAG Leigubílstjórar í Prag eru meðal þeirra sem komu illa út úr evrópskri neytendakönnun.

Leigubílstjórar stórborga svindla á ferðamönnum

Miklar líkur eru á að svindlað sé á ferðamönnum sem taka leigubíl í evrópskum stórborgum. Þetta sýna niðurstöður sameiginlegrar könnunar félaga bifreiðaeigenda í Evrópu, Eurotest. Farnar voru 220 ferðir í 22 evrópskum stórborgum. Í 82 ferðanna fóru leigubílstjórarnir krókaleiðir á kostnað farþeganna, einkum að næturlagi.

Leigubílstjórar í evrópskum stórborgum eru ekki alltaf þjónustuliprir við ferðamenn. Bílstjórarnir svindla auk þess á þeim, að því er könnun félaga bifreiðaeigenda í Evrópu leiddi í ljós. Í sumum borganna 22 sem könnunin var gerð neituðu bílstjórarnir að taka farþega með þegar ákvörðunarstaðurinn var í göngufjarlægð. Það kom einnig fyrir að leigubílstjórarnir stöðvuðu bílinn í 500 m fjarlægð frá þeim stað sem þeir voru beðnir um að aka til. Í helmingi borganna töluðu leigubílstjórarnir ekki ensku, að því er kemur fram á vef danskra samtaka bifreiðaeigenda, FDM.

Í Genf þurfti farþegi að greiða nær 250 krónur aukalega fyrir að taka með fartölvu í leigubílinn. Stutt leigubílaferð í Hamborg varð 213 prósentum dýrari en hún átti að vera.

Leigubílstjórar fengu hvergi toppeinkunn en best var þjónustan í Barcelona, München, Köln, Mílanó, Berlín, París og Lissabon. Verst var þjónustan í Madríd, Prag, Vín, Amsterdam, Lúxemborg, Róm og Ljúbljana. Í 82 ferðanna af þeim 220 sem farnar voru fóru bílstjórarnir krókaleiðir, einkum að næturlagi.

Í öllum borgunum voru eknar fimm leiðir. Ekið var frá flugvelli að aðallestarstöð, frá aðallestarstöð að ráðstefnuhöll, frá ráðstefnuhöll að hóteli (stutt leið), frá miðbæ að áhugaverðum stað fyrir ferðamenn (stutt leið) og frá hóteli að veitingastað. Allar leiðirnar voru eknar frá 6 til 9 að morgni og frá 22 að kvöldi til 5 að morgni. Sá sem tók leigubílinn gaf sig út fyrir að vera kaupsýslumaður.

Markaðsstjórinn hjá FDM travel, Line Danvad, segir það vera augljóst að þægilegast sé að taka leigubíl. „Við mælum hins vegar með því að ferðamenn taki rútu, skutlu eða lest þegar þeir þurfa að komast frá flugvelli að hóteli.“

Hún mælir einnig með að ferðamenn notfæri sér almenningssamgöngur á leið sinni um stórborgir.

Ætli menn hins vegar að taka leigubíl sé skynsamlegt að spyrja um verðið fyrirfram. Jafnframt að kynna sér leiðina frá flugvelli að hóteli áður en farið er að heiman. Með staðsetningartæki í farsímanum sé hægt að fylgjast með leiðinni en þá þurfi að hafa í huga gjald fyrir nettenginguna.

Skoða ætti hvort leigubílstjórinn er með sýnilegt persónuskilríki. Það ætti að vera til marks um að leigubíllinn sé skráður.

Markaðsstjórinn bendir einnig á að ferðamenn ættu að ganga úr skugga um það fyrirfram hvort þeir geti haft samskipti við leigubílstjórann þar sem það dragi úr hættu á misskilningi og svindli.

ibs@frettabladid.is

Eftirlitsskýrslur Umhverfisstofnunar birtar á netinu:

Skoða má eftirlit með mengun

Allar eftirlitsskýrslur Umhverfisstofnunar verða framvegis birtar á vef stofnunarinnar, www.ust.is.

Þannig getur hver sem er fylgst með stöðu mála hvað varðar mengandi starfsemi, hvar sem er á landinu, hvenær sem er, að því er segir á vefnum.

Þar segir að á forsíðu vefsins sé hægt að skoða landakort með öllum fyrirtækjum sem Umhverfisstofnun hefur eftirlit með og komast beint inn á hvert fyrirtæki fyrir sig. Þar sé hægt að skoða starfsleyfið, eftirlitsskýrslur og upplýsingar um beitingu þvingunarúrræða hafi þess verið þörf.

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með álverum, efnaiðnaði, fiskeldi og kræklingarækt, fiskimjölsverksmiðjum, olíubirgðastöðvum, úrgangi, efnamóttöku og verksmiðjum. Reglubundið eftirlit fer fram ýmist einu sinni eða tvisvar á ári, að því er greint er frá á vefnum.

SORPBRENNSLAN FUNI Díoxin frá Funa í Skutulsfirði mældist tugfalt yfir viðmiðunarmörkum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Með birtingu skýrslnanna er verið að bæta upplýsingamiðlun um umhverfismál. Umhverfisstofnun hvetur almenning til þess að kynna sér eftirlit með mengandi starfsemi og til að koma ábendingum á framfæri við stofnunina.

Ný sending af
dún Parka
úlpum fyrir
konur og karla!
Fáanlegar í rauðu, svörtu og grábláu.
Verð: 39.900 kr
ICE
WEAR
NORWEAR
FOR ALL CONDITIONS
Velkomin í verslanir okkar:
Þingholtsstræti 2, 101 Reykjavík/sími: 561 9619
Suðurhraun 12c, 210 Garðabær/sími: 555 7409
www.icewear.is

780 **VAR FJÖLDI ÞINGLÝSTRA LEIGUSAMNINGA**
fyrir íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu í september.

Þjóðhagsspá Greiningar Íslandsbanka:

Spá hægum hagvexti næstu misseri

Greining Íslandsbanka spáir 2,5 prósenta hagvexti á þessu ári og 2,2 prósenta hagvexti á því næsta. Þetta kemur fram í nýrri þjóðhagsspá sem kynnt var á Fjármálaþingi Íslandsbanka í gær.

Í spánni segir að íslenska hagkerfið hafi verið að rétta sig við eftir fjármálakreppuna. Hagvöxtur sé kominn á ný eftir samdrátt síðustu ára, fjárfesting, neysla og útflutningur fari vaxandi og störfum sé að fjölga. Þrátt fyrir það séu kerfislæg vandamál mörg í íslensku hagkerfi. Skuldsetning heimila, fyrirtækja og hins opinbera sé mikil, virkni fjármálamarkaðarins takmörkuð og traust á stofnunum lítið. Þá sé atvinnuleysi stórt vandamál og titringur á erlendum mörkuðum áhyggjuefni. Við þessar aðstæður sé líklegt að hagvöxtur verði hægur næstu misserin.

Í spánni er gert ráð fyrir að einkaneysla muni halda áfram að aukast á næsta ári en þó ögn hægar en á þessu ári. Þá er því spáð að kaupmáttur launa muni vaxa og störfum fjölga.

Því er spáð að fjárfesting á þessu ári verði 13 prósent af landsframleiðslu en fari vaxandi. Hlutfallið er borið saman við 20 prósenta meðaltal í þróuðum ríkjum. Helstu ástæður lítillar fjárfestingar eru nefndar mikil skuldsetning, gjaldeyrishöft, óvissa og tortryggni í garð erlendra fjárfesta ásamt óvissu um framtíð kvótakerfisins.

Loks er gert ráð fyrir að verðbólguskot síðustu mánaða hafi náð hámarki og að verðbólga muni hjaðna hratt á næsta ári. Greiningin spáir því svo að Seðlabankinn muni halda stýrivöxtum óbreyttum um sinn og að gjaldeyrishöft muni áfram tryggja stöðugleika krónunnar. - mþl

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir.

vísir

FJÖLVARP Discovery CHANNEL MYTHBUSTERS Alla virka daga kl. 18.00

Discovery Channel er fáanleg í FJÖLVARP ALLT FJÖLVARP FRÆÐSLA FJÖLVARP TOPPUR FJÖLVARP LANDSBYGGÐ

Æskudýrkun úthýst og gömlu gildin tóku við

Rannsókn Unu Eyþórsdóttur leiðir í ljós að miðaldra stjórnendur eiga nú aftur upp á pallborðið. Una segir að einsleitni í stjórnendahópum sé skaðleg og vænlegra sé að blanda saman fólki á mismunandi aldri og með ólíka reynslu.

Æskudýrkun í íslensku atvinnulífi á árunum fyrir hrun var mikil og einsleitni stjórnendahópa var að margra mati orðin til vansa. Eftir hrun má hins vegar segja að afturhvarf hafi orðið þar sem eldri og reyndari stjórnendur tóku á ný við stjórn fyrirtækja.

Þetta eru helstu niðurstöður nýlegrar meistararitgerðar Unu Eyþórsdóttur, vinnumarkaðssérfræðings og framkvæmdastjóra rágjafaþjónustunnar Framför, en hún segir í viðtali við Fréttablaðið að margt megi læra af feilsporum síðustu ára.

„Það sem sótti á mig var spurningin hvort fólk á vinnumarkaði væri með eins konar skilastimpil á sér þegar það næði ákveðnum aldri. En ég spurði mig: Af hverju getur unga fólkið ekki ákveðið að læra af hinum eldri og eldra fólkið af þeim yngri? Af hverju reynum við ekki að þroskast saman. Við virðumst alltaf vera að gera sömu mistökin.“

Þessar vangaveltur Unu urðu grunnurinn að rannsókn þar sem hún leitaðist meðal annars við að svara því hvort miðaldra stjórnendur, yfir 50 ára aldri, séu í betri stöðu á vinnumarkaði nú en fyrir hrun. Í þeim tilgangi gerði hún úttekt á lífaldri og starfsaldri stjórnenda 50 stærstu fyrirtækja landsins síðustu 20 ár.

„Í stuttu máli er svarið já,“ segir Una. „Núna er sóst eftir meiri reynslu og gömlu góðu gildin eru farin að skipta máli á ný.“

Una segir mikla æskudýrkun hafa ríkt í íslensku atvinnulífi á árunum fyrir hrun. Fyrirtæki fylltust af ungum, áköfum og metnaðarfullum karlmönnum sem komust fljótt í stjórnunarstöður.

„Þeir komu þarna inn ungir og testósteróndrifnir, en áttuðu sig ekki á því að þeir réðu til sín aðra unga menn sem hugsuðu alveg eins og komu úr sama reynsluheimi. Þarna vantaði víðtækari menntun og reynslu til þess að koma í veg fyrir einsleitni.“

Því til áréttingar vísar Una til rannsóknar sem gerð var árið 2006 þar sem dregin var upp mynd af hinum dæmigerða íslenska stjórnanda sem sýndi mikla einsleitni hvað varðaði bakgrunn, skoðanir, hugmyndafræði og framtíðaráætlanir.

REYNSLAN AFTUR ORÐIN KOSTUR Samkvæmt rannsókn Unu Eyþórsdóttur hefur meðalaldur stjórnenda í íslensku atvinnulífi hækkað eftir hrun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Stjórnendur voru alltof einsleitir, en við höfum í raun aldrei gert nóg af því að blanda saman ólíkum hópum.
>
> **UNA EYÞÓRSDÓTTIR,** VINNUMARKAÐSSÉRFRÆÐINGUR

„Stjórnendur voru alltof einsleitir, en við höfum í raun aldrei gert nóg af því að blanda saman ólíkum hópum, það sýnir bara vel hvað við lifum að mörgu leyti í þröngum ramma.“

Niðurstöður Unu eru þær að meðalaldur stjórnenda hefur hækkað í kjölfar hrunsins þar sem eldra og reyndara fólk hefur tekið við stjórnartaumum í auknum mæli, meðal annars í bönkunum.

„Ef það er einhver einn lærdómur sem má draga af þessu,“ segir Una, „er það sá, að við verðum að vera óhrædd við að blanda saman fólki á ólíkum aldri með ólíka reynslu í hópa til þess að koma í veg fyrir þá einstefnu og einsleitni sem um hríð var allsráðandi hjá okkur.“

thorgils@frettabladid.is

MP banki birtir fyrsta árshlutauppgjörið eftir eigendaskipti og hlutabréfaaukningu:

Segja afkomu batna jafnt og þétt

Afkoma MP banka hefur batnað stórum frá því að nýir eigendur tóku við í aprílmánuði síðastliðnum og er stefnt að því að afkoman muni enn batna jafnt og þétt og verði jákvæð á síðasta ársfjórðungi.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá bankanum í tilefni af birtingu árshlutauppgjörs fyrir fyrri helming ársins, en þar segir jafnframt að nú þegar á þriðja fjórðungi hafi afkoma verið umfram áætlanir og jákvæð í septembermánuði.

Í uppgjörinu kemur fram að bankinn tapaði 560 milljónum króna, sem skýrist helst af því að hefðbundin starfsemi bankans, til að mynda lánastarfsemi, lá niðri að mestu á meðan undirbúningur að hlutafjáraukningu stóð yfir.

Sigurður Atli Jónsson, forstjóri bankans, segir í tilkynningunni að bæði innri og ytri aðstæður séu vissulega krefjandi.

BATNANDI AFKOMA Sigurður Atli Jónsson, bankastjóri MP banka, segir útlitið gott þrátt fyrir að aðstæður séu ekki eins og best verður á kosið.

„Hins vegar er ánægjulegt að sjá að við erum að koma MP banka hratt út úr byrjunarstöðunni. Við erum að stofna til fjölda nýrra viðskiptasambanda við fyrirtæki og einstaklinga, útlánasafn okkar er að stækka samkvæmt áætlunum og við erum í leiðandi stöðu á verðbréfamarkaði,“ segir Sigurður Atli. - þj

www.husa.is

Allt fínt fyrir jólin

Taktu til fyrir jólin!

5.995,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Vörutrilla
Danboren
Burðarþol 150 kg.
5080141/5080150

11.995,-

VIÐ MÆLUM MEÐ

Rafhlöðuborvél
B&D EPC12CAB
12V, tvær rafhlöður.
5245999

BLACK&DECKER

Hillurekkar í úrvali
verð frá
5.495,-

7.995,-

VIÐ MÆLUM MEÐ

Hillurekki Raxa
Fimm hillur, 180x90x45 cm.
Burðarþol 175 kg.
5803665

2.995,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Búkki
Stillanlegur, ber 200 kg.
hæð 81-130 cm.
5079913

Allt fyrir hillurnar
20% afsláttur*
RÖRBERAR, UPPISTÖÐUR OG FLEIRA

3.995,-

VIÐ MÆLUM MEÐ

Heimilistrappa
Tvö þrep.
5078690

Öll innimálning
25% afsláttur*
um land allt í október

JOTUN LADY PURE COLOR

9.995,-

VIÐ MÆLUM MEÐ

BLACK&DECKER

Stingsög
B&D KS600E
450W, stiglaus hraði.
5245415

Einungis 3% lántökugjald af upphæðinni og 325 kr. greiðslugjald

KAUPLÁN 0% VAXTALAUST LÁN
Nánar á husa.is

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Afsláttur gildir ekki af vörum merktum " Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar". enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana

HÚSASMIÐJAN

skoðun

greinar@frettabladid.is

Hreppapólitík á ekki að stjórna hagræðingaraðgerðum hjá Landspítalanum.

Peningana vantar

Stjórnendur Landspítalans taka þessa dagana óvinsælar og erfiðar ákvarðanir um sparnað í rekstri spítalans. Tilkynnt hefur verið að St. Jósefsspítala í Hafnarfirði verði lokað um áramótin og sjúklingunum dreift á aðrar deildir spítalans. Þá hefur verið ákveðið að loka réttargeðdeildinni á Sogni í Ölfusi og flytja starfsemina að Kleppi í Reykjavík.

Þessar ákvarðanir verður að skoða í ljósi þeirrar kröfu, sem áfram er gerð til Landspítalans í fjárlagafrumvarpinu að kostnaður við reksturinn lækki. Stjórnendur spítalans hafa áður sagt að til þess gæti komið að loka yrði óhagkvæmustu einingunum.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Sömuleiðis er gott að hafa í huga þá staðreynd að þrátt fyrir margvíslegar skattahækkanir duga tekjur ríkisins enn ekki fyrir útgjöldunum. Það er engin önnur leið en að halda áfram að skera ríkisútgjöldin niður. Það er sömuleiðis óraunhæft að halda að það sé hægt án þess að meira verði sparað í kostnaði Landspítalans, svo stór hluti er hann af útgjöldum ríkisins.

Viðbrögðin láta þó ekki á sér standa. Samtök sunnlenzkra sveitarfélaga mótmæla lokuninni á Sogni harðlega, annars vegar með vísan til þess að sparnaður af aðgerðinni sé óviss og hins vegar á þeim forsendum að störf glatist á Suðurlandi. Í gær hófu þingmenn Suðurkjördæmis (sem í hinu orðinu vilja náttúrlega allir stefna að jafnvægi í ríkisfjármálum) upp sama kjördæmissönginn í þingsal.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar mótmælir líka; að þessu sinni ekki með þeim rökum að störf hverfi úr Hafnarfirði (sem hún hefur þó gert áður þegar málefni St. Jósefsspítala hafa verið til umræðu) heldur að spítalinn sé hluti af nærþjónustu í Hafnarfirði og samkomulag hafi verið um að starfsemi verði haldið áfram í bænum.

Það eru gild rök gegn flutningi ef það er raunin að ekkert sparist við hann. Þó verða menn að gera ráð fyrir að stjórnendur Landspítalans hafi eitthvað fyrir sér í því að hagkvæmara og öruggara verði að reka réttargeðdeildina á Kleppi.

Það er líka slæmt ef spítalanum í Hafnarfirði er lokað í trássi við fyrra samkomulag. En það samkomulag hefur hugsanlega verið gert í von um að ekki þyrfti að skera meira niður hjá Landspítalanum – og hefur þá verið óraunsætt. Ef peningarnir eru ekki til, eru þeir ekki til. Það verður að nýta það fé sem Landspítalinn hefur úr að spila sem bezt og þá er ekki frágangssök að sjúklingar úr Hafnarfirði þurfi að liggja á spítala í Reykjavík.

Sveitarfélögin á Suðurlandi segja að lokun á Sogni gangi þvert á byggðastefnu stjórnvalda. Fjölgun ríkistarfsmanna á Suðurlandi um meira en helming áratuginn fyrir hrun var hluti þeirrar ábyrgðarlausu útþenslu ríkisrekstrarins sem við súpum enn seyðið af. Það er ekkert annað hægt en að vinda ofan af þeim ákvörðunum – þótt það sé að sjálfsögðu sársaukafullt.

Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði og í sveitarfélögum á Suðurlandi líta sjálfsagt ekki á það sem hlutverk sitt að koma með aðrar tillögur að sparnaði hjá Landspítalanum. En auðvitað er það þannig að verði deildum í Hafnarfirði og í Ölfusi ekki lokað þarf að loka og segja upp fólki einhvers staðar annars staðar. Af því að peningana vantar.

Hreppapólitík á ekki að ráða í hagræðingaraðgerðum Landspítalans, hvorki á höfuðborgarsvæðinu né á landsbyggðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

GIGTARFÉLAG ÍSLANDS
www.gigt.is

Gigtarfólk, gigtargangan er í dag

13. október kl. 17.30

Verum sýnileg, göngum saman upp á Skólavörðuholt undir kjörorðinu „Hreyfing til heilsu"

17.00 - Safnast verður saman á Lækjartorgi
17.20 - Upphitun fyrir gönguna
17.30 - Gengið upp Bankastræti og Skólavörðustíg*
18.05 - Göngufólki er boðið að hlusta á stutt orgelverk í Hallgrímskirkju, Haukur Guðlaugsson spilar.

* Hægt er að koma inn í gönguna við Bergstaðastræti.

Tökum fjölskylduna með.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Bókagjöfin

Einhverjum hefur þótt kapítalisminn liggja undir óþarfa ámæli eftir efnahagshrunið og sumir hafa fundið sig knúna til að stíga fram honum til varnar. Þessa dagana er verið að dreifa 700 eintökum af bókinni Peningar, græðgi og guð. Hvers vegna kapítalisminn er lausnin en ekki vandamálið. Það eru stjórnmálamenn, blaðamenn, prestar, álitsgjafar og fleiri sem verða þess heiðurs aðnjótandi að fá bókina til eignar. Skafti Harðarson ritar línu með gjöfinni, þar sem hann segir bókina hafna auknum ríkisafskiptum sem lausn vandamálanna. Bókin vitnar í Biblíuna og ýmsa trúarleiðtoga og þykir Skafta hún taka öðrum klassískum ritum um ágæti kapítalismans fram, einmitt vegna siðferðisboðskaparins. Hugmyndastríðið er hafið.

Hreppapólitíkin

Landspítalinn þarf að skera niður, líkt og aðrar ríkisstofnanir, og fagfólk þar metur það svo að rétt sé að færa réttargeðdeild frá Sogni í Ölfusi og að Kleppi. Þingmenn Suðurkjördæmis eru þessu ósammála. Þeir leggja reyndar ekki faglegt geðheilbrigðismat skoðun sinni til grundvallar, heldur því að kjósendur þeirra muni mögulega missa vinnuna. Um reiðarslag fyrir íbúana sé að ræða. Einhverjir hefðu metið þetta út frá hagsmunum sjúklinganna.

Fær Tryggvi Þór vinnu?

Tryggvi Þór Herbertsson vandaði um við fjármálaráðherra á fundi efnahags- og viðskiptanefndar í gær. Þráinn Bertelsson, einn nefndarmanna, spurði Steingrím við það tækifæri hvort það gæti létt honum glímuna við efnahagshrunið að ráða Tryggva Þór sem efnahagsráðunaut ríkisstjórnarinnar. Steingrímur taldi það óþarfa, enda væri Tryggvi svo velviljaður að hann gæfi ókeypis góð ráð í sífellu. kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR

Á að kasta Perlu fyrir svín?

Ferða-þjónusta

Friðrik Haraldsson
leiðsögumaður

Nýlega hrökk ég upp við vondan draum um að selja ætti Perluna í Reykjavík. Þangað hef ég um árabil farið sem leiðsögumaður með erlenda ferðamenn til að þeir geti á einum stað kynnst borginni, fengið sér í gogginn, keypt minjagripi, séð Sögusýningu og heillast af fögru útsýni ásamt því að fá upplýsingar um allt sem fyrir augu ber á fimm tungumálum. Mér skilst að 600.000 gestir komi í Perluna á ári. Mætti ætla að það væri nokkurs virði.

Perlan er kennileiti í Reykjavík, fögur bygging í sjálfu sér, völundarsmíð sem nú verður niðurskurði nýrra herra að bráð sem hafa sett á hana verðmiða, rúma tvo milljarða króna. Hvað ætli Sigurboginn myndi kosta? Eða dettur einhverjum í hug að Parísarbúar leggist svo lágt að selja hann?

Þyki tilfinningasemi ótæk rök skulum við athuga fjármálahliðina. Perlan er nauðsynlegur þáttur í ört vaxandi og gjaldeyrisskapandi ferðaþjónustu og framlag borgarinnar til móttöku á erlendum ferðamönnum. Hvaða ábatasömu starfsemi aðra sjá menn fyrir sér í Perlunni? Varla neina sem stenst lög að óbreyttu. Nema það sé satt sem maður heyrir að húsinu verði breytt í geymslu til að spara fasteignagjöld? Þá væri perlum kastað fyrir svín.

> Ég er kannski mest undrandi á því að ferðaþjónustan andmæli ekki þeim hugmyndum hástöfum að selja Perluna hæstbjóðanda.

Sömu aðilar hafa leigt og annast reksturinn með miklum sóma frá því að Perlan var tekin í notkun 1991. Á sama tímabili hafa verið níu borgarstjórar í Reykjavík. Veitingamennirnir segja mér að látið sé eins og salan á húsinu komi þeim ekki við. Þó eiga þeir tvö ár eftir af leigutíma sínum og hafa borgað leiguna skilvíslega í 20 ár. Mætti ætla að slíkt viðskiptasamband væri einhvers virði.

Ég er kannski mest undrandi á því að ferðaþjónustan andmæli ekki þeim hugmyndum hástöfum að selja Perluna hæstbjóðanda. Sjálfur má ég ekki til þess hugsa að eitthvert bílaumboð eða banki kaupi hana undir starfsemi sína því að ég óttast að aðgangi almennings að henni verði lokað.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Bankar og fólk

Í DAG

Þorvaldur Gylfason
prófessor

Bankar eru til margra hluta nytsamlegir, mikil ósköp, en þeir geta jafnframt verið hættulegir. Það stafar af því, að stórir bankar geta umfram flest önnur fyrirtæki valdið saklausu fólki skakkaföllum, ef þeim hlekkist á. Bankakreppa getur jafnvel valdið efnahagshruni eins og dæmin sanna. Þess vegna ríður á, að eignarhaldi banka sé vel skipað og þeim stjórni hæft og heiðarlegt fólk. Í mörgum löndum og einnig á Íslandi gera lögin sérstakar hæfiskröfur til eigenda banka og annarra fjármálafyrirtækja.

Meirimáttarkennd

Engum stafar hætta af Tösku- og hanzkabúðinni á Skólavörðustígnum í Reykjavík, en hún fagnaði fimmtugsafmæli sínu á dögunum. Slík fyrirtæki gera öðrum gott og eru yfirleitt alveg hættulaus. Ef smáfyrirtæki hlekkist á eða meðalstóru, tekur það yfirleitt fáa aðra með sér í fallinu, það skilur í versta falli einhverja birgja eftir með ógreidda reikninga. Aldrei kæmi til álita, að ríkið kæmi slíku fyrirtæki til hjálpar eða þjóðnýtti það, ekki fyrir opnum tjöldum.

Stórbankar og risafyrirtæki eru annað mál. General Motors, framleiðandi Chevrolet-bíla, er hryggjarstykkið í bandarísku efnahagslífi, var löngum sagt. Af þessu hugarfari spratt meinleg meirimáttarkennd, sem varð til þess, að GM dróst smám saman aftur úr í samkeppni við erlenda bílaframleiðendur og komst á endanum í þvílíkar kröggur, að alríkisstjórnin í Washington greip til þess ráðs að þjóðnýta sjálft hryggjarstykkið. Kínverjar kímdu.

Að vaxa til að vaxa

Skömmu fyrir hrun spurðist ég fyrir um það í bönkunum þrem hér heima, hvaða hugsun byggi að baki örum vexti þeirra. Ég fékk þau svör, að engin sérstök hugsun byggi að baki vextinum. Bankarnir uxu til að vaxa. Misserum saman hafði verið ljóst, að gjaldeyrisforði Seðlabankans dugði hvergi nærri til að verja bankana falli, yrðu þeir uppiskroppa með skammtímalánsfé

> Lög og reglur samfélagsins þurfa að tryggja, að ekkert fyrirtæki geti í krafti stærðar sinnar komizt í aðstöðu til að leggja fjárhag fjölda fólks í rúst. Þetta brást í Bandaríkjunum, víða í Evrópu og einnig hér heima með alkunnum afleiðingum.

General Motors var talið vera of stórt til að falla: það hefði tekið of marga saklausa vegfarendur með sér í fallinu. Þjóðnýting GM var söguleg áminning til Bandaríkjamanna og heimsbyggðarinnar um nauðsyn þess að búa vel um hnútana í blönduðum markaðsbúskap. Almannavaldið þarf jöfnum höndum að hlúa að einkaframtaki og veita því aðhald til að tryggja heilbrigða samkeppni. Lög og reglur samfélagsins þurfa að tryggja, að ekkert fyrirtæki geti í krafti stærðar sinnar komizt í aðstöðu til að leggja fjárhag fjölda fólks í rúst. Þetta brást í Bandaríkjunum, víða í Evrópu og einnig hér heima með alkunnum afleiðingum.

frá útlöndum. Lausafjárþurrð blasti því við hvað sem öðru leið, en hvorki Seðlabankinn né ríkisstjórnin höfðu neinn viðbúnað svo sem Rannsóknarnefnd Alþingis lýsir í skýrslu sinni. Seðlabankinn hefði til dæmis átt að hækka bindiskyldu bankanna eins og ég margbenti á hér í Fréttablaðinu, en Seðlabankinn ákvað heldur að verða við óskum bankanna um lægri bindiskyldu. Rannsóknarnefndin taldi vanrækslu stjórnvalda svo alvarlegs eðlis, að kanna þyrfti, hvort þrír ráðherrar, þrír seðlabankastjórar og forstöðumaður Fjármálaeftirlitsins hefðu gerzt brotlegir við lög með því að vanrækja skyldur sínar.

Hraðahindranir

Stemma þarf í lögum stigu fyrir of örum vexti banka líkt og sjálfsagt þykir að lögfesta hámarkshraða á vegum. Hugsunin er hin sama í báðum dæmum: að vernda saklausa vegfarendur.

Hraðahindranir í bankalöggjöf geta verið með ýmsu móti. Hægt er að halda vexti banka í skefjum með skattlagningu, bæði breytilegri skattheimtu af tekjum og sérstakri skattheimtu af fjármálagerningum svo sem nú er fyrirhugað í Evrópu. Því þarf trausta eldveggi milli stjórnmála og bankamála. Vanti slíka veggi, er hætt við, að skattlagningu banka sé ábótavant, því að menn skattleggja helzt ekki vini sína.

Einnig er hægt að leggja kvaðir á banka um að leggja umframfé á bundna reikninga í seðlabönkum, til að halda aftur af útlánavexti, mæta afskriftum og öðrum áföllum og vernda bankana fyrir sjálfum sér. Loks er hægt að reisa eldveggi milli venjulegrar bankastarfsemi og fjárfestingarstarfsemi, svo sem ríkisstjórn Roosevelts leiddi í lög í Bandaríkjunum í kreppunni miklu 1933. Þessir eldveggir voru rifnir niður eftir 1990. Margir telja, að til þess niðurrifs megi rekja fall Lehman Brothers 2008 og mikla erfiðleika margra annarra banka vestan hafs og austan eftir það. Aðrir benda á, að í Kanada hafi aldrei verið talin vera þörf fyrir slíka eldveggi.

Kanadískum bönkum hefur aldrei hlekkzt á, að heitið geti, hvorki í kreppunni 1929-39 né í hremmingum síðustu ára. Skýringin virðist vera öflugt fjármálaeftirlit.

AF NETINU

Eru konur bara svona vitlausar?

Við gætum nú alveg hrópað húrra ef það væru bara kynjahlutföllin í fjölmiðlum sem gefa þá mynd að heimurinn snúist fyrst og fremst um karla. En maður þarf ekki að fletta í gegnum mörg blöð til að sjá að jafnvel þar sem konur eru nefndar, eru þær aukapersónur, óvirkar eða handbendi karla, mun oftar þolendur en gerendur. Karlar eru skúrkar, hetjur og álitsgjafar, konur viljalítil verkfæri í valdatafli, fórnarlömb og puntudúkkur. Þetta á sannarlega ekkert bara við um Fréttablaðið.

norn.is/sapuopera

Eva Hauksdóttir

Negla, negla, kross

Þegar séra Karl var spurður í eftirminnilegu Kastljósviðtali hvort hann tryði frásögnum Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur vafðist honum svo kyrfilega tunga um tönn eða höfuð að seint gleymist. Í þeim vandræðalega flæmingi tapaði Karl á tíu sekúndum eða svo öllu því trausti sem margir vilja sjálfsagt bera til hans. Ég fæ ekki séð í fljótu bragði hvernig svartir stakkar ætla að endurreisa þá tiltrú nema með því að skipta um poka. Þegar óþægileg og viðkvæm mál eru til umræðu er alltaf grunnt á ósmekklegri kímnigáfu. Fyrirsögn þessarar færslu varð til á fésbókinni í gærkvöldi.

dv.is/blogg/pall-asgeir-asgeirsson

Páll Ásgeir Ásgeirsson

Brot af því besta á askja.is

Kia cee'd
árg. 2010, ekinn 36 þús. km
1400cc, bensín, beinsk.
Mánaðarleg afborgun **kr. 29.290**
miðað við 678.000 kr. útborgun og lán til 72ja mánaða
Verð kr. 2.260.000

Toyota Avensis
árg. 2006, ekinn 80 þús. km
1998cc, bensín, sjálfsk.
Mánaðarleg afborgun **kr. 36.990**
miðað við 1.156.000 kr. útborgun og lán til 60 mánaða
Verð kr. 2.890.000

Subaru Legacy Lux. 4wd
árg. 2006, ekinn 98 þús. km
1994cc, bensín, sjálfsk.
Mánaðarleg afborgun **kr. 25.590**
miðað við 796.000 kr. útborgun og lán til 60 mánaða
Verð kr. 1.990.000

Toyota Yaris
árg. 2010, ekinn 39 þús. km
1000cc, bensín, beinsk.
Mánaðarleg afborgun **kr. 25.890**
miðað við 597.000 kr. útborgun og lán til 72ja mánaða
Verð kr. 1.990.000

Kia Picanto
árg. 2005, ekinn 53 þús. km
1086cc, bensín, sjálfsk.
Mánaðarleg afborgun **kr. 15.590**
miðað við 396.000 kr. útborgun og lán til 48 mánaða
Verð kr. 990.000

Ford Escape
árg. 2005, ekinn 120 þús. km
2966cc, bensín, sjálfsk.
Mánaðarleg afborgun **kr. 26.390**
miðað við 676.000 kr. útborgun og lán til 48 mánaða
Verð kr. 1.690.000

ergo Fjármögnun býðst fyrir allt að 10 ára gamla bíla · Allt að 60% fjármögnun · Jafnar greiðslur á samningstíma Lánstími allt að 7 ár · Engin stimpil- eða þinglýsingargjöld · Gull- og platinumhafar Ergo fá afslátt af lántökugjöldum og betri vaxtakjör . Nánar á ergo.is.

Opið virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 12-16

Bílaumboðið Askja ehf • Krókhálsi 11 • 110 Reykjavík
Sími 590-2100 • askja.is • askja@askja.is

ASKJA

Ísland verði grænt hagkerfi í fremstu röð

Grænt hagkerfi

Skúli Helgason
alþingismaður

Ísland getur skipað sér í fremstu röð á alþjóðavettvangi, sem grænt hagkerfi, með áherslu á hreina náttúru, sjálfbæran orkubúskap, nýsköpun og menntun til sjálfbærni. Þetta er framtíðarsýn þverpólitískrar nefndar með aðild allra þingflokka á Alþingi sem nú hefur skilað niðurstöðum sínum um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi eftir tólf mánaða starf. Í skýrslunni kynnir nefndin stefnumið sem liggja til grundvallar 48 tillögum um aðgerðir til að örva þróun í átt til græns hagkerfis á Íslandi.

Hvers vegna grænt hagkerfi?

Um 20% mannkyns taka til sín 80% af orku og auðæfum heims og losa lungann af þeim gróðurhúsalofttegundum sem leystar eru í andrúmsloftið af mannavöldum. Ef allir jarðarbúar leyfðu sér orkueyðslu Vesturlandabúa, að óbreyttu tæknistigi, væri framtíð mannkyns stefnt í voða. Það er stærsta og líklega mikilvægasta verkefni mannkyns á þessari öld að móta efnahags- og atvinnustefnu sem dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda og nýtir orku á sjálfbæran hátt. Fjöldi þjóðríkja og alþjóðastofnana á borð við Sameinuðu þjóðirnar, Evrópusambandið, Norðurlandaráð og OECD líta á það sem forgangsverkefni að skilgreina grænt hagkerfi og varða veg sem dregur úr ágengni atvinnustarfsemi á vistkerfið.

Græn orka en mikil sóun

Við Íslendingar höfum lengi státað af því að vera land hreinnar orku og áætlað hefur verið að um 80% allrar orku sem notuð er í landinu séu endurnýjanleg orka sem á upptök sín í virkjun vatnsafls eða jarðvarma. Íslendingar eru hér í sérflokki vestrænna þjóða, en til samanburðar má geta þess að Evrópusambandið hefur sett sér það mark að hlutdeild endurnýjanlegar orku verði orðin 20% árið 2020.

Ef litið er til orkuneyslu blasir hins vegar við okkur önnur mynd, en nýleg rannsókn í Háskóla Íslands gefur til kynna að Íslendingar séu neyslufrekasta þjóð jarðar, skv. mælingu á svokölluðu vistspori. Þá gerir það íslenskt hagkerfi viðkvæmara fyrir ytri áföllum hve orkunýtingin er einhæf. Það segir sína sögu að ein atvinnugrein – áliðnaður – stóð undir 74% af raforkunotkun landsins árið 2009 en engin önnur atvinnugrein náði meira en 6% hlutdeild.

Af ofansögðu má draga þá ályktun að Ísland getur verið í fararbroddi á alþjóðavettvangi í þróun til græns hagkerfis en forsenda þess er að landsmenn og atvinnufyrirtækin í landinu taki til rækilegrar endurskoðunar neysluvenjur, framleiðsluferla og forgangsröðun í atvinnumálum.

Hvað er grænt hagkerfi?

Eðlilegt er að spurt sé, hvað er grænt hagkerfi fyrir nokkuð? Nefnd Alþingis styðst við þá skilgreiningu Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna að grænt sé það hagkerfi sem leiði til aukinna lífsgæða um leið og dregið sé verulega úr umhverfislegri áhættu og röskun vistkerfa. Í grænu hagkerfi er áhersla lögð á atvinnustarfsemi sem dregur úr mengun og losun gróðurhúsalofttegunda, stuðlar að bættri nýtingu orku og auðlinda og kemur í veg fyrir hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og þjónustu vistkerfa. Í stuttu máli einkennist grænt hagkerfi af aukinni verðmætasköpun á sama tíma og dregið er úr álagi á náttúruna. Grænt hagkerfi á Íslandi kallar því á atvinnustefnu sem byggir á aukinni fjölbreytni og hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar, þar sem jafnvægi er milli hagsmuna núlifandi íbúa landsins og þeirra sem á eftir okkur munu koma.

Þverpólitísk vinna

Nú þegar nefndin hefur skilað sínum niðurstöðum fer málið til Alþingis til frekari meðferðar. Ég hef lagt fram þingsályktunartillögu ásamt þingmönnunum Illuga Gunnarssyni og Guðmundi Steingrímssyni sem sæti áttu í nefndinni og 18 öðrum þingmönnum allra þingflokka þar sem lagt er til að forsætisráðherra stýri mótun aðgerðaáætlunar um eflingu græns hagkerfis á grundvelli tillagna nefndarinnar. Tillagan verður tekin til umfjöllunar á Alþingi í dag og fær síðan efnislega meðferð í þinginu. Þar verður leitað umsagnar um efni tillögunnar og er það von mín að sem flestir sem áhuga hafa á málaflokknum leggi sitt af mörkum með umsögnum og athugasemdum til að endanleg niðurstaða þessarar vinnu verði sem best úr garði gerð.

Verðmætasköpun og náttúruvernd

Grænt hagkerfi er viðfangsefni sem varðar allar atvinnugreinar og allan almenning. Við getum tekið frumkvæði og verið til fyrirmyndar en við höfum vissulega það val að gera ekki neitt, m.a. í þeirri trú að náttúruauðlindir okkar séu óþrjótandi. Það er mikilvæg niðurstaða nefndarinnar að verðmætasköpun og náttúruvernd séu ekki andstæður heldur sé þvert á móti skynsamlegast að þróa ný atvinnutækifæri án þess að gengið sé á náttúruauðlindir með ósjálfbærum hætti. Það þýðir betra jafnvægi milli atvinnusköpunar og náttúruverndar en við höfum átt að venjast á undanförnum áratugum. Vistvæn nýting orkuauðlinda er mikilvæg en það er okkur líka hollt að minnast þess að mikil gróska er nú í atvinnugreinum eins og hugverkaiðnaði, ferðaþjónustu og skapandi greinum sem ekki byggja afkomu sína fyrst og fremst á nýtingu náttúruauðlinda. Í næstu grein mun ég fjalla um stefnumið og einstakar tillögur nefndarinnar.

Dagurinn minn

Trúmál

Hulda Jensdóttir
fv. yfirljósmóðir

Ég fer í kirkjuna mína í dag og verð vitni að því þegar yndislegt barn er borið fram til blessunar. Mér dettur í hug kort sem ég fékk fyrir nokkru frá elskulegum foreldrum, sem á stóð: „Children are always the only future the human race has. Teach them well.“ Sannarlega er engin framtíð án barna og skiptir máli hvað fyrir þeim er haft.

Eftir smá stund í veislunni, þýt ég heim til að skipta um föt, því ég er að fara í brúðkaup. Mér verður hlýtt um hjartarætur þegar ég hugsa til brúðhjónanna, svo falleg og ljúf, og gleðinni sem sat í hásæti langt fram á nótt og yndislegir borðfélagar. Í þeim hópi er ung kona er hafði fæðst á Fæðingarheimili Reykjavíkur og verið hjá mér á námskeiði þegar hún átti von á sínu fyrsta barni. Hún segir mér sögu af litla stráknum sínum – tengd tónlist – sem fer inn í hjartarætur mínar og er hvatinn að þessum skrifum mínum í dag.

Fræðimenn telja að fyrstu tvö árin í lífi barns skipti sköpum – aðrir ganga svo langt að telja að hvernig við umgöngumst barnið í móðurlífi skipti og máli – að barnið skilji meira en við gerum okkur grein fyrir. Hljómsveitarstjóri Fílharmóníunnar í Ontario segir frá því að á yngri árum hafi honum oft fundist hann þekkja tónverkin sem hann var að æfa þótt hann hefði aldrei séð nóturnar. Hann færði þetta í tal við móður sína og þá leystist gátan, hún hafði verið að æfa þessi tónverk þegar hún gekk með hann. Blaðamenn við Winnipeg Free Press upplýstu fyrir nokkru að vísindamenn hefðu komist að þeirri niðurstöðu að börn sem lesið var fyrir í móðurlífi sýndu viðbrögð þegar sami texti var lesinn fyrir þau eftir fæðinguna og þannig mætti áfram telja.

Öll börn, hvar sem þau fæðast á jarðarkúlunni, ættu að eignast þá lífsfegurð sem í því felst að þeim sé sinnt ekki einungis eftir fæðingu heldur og í móðurlífi – að þeim sé sagt meðan þau eru þar, hvað þau séu elskuð! Talað, sungið, spilað og lesið fyrir þau og þeim sagt frá djúpvitrasta barni allra tíma, barninu sem fæddist í Betlehem og varðveitti hið innra með sér frið og fegurð sem hann nú og ávallt vill deila með okkur. Þetta barn – varð mesti mannvinur allra tíma. Ekkert sem hann sagði eða gerði skemmdi lífið. Hvert orð sem féll af vörum hans og hvert verk sem hann vann var lækning og lyftistöng til fegurðar og betra mannlífs. „Leyfið börnunum að koma til mín og bannið þeim það eigi, því að slíkra er Guðs ríki.“

Á sama tíma og þessar hugleiðingar mínar fara á blað, er hópur fólks á litla Íslandi að krefjast þess, að nafn Jesúbarnsins sé ekki nefnt á nafn í skólum landsins – hvergi – eigi að þurrkast út. Ég er ekki að tala um kristniboð, en tel að þjóð, sem kallar sig kristna þrátt fyrir galla sína alla – beri skylda til að segja frá og kynna fegurðina sem felst í sögunni um Jesúbarnið og lífsviskuna sem felst í sögunum sem Kristur sagði sem fullorðinn maður og kynna þannig þá lífskúnst og lífsdýpt sem í orðum hans felast og þá fegurð sem af þeim hefur leitt til betra og bættara mannlífs.

Það þarf ekki annað en horfa á einfaldan fréttatíma til að sjá hversu mjög okkur hefur rekið frá þeirri heillandi lífssýn, sem felst í djúpstæðum en þó svo einföldum kærleiksboðskap mannsins frá Nazaret, að þú og ég virðum og þyki vænt hvoru um annað, þar í liggja svörin til betra mannlífs. Vöntun á þeirri lífskúnst hefur komið til vegar vandamálum af stærðargráðu sem við ráðum hreint ekkert við.

> Boðskapur Krists var ekki flókinn, hann var list í lífsleikni eins og hún best getur orðið. Þess vegna má ekki taka frá yndislegum börnum okkar að kynnast þessum listræna mannkærleiksboðskap.

Jesús Kristur var ekki aðeins „besti vinur barnanna“ eins og stendur í sálminum. Hann var vinur allra. Hann var vinur og verndari kvenna, talaði við þær sem jafningja, leiðbeindi þeim og hughreysti, varði þær gegn ásakendum og svaraði fyrir þær: „Sá yðar sem syndlaus er kasti fyrstur steininum.“ Hann var laus við dulúð, kom beint að efninu í orði og verki, sem allir gátu skilið, var vinur lítilmagnans en einnig þeirra ríku sem óskuðu eftir nærveru hans. Jarðnesk gröf hans var gjöf frá einum slíkum.

Boðskapur Krists var ekki flókinn, hann var list í lífsleikni eins og hún best getur orðið. Þess vegna má ekki taka frá yndislegum börnum okkar að kynnast þessum listræna mannkærleiksboðskap. Við getum ekki tekið afstöðu til þess sem við höfum aldrei kynnst! Guð blessi börn og foreldra þessa lands og hjálpi okkur að tileinka okkur það fegursta sem lífið hefur upp á að bjóða.

Lifið heil.

RE/MAX LIND

ERTU Í SÖLUHUGLEIÐINGUM?

Fyrsta skrefið er að vita hvers virði eignin þín er.
Fáðu frítt og vandað verðmat.

WWW.FRITTVERDMAT.IS

Hafðu samband
699 5008

Hannes Steindórsson
Sölufulltrúi
hannes@remax.is
Sími: 699 5008

Þórarinn Jónsson hdl.
lögg. Fasteignasali
Sími: 510-7900

Sendið okkur línu

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð, að hámarki um 4.500 tölvuslög með bilum. Aðeins er tekið við yfirlesnum og villulausum texta. Greinahöfundar eru beðnir að hafa í huga að því styttri sem greinin er, þeim mun líklegra er að hún fái skjóta birtingu.

Eingöngu er tekið við raunverulegum umræðugreinum, en ekki greinum sem eru fyrst og fremst kynning á til dæmis fyrirtæki eða félagasamtökum, ráðstefnu eða átaki. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða á Vísi eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Steypustöðin ehf.

Stærstir í steypuframleiðslu

Fimm steypustöðvar í Reykjavík, Hafnarfirði, Selfossi og í Helguvík með afkastagetu allt að 360 m³ á klukkustund!

Benedikt Guðmundsson, sölustjóri Steypustöðvarinnar ehf. hefur lifað tímana tvenna á islenskum byggingamarkaði.

„Steypustöðin ehf. er stærsti steypuframleiðandi landsins með 5 steypustöðvar í Reykjavík, Hafnarfirði, Selfossi og í Helguvík. Afköstin í þessum 5 stöðvum geta verið allt að 360 m³ á klst. Við ráðum líka yfir öflugum bílaaflota til að koma steypunni á sinn stað; á þriðja tug steypubíla og sjö dælubíla af ýmsum stærðum sem henta fyrir mismunandi aðstæður," segir Benedikt Guðmundsson, sölustjóri hjá Steypustöðinni ehf.

Aftur í kjarnastarfsemina

„Við höfum á undanförnum misserum gengið í gegnum mikla tiltekt og hagræðingu í rekstrinum. Raunar er staðan þannig í dag að upphafleg kjarnastarfsemi Steypustöðvarinnar ehf., steypuframleiðslan, er það sem eftir stendur, ásamt framleiðslu á Graníthellum, sem eru slitþolnari en aðrar sambærilegar hellur. Við erum með umboðsmenn á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum. Við erum líka með innflutning og sölu á múrefnum frá Mapei í Noregi. Markaðshlutdeild okkar í hellum er 50% og við erum einn af þrem stærstu söluaðilum múrefnis á Íslandi. Allt annað er búið að taka út úr fyrirtækinu og setja í hendur annara.

Nú er Steypustöðin ehf. einfaldlega aftur orðið öflugt fyrirtæki í framleiðslu á hverskonar lausnum í steypu. Og þannig verður það áfram í höndum nýrra eigenda, sem nú hafa mótað framtíðarstefnu og markmið í rekstri Steypustöðvarinnar."

Mikill mannauður – Sterk staða

„Í fyrirtækinu býr gríðarleg þekking og reynsla í steypuframleiðslu. Lykilstarfsmenn Steypustöðvarinnar hafa flestir unnið hér áratugum saman og kunna vel til verka, þegar steypuframleiðsla er annarsvegar. Sú þekking er og verður áfram til staðar hjá Steypustöðinni. Viðskiptavinir Steypustöðvarinnar hitta því fyrir sömu andlitin og þeir eru vanir þegar þeir eiga viðskipti við fyrirtækið.

Staða Steypustöðvarinnar á íslenskum markaði í dag segir líka sína sögu. Við teljum okkur vera með um það bil 65% markaðshlutdeild og ætlum okkur að halda þeirri stöðu í framtíðinni," segir Benedikt.

Suðurland eitt markaðssvæði

Eitt af stóru atriðunum í breytingum og hagræðingu Steypustöðvarinnar er ný skilgreining á vinnsluferlum og aðferðarfræði við steypuframleiðsluna og dreifingu steypunnar. „Nú lítum við á allt Suðurland sem eitt markaðssvæði, enda stærstur hluti markaðarins þar. Á þessu svæði höfum við yfir að ráða 5 steypustöðvum, á þriðja tug steypubíla, sjö dælubíla og önnur tæki og búnað sem til þarf. Allan þennan búnað getum við nú samnýtt eftir þörfum á svæðinu. Á þann hátt er þjónustan stórbætt. Við náum líka meiri hagræðingu, auk þess sem nýting á tækjum og mannafla verður betri," segir Benedikt.

Gott orðspor ekkert leyndarmál

Steypustöðin ehf. hefur ávallt haft gott orð á sér meðal fagaðila byggingariðnaðarins hvað varðar gæði. „Lykilorðin eru reynsla og þekking. Stærsta atriðið er það að við hjá Steypustöðinni notum eingöngu landefni til fyllingar í okkar steypu. Íslenska fylliefnið kemur úr Vatnsskarðsnámunum, en í þeim eru engin alkalívirk efni eins og þegar notast er við efni sem dælt er upp úr sjó. Við notum líka eingöngu hágæðasement frá Aalborg Portland í Danmörku," segir Benedikt.

Steypustöðin ehf. í Reykjavík: Libherr Steypustöð árgerð 2007, sem afkastar 120 m³ á klst. Afkastamesta steypustöð landsins.

Stærsti fylliefnalager landsins

„Einnig erum við með stærsta lager landsins af hvers konar fylliefnum, íslenskum og norskum, til ýmiskonar sérframleiðslu á steypu fyrir sértækar aðstæður og kröfur. Sem dæmi má nefna Duraspilt möl, sem er norsk og er einkum notuð í framleiðslu á hvítri steypu. Einnig má nefna norska granítmöl, sem hentar vel til að minnka niðursveigju í steypu á stórum flötum, auk þess sem þessi efni styrkja steypuna verulega. Þessi efni gefa líka ca. 6 mánuða styttri útþornun. Ekki má gleyma að geta þess að öll hráefni sem Steypustöðin notar eru CE vottuð.

Steypustöðin ehf. í Helguvík: Steypustöð sem afkastar 60 m³ á klst. Samnýting tækja möguleg frá Reykjavík.

Þessu tengt má til gamans má segja frá því að margir fagmenn sem hafa, eða eru að byggja fyrir sjálfa sig, velja gjarna þessi efni í steypuna hjá sér, það segir meira en mörg orð um gæðin," segir Benedikt.

Gæðakröfurnar þær sömu

Þegar spurt er hvort eitthvað standi eftir ósnert í fyrirtækinu eftir alla þessar breytingar og hagræðingu, þá brosir Benedikt og segir ánægjulegt að vera kominn á þann stað þar sem fyritækið er statt í dag:

„Nú er endurskipulagningu og endurmótun lokið. Markmiðin og framtíðarsýnin eru algerlega ljós. Svo er líka skemmtilegt að segja frá því að það er ein deild fyrirtækisins sem stóðst fullkomlega smásjá breytinga og hagræðingar og stendur alveg óbreytt með sama mannskap og áður, en það er deildin hans Kai Westfalle, sem sér um gæðaeftirlitið hjá okkur, þar má ekkert klikka," segir Benedikt.

Sterk verkefnastaða

Aðspurður um verkefni sem eru framundan hjá Steypustöðinni hefur Benedikt frá ýmsu að segja:

„Verkefnastaðan hjá okkur fyrir næstu 12 mánuði er sterk og það er aukning hjá okkur. Má í því sambandi nefna að undanfarna mánuði höfum við verið að stækka hópinn og ráða inn starfsmenn, sem er afskaplega ánægjuleg þróun," segir Benedikt.

Það eru tugir annarra verkefna í gangi eða eru væntanleg í gang á næstu mánuðum. Við þurfum því ekki að kvarta miðað við ástandið sem hefur verið á þessum markaði undanfarin ár og horfum björtum augum fram á veginn," segir Benedikt Guðmundsson, sölustjóri Steypustöðvarinnar ehf. að lokum.

Steypustöðin ehf. í Hafnarfirði: Steypustöð sem afkastar 90 m³ á klst. Samnýting tækja frá Reykjavík.

Steypustöðin ehf. á Selfossi: Steypustöð sem afkastar 50 m³ á klst. Samnýting tækja frá Reykjavík.

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir
www.steypustodin.is

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

4 400 400

Hringhellu 2
221 Hafnarfjörður

Hrísmýri 8
800 Selfoss

Malarhöfða 10
110 Reykjavík

Berghólabraut 9
230 Reykjanesbær

Sími 4 400 400
www.steypustodin.is

Forsendur meirihluta sveitarstjórnar Voga út úr korti

Orkumál

Þórður Guðmundsson
forstjóri Landsnets

Núverandi meirihluti sveitarstjórnar Voga hefur byggt afstöðu sína um að háspennulínur þær sem Landsnet hyggst reisa skuli leggja í jörð að stórum hluta á greinargerð Almennu verkfræðistofunnar (AV) sem gerð var í mars 2008, eins og meðal annars kemur fram í frétt RÚV í kvöldfréttum sjónvarps, 11. október sl. Landsnet mótmælti strax á þeim tíma forsendum sem lagðar voru til grundvallar landverði í skýrslu AV og hvernig það var nýtt með margföldunaráhrifum til að lækka kostnaðarmun á milli háspennulína í lofti annars vegar og hins vegar háspenntra jarðstrengja. Hinn 17. október 2008 gerði sveitarfélagið Vogar tímamótasamkomulag við Landsnet um skipulagsmál er vörðuðu háspennulínur Landsnets í sveitarfélaginu. Við gerð þess samkomulags voru aðilar sammála um að ekki kæmi til greina að leggja til grundvallar þær forsendur sem AV gaf sér í sinni greinargerð.

Greinargerð AV var gerð á þeim tíma þegar verðbóla fasteigna á suðvesturhorni landsins var í hámarki og hefur hún ekki verið endurskoðuð eftir efnahagslegt hrun í október 2008 sem hafði afgerandi áhrif á fasteignaverð til lækkunar. Þegar af þessari ástæðu er greinargerðin marklaus þegar kemur að samanburði á kostnaði framkvæmda við háspennulínur eða jarðstrengi. Hitt er þó alvarlegra að sú aðferðafræði sem byggt er á í greinargerðinni stenst ekki skoðun og hefur aldrei gert.

Í greinargerð AV er farið yfir nokkrar forsendur Landsnets um fyrirhugaðar háspennulínur í landi Voga. Fram kemur að talið sé að stofnkostnaður jarðstrengja sé almennt verulega meiri en loftlína, eða um 2- til 9-falt meiri miðað við sömu rekstrarspennu á bilinu 145-400 kV. Í niðurlagi greinargerðarinnar kemur fram að kostnaðarsamanburður AV á jarðstreng og loftlínu sé í stórum dráttum svipaður og fram kemur hjá Landsneti, að öðru leyti en því að landverð sé ekki tekið með í reikninginn hjá Landsneti. Þetta er ósönn fullyrðing og var leiðréttingu þegar komið á framfæri við AV vorið 2008.

Við undirbúning framkvæmda sinna leggur Landsnet ríka áherslu á að meta aðstæður allar, þ.m.t. það verð sem áætla má að sé markaðsverð á framkvæmdasvæðinu. Hér er farið eftir hefðbundnum eignarréttarreglum en um framkvæmdir Landsnets hafa skapast fordæmi með úrskurðum matsnefndar eignarnámsbóta og dómum Hæstaréttar um afmörkun áhrifa af framkvæmdunum og bætur til landeigenda. Á síðastliðnum árum hefur Landsnet lokið við framkvæmdir við Sultartangalínu 3 (sem er 125 km að lengd) og Fljótsdalslínur 3 og 4 (sem eru hvor um sig 52 km að lengd), sem vörðuðu samtals meira en 50 jarðir og rúmlega 10 sveitarfélög. Lauk öllum málum nema þremur með samningum við landeigendur en af þeim þremur sem lauk með úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta var einu skotið til Hæstaréttar, þar sem dómur féll Landsneti í vil. Nær hefði verið að AV hefði stuðst við þessa aðferðafræði við ákvörðun á landverði.

> Landsnet býður landeigendum í sveitarfélaginu Vogum hærra verð fyrir landsréttindi vegna háspennulínunnar og hefur þegar náð samkomulagi við bæði sveitarfélag og einstaklinga á svæðinu.

Í stað þess að miða við sambærilegar forsendur um landverð í sveitarfélaginu Vogum og Landsnet gerir ráð fyrir í sínum áætlunum er í forsendum AV landverð miðað við 500 kr./fm sem upphafsverð (á árinu 2009) eða 5 m. kr. fyrir hvern hektara lands. Í forsendunum er einnig gert ráð að landverð u.þ.b. tólffaldist á 40 árum, m.a. er gert ráð fyrir 30% hækkun landverðs fyrsta árið og svo fer hlutfallið lækkandi þannig að verðhækkunin er mjög brött í upphafi, eða sem svarar 150% hækkun landverðs á fimm árum. Að gefnum þessum forsendum og fleirum er fundið út að núvirtur heildarkostnaður af loftlínu (verðlag 2008) sé rúmlega 174 m. kr. samanborið við tæplega 247 m. kr. fyrir 1 km af jarðstreng. Þannig er fundið út að kostnaðarhlutfallið sé 1,4 í stað 5-7 sinnum meiri eins og Landsnet hefur bent á.

Hvergi hefur hins vegar komið fram að í skýrslu AV er gerður sá fyrirvari að tölur um landverð byggi ekki á raunverulegu mati og undirstrikuð er mikil óvissa varðandi þróun þess til lengri tíma. Niðurstaða AV felur ekki í sér annað sjónarmið í raun en að hlutfall kostnaðar milli framkvæmda við háspennulínu og jarðstreng minnkar eftir því sem landverð er hærra. Það þarf þó að vera mjög hátt ef kostnaðarmunur nemur aðeins 1,4 og auðvelt er að misskilja málið. Þannig fellur fréttastofa RÚV í þá gildru í framangreindri frétt sinni að taka framkvæmdakostnað við Suðvesturlínuverkefnið, 27 milljarða króna, og margfalda þá tölu með stuðlinum 1,4 og þá fást 38 milljarðar króna. Þetta er hins vegar ekki rétt. Háspennulínur eru einungis hluti heildarkostnaðar verkefnisins, og aðeins sá þáttur er til umræðu hér. Ef áætlanir Landsnets myndu ganga eftir yrði kostnaðurinn um 27 milljarðar, ef Landsnet legði hins vegar línurnar í jörðu yrði þessi kostnaður um 73 milljarðar, en ef tekið væri mið af mati AV á landverði myndi verkefnið eins og Landsnet setur það upp með loftlínum kosta um 55 milljarða.

Miðað við grunnforsendur AV um verðmæti lands á línuleiðinni væri heildarverðmæti 126 ha. jarðar í Vogum alls rúmlega 630 m. króna. Á tímabilinu 2009-2013 eykst verðmæti jarðarinnar miðað við forsendur AV um alls tæpar 756 m. króna og verður verðmæti hennar eftir tvö ár því alls rúmlega 1,3 milljarðar króna. Þess má geta að jörð þessi hefur nú verið auglýst til sölu í tæpt ár án þess að seljast. Ásett verð er 45 milljónir króna. Þá hefur Orkuveita Reykjavíkur nýverið selt jarðirnar Hvamm og Hvammsvík í Hvalfirði á 155 m. kr. Um 600 ha. lands er að ræða með góðum húsakosti en án jarðhitaréttinda og er söluverð um 260.000 kr. per ha.

Landsnet býður landeigendum í sveitarfélaginu Vogum hærra verð fyrir landsréttindi vegna háspennulínunnar og hefur þegar náð samkomulagi við bæði sveitarfélag og einstaklinga á svæðinu. Það verð er þó mjög langt frá 5 m. kr. á hektara.

Lokaniðurstaðan er þessi: Landsnet mun ekki taka ákvörðun um að leggja línurnar í jörðu nema Alþingi móti slíka stefnu.

Lengri útgáfu þessarar greinar má lesa á landsnet.is og sudvesturlinur.is.

Berjumst fyrir bókina!

Menning

Sindri Freysson
rithöfundur

Fyrir skömmu birtust þau uggvænlegu tíðindi á forsíðu Fréttablaðsins að fjórðungur fimmtán ára drengja gæti ekki lesið sér til gagns. Tæp 25% – þrefalt hærra hlutfall en meðal stúlkna á sama aldri. Hrikalegt! hugsaði ég með sjálfum mér þegar ég las fréttina. Og ég spurði sjálfan mig í framhaldinu; af hverju er lesskilningur barnanna svona slakur?

Böndin bárust fljótt að bókinni – eða réttara sagt að fjarveru bókarinnar. Fjarveru bókarinnar úr lífi alltof margra ungmenna nútímans.

2.

Á þessu herrans ári 2011 hafa tvær kannanir verið kynntar, hverra niðurstöður vöktu illu heilli minni athygli og viðbrögð en efni stóðu til. Ég tel brýnt að vekja athygli á þeim hér því að þær flytja váleg tíðindi fyrir alla þá sem vilja veg bókarinnar sem mestan. Í raun alveg skelfileg tíðindi. Önnur er könnun sem menntamálaráðuneytið stóð fyrir í febrúar síðastliðnum og leiddi í ljós að hátt í fjórðungur nemenda í 5., 6. og 7. bekk grunnskóla les engar aðrar bækur en skólabækur. Til samanburðar má geta þess að árið 1968 lásu 11% barna á aldrinum 10-15 ára aldrei bækur sér til ánægju, þannig að fjöldi bóklausra barna hefur rösklega tvöfaldast á tímabilinu.

Ástandið er enn verra hjá eldri krökkum. Í rannsókninni „Ungt fólk 2010“, sem gerð var í öllum framhaldsskólum landsins haustið 2010, voru ítarlegir spurningalistar lagðir fyrir rúmlega ellefu þúsund ungmenni. Rannsóknin leiddi í ljós að lestur er á hröðu undanhaldi hjá framhaldsskólanemum. Þeim hefur fjölgað verulega sem verja ekki neinum tíma í bóklestur utan skóla. Í sams konar könnun árið 2007 sögðust 33,5% stráka ekki eyða neinum tíma í bóklestur, nú er þessi tala komin í 45,4%.

Sem sagt, á aðeins þremur árum hefur framhaldsskólastrákum sem lesa bækur sér til yndis og afþreyingar fækkað um heil 12 prósentustig. Hlutfallslega aukningin er hins vegar 35% – strákum á þessum aldri sem aldrei lesa bók hefur fjölgaði um ríflega þriðjung á þremur árum! Sama þróun er hjá framhaldsskólastúlkum. Árið 2007 litu tæp 26% framhaldsskólastelpna aldrei í aðrar bækur en skólabækur en í fyrra var þetta hlutfall komið í rúm 40%. Það er að segja; kvenkyns lesendum á þessum aldri fækkaði um 14 prósentustig á þriggja ára tímabili. Hlutfallslega aukningin er hins vegar 55%. Ég endurtek: stelpum á þessum aldri sem aldrei lesa bók utan skóla fjölgaði um 55% á aðeins þremur árum! Þetta er grafalvarleg þróun og hraði hennar vægast sagt hrollvekjandi. Ef bókin væri dýr væri hún sett á lista dýra í útrýmingarhættu.

> Ég legg til að skapaður verði samráðsvettvangur fulltrúa ríkis og borgar, sveitarfélaga, skóla, útgefenda og rithöfunda, þar sem lagðar verða línur fyrir allsherjar átak í þágu lestrar og bóka. Þetta er stríð í þágu menningar okkar, í þágu framtíðar.

3.

Rannsókn sem Brynhildur Þórarinsdóttir og Þóroddur Bjarnason kynntu í fyrra og gerð var á meðal 15-16 ára nema fyrir fáeinum misserum leiddi meðal annars í ljós þá staðreynd að aukin menntun foreldra jók líkur á bóklestri barnanna, en – og hér rekur mann í rogastans – því ríkara sem heimilið var, því minni líkur voru á því að barnið læsi, óháð menntun foreldranna. Með öðrum orðum: „Börn efnaðra foreldra eru ólíklegri til að lesa bækur daglega, jafnvel þótt foreldrarnir séu menntaðir ... Þessu eru þveröfugt farið í Evrópu þar sem bættur efnahagur skilar sér í auknum lestraráhuga.“

Of mikil veraldleg gæði, of mikið af peningum, of mikið af tækjum og græjum og munaði, of mikið af öllu – já, ofgnóttin dregur sem sagt úr líkum á að barnið sökkvi sér í hinn óefnislega heim bókanna. Það er ömurleg þróun ef veraldlegar allsnægtir leiða til bóklegrar fátæktar.

4.

Líkurnar á því að ungmenni sem les aldrei bækur verði virkur lesandi þegar árin líða eru hverfandi. Og það sem meira er; fólk sem hefur aldrei notið bóka er ólíklegt til að hvetja eigin börn til að lesa. Þannig getur bóklausum fækkað ár frá ári, áratug eftir áratug, kynslóð eftir kynslóð. Að lokum sitja örfáir útgefendur og rithöfundar með hendur í skauti eða eru að sinna svo þröngum hópi fólks að það nægir engum til viðurværis. Bókin visnar og deyr – því að það verða engir lesendur eftir til að vökva hana með augum sínum.

5.

Hvað ber okkur að gera? Jú, við verðum að efla bóklestur á Íslandi frá upphafi skólagöngu. Með öllum ráðum. Allir dagar verða að vera dagur bókarinnar. Til dæmis má hugsa sér að á hverjum degi yrði ein kennslustund frá byrjun grunnskóla til loka framhaldskóla helguð yndislestri, þar sem krakkarnir læsu bók að eigin vali, hvort sem það væru unglingabækur eða Íslendingasögur, klassískar skáldsögur eða nútímaverk, reyfarar eða rómantík, nú eða ljóðabækur. Ekki bækur sem aðrir velja fyrir þau, ekki fyrir próf – bara til að opna fyrir þeim nýja veröld; heim orðsins, vídd skáldskaparins.

Ef krakkar og unglingar læra ekki að meta töfra bókarinnar frá fyrstu tíð mun bókin deyja út, hún verður aflóga risaeðla, flöktandi skuggi. Og þá er ég ekki eingöngu að tala um hina hefðbundnu pappírsskruddu heldur líka raf- og hljóðbækur – því að þetta hrap í lestri snýst ekki um á hvaða formi skáldskap er komið til skila, hrapið snýr að sjálfum skáldskapnum, innihaldinu en ekki umbúðunum.

Ég legg til að skapaður verði samráðsvettvangur fulltrúa ríkis og borgar, sveitarfélaga, skóla, útgefenda og rithöfunda, þar sem lagðar verða línur fyrir allsherjar átak í þágu lestrar og bóka. Þetta er stríð í þágu menningar okkar, í þágu framtíðar. Og umfram allt verða heimilin í landinu að sýna bókinni hollustu.

Njótum bóka og kennum börnunum okkar að meta töfraveröld þeirra. Galdur bókarinnar má ekki glatast. Berjumst fyrir bókina!



tímamót

timamot@frettabladid.is

HAUKUR MORTHENS söngvari (1924-1992) lést þennan dag.

„Maður syngur ekki inn á hljómplötu aðeins til þess að syngja heldur til þess að reyna að flytja falleg lög og texta til þeirra, sem áhuga hafa á að hlýða.“

Merkisatburðir

1943 Ítalía segir Þýskalandi stríð á hendur.

1987 Kýrin Harpa syndir yfir Önundarfjörð, frá Flateyri að Kirkjubóli í Valþjófsdal. Kýrin lagði á flótta þegar leiða átti hana til slátrunar. Hún er nefnd Sæunn eftir sundið.

1994 Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar eru veitt í fyrsta sinn. Helgi Ingólfsson hlýtur þau.

1996 Eldgosi í Gjálp lýkur eftir 11 daga gos.

2006 Suður-Kóreumaðurinn Ban Ki-moon er kosinn aðalritari Sameinuðu þjóðanna.

ÞETTA GERÐIST: 13. OKTÓBER 1995

Margrét Frímannsdóttir hlýtur kjör

Á þessum degi árið 1995 var Margrét Frímannsdóttir kjörin formaður Alþýðubandalagsins, en úrslitin voru tilkynnt á landsfundi flokksins. Margrét hlaut 53,3 prósent gildra atkvæða en mótframbjóðandi hennar, Steingrímur J. Sigfússon, hlaut 46,5 prósent atkvæðanna. Margrét tók við formannsembættinu af Ólafi Ragnari Grímssyni.

Meðal þess sem Margrét sagði í ræðu sinni í tilefni kjörsins var að hún myndi vilja sjá sterkari tengsl flokksins inn í verkalýðshreyfinguna. Þá myndi hún beita sér fyrir því að konur yrðu í sætum á framboðslistum flokksins til jafns við karla. Steingrímur var spurður að því hvort hann myndi áfram skipa sér í sveit með Alþýðubandalaginu og sagði hann svo vera, hann væri síður en svo að hætta í stjórnmálum. „Nú get ég um frjálst höfuð strokið og fremur valið mér verkefni í pólitíkinni af eigingirni. Ég er ekki bundinn af þeim málamiðlunum, sem fylgja því að vera í fremstu forystu, eins og ég hef verið samfellt síðastliðin átta ár.“

†

Ástkær systir okkar, mágkona og frænka,

Kristín Þuríður Jónasdóttir

frá Grænavatni,
Tjarnarlundi 14, Akureyri,

lést á sjúkrahúsinu á Akureyri þann 9. október. Útförin fer fram frá Skútustaðakirkju laugardaginn 15. október klukkan 14.00.

Helgi Jónasson **Steingerður Sólveig Jónsdóttir**
Jakobína Björg Jónasdóttir **Trausti Eyjólfsson**
systkinabörn og fjölskyldur þeirra.

†

Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

Sólveig Jónsdóttir

frá Vopnafirði, Dalbraut 27,

lést miðvikudaginn 5. október á líknardeild Landspítalans, Landakoti.
Hún verður jarðsungin frá Áskirkju föstudaginn 14. október kl. 13.00.

Svanhildur Sigurjónsdóttir **Hreinn Sveinsson**
Sigurjón Hreinsson **Sif Melsteð**
Guðmundur Hreinsson **Ragna María Ragnarsdóttir**
og barnabarnabörn.

†

Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur samúð og hlýju við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Braga K. Norðdahl

fv. flugstjóra, Kópavogsbraut 1b, áður til heimilis að Þinghólsbraut 66, Kópavogi.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Dagdvalar Sunnuhlíðar í Kópavogi. Einnig viljum við þakka læknum og öðru starfsfólki deildar L4 á Landspítala Landakoti fyrir einstaka umönnun í veikindum hans og hlýju í okkar garð.

Ingunn Runólfsdóttir Norðdahl
Erna Norðdahl **Edward Finnsson**
Kristín Norðdahl **Kristinn Guðmundsson**
Björk Norðdahl **Bragi Hilmarsson**
barnabörn og barnabarnabörn

Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

KÆRLEIKSKÚLAN 2011: ÞURFUM ÖLL AÐ LEGGJA OKKAR AF MÖRKUM

Yoko afhenti Kærleikskúlu

Kærleikskúlan var afhent í níunda skipti við hátíðlega athöfn í Listasafni Reykjavíkur á þriðjudag. Kærleikskúlan er á hverju ári veitt verðugri fyrirmynd en að þessu sinni varð Leifur Leifsson fyrir valinu.

Það var listakonan Yoko Ono, ekkja bítilsins Johns Lennon, sem hannaði Kærleikskúluna í ár en nýr listamaður hannar kúluna á hverju ári. Nefnist verk Yoko „Skapaðu þinn eigin heim“.

Yoko Ono segir mikilvægt að allir leggi sitt af mörkum þegar kemur að góðgerðamálum. „Það er mjög mikilvægt að hvert okkar geri það sem við getum. Ekki hugsa of stórt og láta eins og þú munir breyta heiminum eins þíns liðs. Fólk á borð við Napóleon, Hitler og Maó hugsaði þannig. Það sem við þurfum að gera er að láta okkur varða öll litlu verkefnin sem bæta heiminn og leggja okkar af mörkum. Ég fékk einfaldlega þetta tækifæri til að hjálpa til og reyndi að gera mitt besta,“ segir Ono.

Fyrirmynd ársins í ár, Leifur Leifsson, hefur verið fatlaður frá fæðingu en hefur á engan hátt látið fötlun sína hindra sig í að láta drauma sína rætast, segir í fréttatilkynningu sem send var út af þessu tilefni. Leifur var fyrsti maðurinn sem fór í hjólastól upp á Esjuna og fór nú í sumar á Snæfellsjökul í sérútbúnum hjólastól. Þá gerði Leifur árið 2004 heimildarmynd sem bar heitið Öryrkinn ósigrandi og fjallaði um fatlað fólk í hjólastól og hvað það getur gert þrátt fyrir fötlun sína.

Verður Kærleikskúla ársins 2011 til sölu í takmörkuðu upplagi á næstunni. Rennur allur ágóði af sölunni til starfsemi Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra í Reykjadal. Áður hafa listamenn á borð við Erró, Ólaf Elíasson og Gabríelu Friðriksdóttur skreytt kúluna.

magnusl@frettabladid.is

VIÐ ATHÖFNINA Í GÆR Yoko Ono ásamt Leifi Leifssyni fyrirmynd og Þórdísi Yurie Jónsdóttur sem hefur verið tíður gestur í Reykjadal.

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Áslaug Eyþórsdóttir

Birkihvammi 4, Hafnarfirði,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 12. október. Útförin fer fram í Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 19. október kl. 13.

Eiríkur Ágústsson
Sesselja Eiríksdóttir **Alfreð Dan Þórarinsson**
Hafsteinn Eiríksson
Ágúst Þór Eiríksson **Guðbjörg Þórisdóttir**
Haraldur Ragnar Ólafsson **Hafdís Jensdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ingþór Hallberg Guðnason

lést í faðmi fjölskyldunnar á Landspítalanum í Fossvogi laugardaginn 8. október. Útför hans verður frá Fossvogskirkju mánudaginn 17. október kl. 15.00.

Ágúst Hjörtur Ingþórsson **Hulda Anna Arnljótsdóttir**
Björg Ingþórsdóttir **Garðar Halldórsson**
Ásdís Ingþórsdóttir **Axel Viðar Hilmarsson**
Alda Rún Ingþórsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

GÆÐI Á GÓÐU VERÐI

SAMSUNG hlaut fjögur **EISA VERÐLAUN 2011-2012**
fyrir framúrskarandi framleiðslu.

Ein þessara verðlauna voru veitt fyrir ***þetta sjónvarp***:
BESTU KAUPIN – *„Gæði á góðu verði“*

EISA: The European Imaging and Sound Association

EISA AWARD Best Product 2011-2012
BEST BUY TV
Samsung UE40D6505

SAMSUNG

SAMSUNG
SJÓNVÖRP
6500 LÍNAN

Stærðir:
32"
40"
46"
55"

SAMSUNG SJÓNVARP
LED · 3D · SMART TV

Clear Motion Rate:	400 Hz
Upplausn:	1920 x 1080p FULL HD
Skjár:	Ultra Clear
Skerpa:	Mega
AllShare:	Auðveld samskipti Samsung tækja
USB:	Movie, kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist
Upptökumöguleiki:	Já, tekur upp sjónvarpsútsendingu á utanáliggjandi harðan disk
Netvafri:	Já
Social TV:	Já, horfðu á sjónvarp og vertu á Facebook You Tube, Flickr, Skype ofl.
Sjónvarpsmóttakari:	Digital, Analog og gervihnatta
Tengingar:	4xHDMI, 3xUSB Movie, 1x Scart, Komponent, Komposit, LAN, heyrnartól

Val um svarta eða hvíta umgjörð/ramma
(55" stærðin enn sem komið er bara til svört)

Smart Hub — Hægt að hlaða niður fjölda forrita í tækið
Web Browser — Netvafri með minni – t.d. fyrir www.samsungsetrid.is
Your Video — Litgreinir til að ná öllum litum sem raunverulegustum
Search All — Leitar á Veraldarvefnum og öðrum tækjum að því, sem þú villt finna
Social TV — Í tækinu er Facebook, Twitter, Talk o.m.fl.
skype — Hægt að fara á Skype og einnig tengja Skype myndavél
a)))share — Auðvelt að tengjast öðrum tækjum heimilisins þráðlaust með innbyggðu Wi-Fi
Full HD 1080p — Full HD
3D Auto Contrast — Sjálfvirk stýring á skerpu í þrívídd
Ultra Clear Panel — „Ultra Clear“ skjár
Movie — Spilar bíómyndir af USB lykli og tekur upp á USB lykil
Digital Noise Filter — Lagar lélega útsendingu eins og hægt er
Anynet+ HDMI-CEC — Hægt að stýra öðrum HDMI tengdum tækjum með einni fjarstýringu
Clear Motion Rate 400Hz — CMR 400 – þ.e. hreinsar skjáinn 400 sinnum á sek.
HDMI — HDMI 1,4 gagnvirk tengi
SOUND — Hljóðkerfi í þrívídd
Wide Color Enhancer Plus — Litgreinir til að ná öllum litum sem raunverulegustum
2D — Breytir myndum í þrívídd og öfugt ef notandi vill

SAMSUNG SMART TV
veit allt um kvikmyndir, þætti og forrit

Samsung færir þér framtíðina með 6500 LED SMART TV.

Smart TV færir þér það besta sem sjónvarp hefur upp á að bjóða í dag. Þú getur núna notað Internetið að fullu í sjónvarpinu með nýjum möguleikum eins og Search All. Þar getur þú leitað að allskonar sjónvarpsefni og fréttum á netinu. Hægt er nálgast allt þitt efni á þínu eigin heimaneti, t.d sækja tónlist frá síma eða kvikmyndir frá tölvu beint í sjónvarpið. Endalausir möguleikar með Samsung TV Forritum en þar er t.d. boðið upp á Facebook, Skype, Picasa o.mfl.

SAMSUNG LED 6500 er tilbúið til að gera alla skemmtun og samskipti í sjónvarpi *enn skemmtilegri* !

Komdu og gerðu BESTU KAUPIN!

SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is
SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

ORMSSON
VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

KVIKA

†

Innilegar þakkir til allra fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna fráfalls og jarðarfarar elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Þorvaldar Björnssonar
kennara og organista.

Sérstaklega þökkum við starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Skjóli 5. hæð og Drafnarhúsi í Hafnarfirði, fyrir góða umönnun á liðnum árum.

Kolbrún Steingrímsdóttir
Steingrímur Þorvaldsson — **Helga Sjöfn Guðjónsdóttir**
Guðrún Þorvaldsdóttir — **Guðmundur E. Finnsson**
Hólmfríður Þorvaldsdóttir — **Gunnar Sigurðsson**
Björn Þorvaldsson — **Anna Gunnarsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,

Jóns Trausta Kárasonar
fyrrum aðalbókara Pósts og síma,

sem lést 24. október sl. Við þökkum sérstaklega starfsfólki á Hjúkrunarheimilinu Eir fyrir mikla alúð og vinsemd.

Bjarghildur Stefánsdóttir
Gylfi Jónsson — **Þórunn Ásgeirsdóttir**
Birgir Jónsson — **Dagrún Þórðardóttir**
Kári Jónsson — **Hermína Hermannsdóttir**
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.

†

Okkar ástkæra eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

Herdís Jónsdóttir
kennari, Auðbrekku 29, Kópavogi,

lést á heimili sínu að kvöldi þriðjudagsins 4. október. Jarðarförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 14. október kl. 15.00.

Halldór Snorri Gunnarsson
Berglind Björk Halldórsdótti — **Hannes Þór Baldursson**
Svanhildur Sif Halldórsdóttir — **Hjalti Geir Pétursson**
Lovísa Lára Halldórsdóttir — **Ársæll Rafn Erlingsson**
Gunnar Már Halldórsson
og ömmubörnin þrjú.

†

Ástkær eiginmaður minn, besti vinur, faðir og stjúpfaðir,

Ingvar Ólafsson
tölvunarfræðingur,
Sæbólsbraut 24, Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju föstudaginn 14. október kl. 13.00.
Þeim sem vilja minnast Ingvars er bent á styrktarsjóð fyrir Einstök börn, www.einstokborn.is.

Kolbrún Olgeirsdóttir
Kristín Sóley Ingvarsdóttir
Kristófer Guðni Ingvarsson
Ásgeir Bjarni Ingvarsson
Ester Brynjólfsdóttir
Örn Brynjólfsson — **Birgitta Ásbjörnsdóttir**
Askja, Hekla og Katla
Guðmundur Þór Brynjólfsson — **Ragnheiður Benediktsdóttir**

Heillaðist af haustlitum

Finnski hönnuðurinn Pia Holm hélt fyrirlestur og vinnustofunámskeið í Hönnunarsafni Íslands um liðna helgi. Pia er sjálfstætt starfandi hönnuður í Finnlandi og hannar meðal annars munstur fyrir Marimekko. Hún segir náttúruna veita sér mestan innblástur og Ísland hafi komið sér á óvart.

„Ég hafði klisjukennda hugmynd um Ísland og sá fyrir mér fornt sögusamfélag," segir hún hlæjandi, en þetta var fyrsta heimsókn hennar til landsins. „Birtan kom mér skemmtilega á óvart og landslagið, sem er allt öðruvísi en í Finnlandi. Þar eru til dæmis engir svartir steinar eins og ég sá á ströndinni á Snæfellsnesi," útskýrir hún hrifin.

Pia er lærður fatahönnuður en hefur að mestu unnið við myndskreytingu bóka og tímarita og munsturgerð. Árið 2006 sendi hún munstur inn í samkeppni hjá Marimekko sem var valið til prentunar á rúmföt, dúka og bakka. Hún segir það hafa verið stóra tækifærið hennar og nú prýða reglulega munstur eftir hana heimilislínur Marimekko og fleiri fyrirtækja.

Munstur Piu byggja á sjálfstæðum „myndum" frekar en símunstri. Hún tekur ljósmyndir og skissar úti í náttúrunni áður en hún vinnur munstrin í klippimyndir og málar. „Ég vil halda í það handgerða í lokaútfærslunni, að pensilstrokur sjáist og óregluleg formin endurspegli hvaðan þau koma."

Finnskir textílhönnuðir byggja á sterkri munsturhefð meðan prenthefð í textíl á sér litla sögu hér á landi. Pia segist hafa fundið fyrir þessum mun á vinnustofunámskeiðinu. „Ykkar textílsaga byggir meira á vefnaði og prjóni og ég fann að ég var að kynna ólíkar vinnuaðferðir en þátttakendur áttu að venjast. Það var mjög skemmtilegt og allir mjög áhugasamir. Ég vona að ég hafi haft einhver áhrif. Íslensku litirnir og formin höfðu allavega áhrif á mig sem munu örugglega skila sér í verkum mínum." Heimasíða Piu er www.happydesign.fi.

heida@frettabladid.is

VIÐ EIGIÐ VERK Verk finnska hönnuðarins Piu Holm hanga uppi á Hönnunarsafni Íslands en hún hélt vinnustofunámskeið fyrir íslenska textílhönnuði þar um liðna helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fagurt syngur svanurinn

MINNINGARTÓNLEIKAR Voces Thules koma fram á tónleikunum í Grafarvogskirkju 14. október í tilefni af 150 ára afmæli Bjarna Þorsteinssonar þjóðlagasafnara.

Hundrað og fimmtíu ára afmælis Bjarna Þorsteinssonar, tónskálds og þjóðlagasafnara, verður minnst á föstudaginn með tónleikum í Grafarvogskirkju.

Á tónleikunum munu hátt á þriðja hundrað söngvara og hljóðfæraleikara flytja lög eftir Bjarna Þorsteinsson og íslensk þjóðlög í fjölbreyttum útsetningum. Á meðal flytjenda eru Kristín Ólafsdóttir þjóðlagasöngkona, Hlöðver Sigurðsson tenór, Jón Svavar Jósepsson barítón, Voces Thules, Spilmenn Ríkínis, Háskólakórinn undir stjórn Gunnsteins Ólafssonar, Flensborgarkórarnir tveir undir stjórn Hrafnhildar Blomsterberg og Skólakór Kársness undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur.

Þá er von á ævisögu Bjarna Þorsteinssonar, sem Viðar Hreinsson rithöfundur skrifar. Bókin varpar ljósi á starf Bjarna, en hann bjó og starfaði í hálfa öld á Siglufirði. Bjarni safnaði þjóðlögum og samdi eigin tónlist. Hann var einnig skeleggur prestur og mikilvirkur bæjarstjórnarmaður og af mörgum kallaður „faðir Siglufjarðar".

Tónleikarnir eru haldnir til styrktar Þjóðlagasetri sr. Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði og hefjast klukkan 20. *- rat*

†

Systir okkar,

Þorbjörg Sigurðardóttir
Austurbrún 6, Reykjavík,

andaðist á Borgarspítalanum miðvikudaginn 28. september.
Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

Systkini hinnar látnu.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Björn Andrés Eiðsson
húsasmíðameistari
Sléttuvegi 15,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir föstudaginn 7. október. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 14. október kl. 13.00.

Sigurrós Gísladóttir
Svava Björnsdóttir — **Sigurbjörn Björnsson**
Eiður Björnsson — **María M. Guðmundsdóttir**
Gísli Björnsson — **Anna D. Tryggvadóttir**
Anna Björnsdóttir — **Róbert B. Agnarsson**
Sigurrós Birna Björnsdóttir — **Guðmundur Kr. Hallgrímsson**
afabörn og langafabörn

†

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Þorgils Jóhannssonar
Sóleyjarima 11.

Ingibjörg Ýr Þorgilsdóttir — **Pétur Christiansen**
Jóhann Þorgilsson — **Hrefna Ólafsdóttir**
Guðlaugur Gauti Þorgilsson — **Linda Sif Bragadóttir**
Styrmir Þorgilsson — **María Vera Gísladóttir**
barnabörn og barnabarnabarn.

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,

Helgu Þóru Jakobsdóttur
áður til heimilis Drekavöllum 18, Hafnarfirði.

Böðvar Guðmundsson
Guðmundur Böðvarsson
Jakob Már Böðvarsson
Gísli Ölvir Böðvarsson — **Þóra Sigurjónsdóttir**
Hlíf Böðvarsdóttir — **Kristmann Larsson**
og barnabörn

Mammoth-tískuhátíðin í Minsk þótti merkileg, en þar var sýndur klæðnaður sem í fæstum tilfellum var mjög hefðbundinn. Til dæmis bar þessi fyrirsæta afmyndaða vængi í tískusýningu Svetlönu Ivashinu.

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

LÉTT FYLLTUR OG FLOTTUR



Teg. 198880 - létt fylltur og flottur í B C skálum á kr. 4.600,- buxur í stíl á kr. 1.995,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366

Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugardögum 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

Vertu vinur

MISTY er á ferð um landið, núna erum við á HÚSAVÍK hjá Önnu Rúnu í síma 895-6771 og á HÖFN hjá Höffy í síma 861-6445, sjá nánar auglýsingu í staðarblöðum.

Eirberg

Bjargar mannslífum

PRIMEDIC hjartastuðtækið

- Ávallt tilbúið til notkunar
- Einfalt og öruggt
- Einn aðgerðarhnappur
- Lithium rafhlaða
- Íslenskt tal

PRIMEDIC™ Saves Life. Everywhere.

Opið virka daga kl. 9 -18 og á laugardögum kl. 11 -16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

Dragtadagar

20%
afsláttur af öllum drögtum

Pils og buxnadragtir í mörgum sniðum.
Hægt að púsla saman að vild.

Stærðir 36-52

Skoðið brot af úrvalinu á facebooksíðunni okkar

hjá Hrafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16

Guðlaugur og Hrafnkell í Captain Fufanu velja föt fyrir sviðið með það að leiðarljósi að geta afklæðst.

Flíkur úr dánarbúum

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Guðlaugur Halldór Einarsson og Hrafnkell Flóki Kaktus Einarsson hafa þrátt fyrir ungan aldur nokkra reynslu af tónleikahátíðinni Iceland Airwaves sem haldin er í tólfta sinn um helgina. Saman skipa þeir hljómsveitina Captain Fufanu sem var stofnuð haustið 2008 og leikur nú í þriðja sinn á hátíðinni.

„Ég held að þetta sé níunda Airwaves-hátíðin sem ég spila á," segir Hrafnkell hokinn af reynslu en hann hóf að leika á trompet með hljómsveitinni Ghostigital aðeins tíu ára að aldri.

Báðir hafa strákarnir mjög flottan fatasmekk en segjast þó ekki hafa sérstakan áhuga á tísku.

„Nei, við erum ekkert að sitja á kaffihúsum og lesa tískublöð," segir Guðlaugur en Hrafnkell er fljótur að bæta við að þeir þekki samt til hönnuða.

„Ég fæ fötin mín aðallega úr dánarbúum, kannski ekki öll en ég fékk samt jakkann í alvöru úr dánarbúi," segir Guðlaugur um brúna köflótta frakkann sem hann klæðist.

Hrafnkell verslar lítið á Íslandi. „Það er þá helst í Nolandi, ég er í gallabuxum þaðan en svo finnum við bara hitt og þetta hér og þar erlendis. Bara einhvers staðar úti á götu," segir Hrafnkell og bætir við að það séu flott föt í Weekday og Fred Perry-búðunum erlendis.

Spurðir um færni sína við saumavélina segist Guðlaugur hafa breytt ýmsum flíkum og Hrafnkell segist leita til hans í von um að breyta fötum.

„Nei," svara þeir samtímis inntir eftir því hvort þeir hafi ákveðið föt fyrir tónleika helgarinnar. „Við klæðum okkur ekkert öðruvísi á sviði. Það er helst að við klæðumst einhverju sem er einfalt að fara úr. Við afklæðumst samt bara þegar við erum í stuði en við erum alltaf í stuði svo þú getur lagt tvo og tvo saman," segir Hrafnkell.

„Íslendingar eru svo fyndnir, þeir þurfa alltaf að gera sig fína þegar Yvan Rodic, betur þekktur sem „Facehunter", kemur til landsins," segir Hrafnkell spurður hvort fólk klæði sig öðruvísi á hátíðinni.

Þeir sem vilja hlýða á tónsmíðar drengjanna en eru ekki handhafar armbands á Iceland Airwaves-hátíðina geta séð þá á off-venue tónleikum á Kaffibarnum í kvöld. Einnig þeyta þeir skífum í versluninni Maníu frá klukkan þrjú til sex á laugardag. Sama kvöld klukkan tíu leika þeir á aðalsviðinu á Faktorý. Ghostigital kemur fram á undan þeim og James Murphy úr LCD Soundsystem spilar á sama sviði undir miðnætti.

hallfridur@frettabladid.is

Notalegir svefnsófar og hægindastólar

Ný sending

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Frá 269.900,-

Íslenski svefnsófinn 329.900.-

169.900.-

Lyftustóll frá 129.900.-

Tiboð 3+2 sett 259.870.-

59.900,-

Sjá nánar verð og ný tilboð á www.svefn.is

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

Búningadeild Metropolitan-listasafnsins mun heiðra tvo tískuhönnuði á vormánuðum. Þá verður opnuð sýning á um áttatíu verkum Elsu Shiaparelli (1890-1973) frá þriðja til sjötta áratugar síðustu aldar og verkum Miucciu Prada frá níunda áratugnum og fram á þennan dag.

Olíublautir fuglar eru fyrirmyndin að fatalínunni.

MYND/MUSTAFA BURAK AYTEKIN

Olíublautir fuglar urðu kveikja að kvenfatalínu

Afleiðingar umhverfisslysa urðu Kolbrúnu Ýri Gunnarsdóttur innblástur að nýrri kvenfatalínu, Tragic Beauty. Útkoman er kjólar sem minna á olíublauta fugla og varpa ljósi á fegurðina í ljótleikanum.

Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir fetar heldur betur ótroðnar slóðir í kvenfatalínunni Tragic Beauty, þar sem hörmulegar afleiðingar umhverfisslysa veittu innblástur.

„Línan endurspeglar ljótleika og fegurðina í harmleik náttúruspjalla sem er í raun bannað að viðurkenna. Fyrst varð ég heilluð af olíubrák á götu og hvernig hún endurspeglar alla regnbogans liti og ákvað að vinna með þessa fegurð. Ég gróf dýpra og fékk áhuga á olíublautum fuglum. Það varð síðan til þess að ég uppgötvaði að olía veldur meiri umhverfisspjöllum en mig hefði getað órað fyrir," segir Kolbrún og nefnir sem dæmi að á ári hverju fari sex milljónir tonna af olíu beint í sjóinn.

Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir.

„Í framhaldi ákvað ég að nota olíublauta fugla sem fyrirmynd að kvenfatalínunni minni. Um leið og fötin endurspegla þennan harmleik er líka eitthvað fallegt við fuglana þegar þeir verða kolsvartir af olíunni."

Línan hefur hlotið lof við Instituto Europeo Design í Barcelona, þar sem Kolbrún er að hefja lokaárið í fatahönnun. Þangað hélt hún ásamt manni og börnum í fyrra og lokaði um leið versluninni KOW við Laugaveg. Kolbrún segist lengi hafa velkst í vafa um að flytja út en þegar ákvörðunin lá fyrir hafi eftirleikurinn verið auðveldur.

„Barcelona er yndisleg borg og uppfull af tækifærum. Maðurinn minn er að læra grafíska hönnun og krakkarnir ánægðir með að læra katalónsku og eignast nýja vini," upplýsir hún og er ánægð í skólanum, þar sem reynsla af búðarrekstri og textílmenntun hefur komið sér vel. „Ég lét gamlan draum rætast og sé ekki eftir því. Þessi skóli hefur algerlega kennt mér það sem ég þurfti á að halda."

roald@frettabladid.is

STÆKKUNAR-
GLERSLAMPAR

Ármúla 18, 108 Reykjavík
Sími 511-3388
Opið mán-fös 9-18, lau 11-15

Amma mús handavinnuhús

HAUST Í SKARTHÚSINU

Ný sending af mjúku og hlýju hringtreflunum.
Verð frá kr. 2.990,-

Einnig mikið úrval af húfum, höttum, treflum, vettlingum, hnésokkum og legghlífum.

Úrval af skartgripum fyrir árshátíðirnar.

Erum á Facebook

SKARTHÚSIÐ
LAUGAVEGI 44
SÍMI 562 24 66

Fyrir árshátíðina

Ótrúlegt úrval af glæsilegum árshátíðarkjólum stærðir 36-48

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Fallega Jólaskeiðin frá Ernu
Verð 16.500,-

ERNA
Skipholti 3, s.552 0775, erna.is

Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Fallegir skór fyrir veturinn
Verð 12.800

Stærð 36 - 41

Stærð 36 - 41

Stærð 36 - 41

Stærð 36 - 41

Stærð 36 - 41

Stærð 36 - 41

Stærð 36 - 41

Stærð 36 - 41

Stærð 36 - 41

Stærð 36 - 41

Stærð 36 - 41

Stærð 36 - 41

Stærð 36 - 41

Stærð 36 - 41

Stærð 36 - 41

Kello – Kringlunni

Kello peysa
Gróf með rennilásum
Verð 21.990
Svört

Kello peysa Síð/opin
Svört/grá
Verð.24.990

Nu Ponsjó
Svört
Verð. 19.990

Soho Market – Grensásvegi 16

Ljós Angoru peysa
Verð. 12.990

Brún kaðlapeysa
Verð. 13.990
Belti. 2.990

Opin peysa
Grá og svört
11.990

Grá peysa
með skrautkraga
Verð. 6.990

Dressmann Kringlunni – Smáralind – Glerártorgi – Laugavegi.

St. S-XXL
Grá/græn/hvít/blá
Verð. 7.990

Bella Donna - Skeifunni 8

St. 38-54
Verð 22.860
Grá/dökkgrá

St. 42-56
Grá / steingrá
Verð. 15.980

POPP

TÓNLISTARBLAÐ • 13. OKTÓBER

MUGISON!

„Ég hef meiri trú á magni en gæðum“

„ÉG VAR SÍÐAST HANDTEKINN Í ÞÝSKALANDI FYRIR AÐ BRJÓTAST INN Í SUNDLAUG.“

SÍÐA 6

TÓNLISTARBLAÐIÐ POPP

EINU SINNI FJALLAÐI POPP UM DÆGURMÁL Í VÍÐASTA SKILNINGI ÞESS ORÐS. NÚ ER BLAÐIÐ BREYTT OG FJALLAR AÐEINS UM TÓNLIST. ÞAÐ ER SVO MIKIÐ AÐ GERAST Í TÓNLISTARLÍFINU OG BLAÐIÐ ÞARF AÐ KOMA ÚT OFTAR OG FYLGIR NÚ FRÉTTABLAÐINU TVISVAR Í MÁNUÐI.

Popp kemur út með breyttu sniði í dag og leggur nú áherslu á tónlist en ekki dægurmál almennt eins og það hefur gert undanfarin misseri. Í staðinn fyrir að koma út mánaðarlega kemur Popp út aðra hverja viku.

Tónlistarmennirnir sem sitja fyrir á forsíðu Popps gleðja einnig lesendur og aðdáendur sína með tónlistarflutningi í Poppskúrnum á visir.is. Mugison flutti til að mynda þrjú lög sem nú eru aðgengileg á Vísi.

Popp kom fyrst út í lok árs 2009 og hefur fjallað um íslenska dægurmenningu síðan þá. Forsíðuandlitin hafa verið fjölbreytt, allt frá Lilju Ingibjargar til Hauks í Diktu og þaðan frá Gunnari Nelson til Þorbjargar í Retro Stefson. Framvegis verða þetta aðeins tónlistarmenn og er af nægu að taka.

Mugison er fyrsti tónlistarmaðurinn sem mætir í Poppskúrinn, en þar munu öll forsíðu andlit Popps taka lagið.

TÓNLEIKAR

Í kvöld: Enginn með Airwaves-armband má missa af Beach House í Listasafni Reykjavíkur klukkan 23.
Á morgun: John Grant kemur fram á tónleikum á Kexi klukkan 18.30. Og þú þarft ekki einu sinni Airwaves-armband.
Ekki á morgun heldur hinn: Berndsen er hress og kemur fram á Nasa klukkan 21.40. En spurningin er: Mætir Bubbi á svæðið og syngur Úlfur úlfur?

POPP

Popp er tónlistarblað og kemur út annan hvern fimmtudag.
Útgáfufélag: 365 miðlar ehf.
Umsjón: Atli Fannar Bjarkason
Forsíðumynd: Valli
Auglýsingar: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is

Popp, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 500

ÍSLENSK / ERLEND

OF MONSTERS AND MEN
MY HEAD IS AN ANIMAL ★★★

Ungmennin koma sterk til leiks með nokkuð heilsteypta plötu sem lofar mjög góðu. Bandið er helþétt með söngkonuna Nönnu í broddi fylkingar, en hún er rosalegt efni, stjarna sveitarinnar. Platan er best þegar þjóðlagastuðið er keyrt í botn (eins í hinu vinsæla Little Talks, King and Lionheart og lokalaginu Lakehouse) á meðan nokkur af „hefðbundnari“ lögunum (til dæmis Sloom og Love Love Love) mættu við smá kryddi og jafnvel derringi. Allir vita af líkindum Little Talks og Home með Edward Sharpe & The Magnetic Zeros og án þess að vilja hengja sig í slíkt dregur ófrumleiki plötuna dálítið niður.

Sem sagt: Flott fyrsta plata. Stuðið í fyrirrúmi, stundum á kostnað frumleikans. **- kg**

MASTODON
THE HUNTER ★★★★

„Lokaðu augunum og láttu eins og allt sé í lagi,“ syngja piltarnir í Mastodon í laginu All the Heavy Lifting, einu af betri lögum The Hunter. Textinn er reyndar á ensku og fjallar eflaust ekki um draumóra Steingríms J. Sigfússonar.

Mastodon er svakaleg hljómsveit og The Hunter er svakaleg plata. Hljómsveitin er orðin mýkri með árunum þrátt fyrir að vera ennþá grjóthörð. Strákarnir syngja meira en þeir öskra og melódían er aldrei langt undan.

Lög eins og áður nefnt All the Heavy Lifting og Stargasm eru betri en önnur lög plötunnar, sem virkar þó sem flott og þétt heild.

Sem sagt: Frábær plata frá Mastodon sem bæði málmhausar og þeir sem hafa aldrei hlustað á Pantera ættu að elska. **- afb**

Dillon rock bar

miðvikudagur 12.10

23:30 / El Camino
22:45 / Hyrrokkin
22:00 / Trust the Lies
21:15 / My Brother is Pale
20:30 / Gang Related

fimmtudagur 13.10

23:30 / Morgan Kane
22:45 / Vicky
22:00 / Vigri
21:15 / Caterpillar Men
20:30 / Náttfari
19:45 / Low Roar
19:00 / Waiters & Bellboys
18:00 / Svavar Knútur
17:15 / Bob Justman

VÍKING LÉTTÖL

Iceland Airwaves '11

Frítt inn

föstudagur 14.10

23:30 / The Vintage Caravan
22:45 / Dark Harvest
22:00 / Dimma
21:15 / Wicked strangers
20:30 / Two tickets to Japan
19:45 / Fönksveinar
19:00 / Monsoon Drive
18:00 / Kalli Tender
17:15 / Heima

laugardagur 15.10

23:30 / Hljómsveitin Ég
22:45 / Mammút
22:00 / Contalgen Funeral
20:30 / Bárujárn
19:00 / Ter Haar(Þýs)
18:00 / Touchy Mob (Þýs)
16:30 / Ellen Kristjáns og dætur
15:30 / Myrra Rós

sunnudagur 16.10

23:30 / Coral
22:45 / Finnegan
22:00 / Postartica
21:15 / Mov
20:30 / Porquesi
19:45 / Heima
19:00 / Guðríð Hansdóttir (fær)
17:15 / Joane Kearney (Írl)



Mugison er með nýja plötu í bígerð sem hann hyggst taka með sér til Evrópu á næsta ári.

HERRA ÍSLAND

Mugison er viðkunnanlegasti tónlistarmaður landsins, kann ekki að gefa út lélegar plötur og fyllir tónleikastaði um allt land. Oft. Hann er herra Ísland og gleðst yfir því að eldri konur séu byrjaðar að mæta aftur á tónleikana hans, en þær vildu ekki sjá pungsveitt rokkið af plötunni Mugiboogie. Nýja platan Haglél er ljúfsár og angurvær og er mest selda plata landsins um þessar mundir.

Þú varðst ekki vinsæll á einni nóttu, þetta er púl, ekki satt?

„Það er einmitt málið. Ég byrjaði 2002 að koma fram sem Mugison. Þá tók ég tónleika á Akranesi og það mættu sjö. Ég var á Akureyri, Egilsstöðum, Ísafirði. Ég byrjaði strax að fara hringinn. Fyrstu tvö árin var mætingin frá engum upp í 15. Svo fór fleira fólk að koma. Fór úr sjö í 15, 15 upp í 30 og svo tvöfaldaðist það yfirleitt. Nema ef ég spilaði á slæmum tónleikum, var of fullur eða lasinn. Þá fækkaði aftur um helming.“

Mugison segir að allt taki sinn tíma og rifjar upp fyrstu árin. „Mér fannst ég vera með sjúklega gott efni og hélt tíu tónleika á Gauknum eða Grand Rokki. Það kom enginn. Bara pabbi og Pétur Ben. Ég hugsaði: „Djöfullinn! Það er ekkert að gerast. Á ég að fara og skrá mig í háskólann?“ Það lenda flestir í þessu, þetta hefur svo mikil áhrif á egóið í manni þegar það mæta svona fáir. En það tekur tíma að búa til skel. Maður þarf alltaf að hafa gaman af gigginu, sama þótt það séu tveir eða tvö þúsund. Svo ég hljómi eins og sjálfshjálparbók, þá verður maður alltaf að gera sitt besta. Sama hvar maður er og hverjir eru mættir. Ég oft lent í því að spila fyrir tvo, en annar þeirra hafi reynst mér sjúklega vel. Verið tónleikabókari, plötubúðarstarfsmaður eða unnið fyrir tímarit. Það skiptir rosalega miklu máli að gefa alltaf allt í draslið.“

Stingum af hefur verið eitt af vinsælustu lögum landsins síðustu vikur. Lagið er spilað á X-inu jafnt sem á Bylgjunni og virðist höfða til allra. Mugison var á tímabili orðinn að einhvers konar rokkskrímsli en sú hlið er víðs fjarri á nýju plötunni og á ferðalagi sínu um landið hefur hann tekið eftir að áhorfendahópurinn breytist með tónlistinni.

„Það sem er í gangi á hverjum tíma hefur geðveik áhrif. Þegar Mugimama sló nett í gegn hérna heima mætti mikið af tónlistarfólki og músíknördum, fyrst um sinn. Svo fór þetta að vera blanda af ungu fólki, 17 til 30 ára. Þegar Mugiboogie kom út hvarf eiginlega kvenþjóðin. Það var bara rokk og sviti og ég fékk karla á öllum aldri — helvíti hressa sem vildu bara pungarokk. Núna hefur orðið skemmtileg breyting á, því rúmur helmingur er konur. Það eru vinkonuhópar að koma á giggin. Svona 25 til 65 ára gamlar skvísur, sem er alveg sjúklega gaman að spila fyrir því þær hlusta vel. Það er gaman því pungakarlarnir áttu stundum til að vera búnir að fá sér aðeins of mikið í tána og koma á gigg heldur hressir. Það kom ekki oft fyrir, en það kom fyrir. Það er gaman að hópurinn er alltaf að breytast.“

Framhald á síðu 6

GÓÐ RÁÐ FRÁ MUGISON: *VAKNA OG DRULLA SÉR Í DRASLIÐ*

1 „Allt er þetta vinna. Maður þarf að drulla sér á fætur og gera hlutina. Það hjálpar eiginlega ekki neitt að hanga og tala. Það hefur haft meiri áhrif á mig en nokkuð annað þegar ég heyrði Einar Örn Sykurmola segja: „Það skiptir ekki máli hvað þú getur, heldur hvað þú gerir.“ Það var eins og fyrir ofsatrúarmann að uppgötva Biblíuna. Mér finnst ég vera fínt dæmi um þetta. Ég er eiginlega ekki góður hljóðfæraleikari eða lagahöfundur, en ég geri og geri og geri. Sumt af því er gott, finnst mér. Eða getur orðið gott. Það er algjörlega númer eitt: Að gera. Vakna á morgnana og drulla sér í draslið.“

2 „Ekki vera með fyrirfram ákveðnar hugmyndir um fólk. Þá á ég við, að þegar maður er að spila músík þá á ekki að skipta máli hvort það eru leikskólakrakkar, framhaldsskólakrakkar, ofsatrúarsöfnuðir eða bankamenn. Ég hef sjálfur lent í því að langa að fá athygli hjá strákunum í Trabant og krúttkynslóðinni. Svo þegar ég var beðinn um að spila fyrir opnun búðar einhvers staðar fyrir 100 þúsund kall, þá fannst mér það svo sjúklega erfitt því það var ekki minn hópur. Davíð Þór [hljómborðsleikari] sló mig einu sinni utan undir og sagði að ég væri snobbhálfviti. Hann spurði hvort ég væri að spila fyrir stéttir eða fólk. Mér fannst það holl lexía.“

3 „Ekki vera með stæla við ljósa- eða hljóðmenn eða tónleikabókara. Það er ótrúlega algengt að hljómsveitir, sérstaklega ungar, setji sig á stall og finnist eitthvað fáránlegt. Ég gerði það fyrst þegar ég spilaði á Airwaves. Þeir bókuðu mig á skítastað klukkan fimm. Ég var að kvarta ógeðslega mikið yfir hljóðkerfinu, staðnum og tímasetningunni. En svo kom á daginn að það var ótrúlega snjallt hjá þeim að setja mig klukkan fimm þegar ekkert annað var í gangi. Það komu ógeðslega margir blaðamenn og ég græddi sjúklega á þessu.“

MUGISON Á AIRWAVES:

KEX (OFF VENUE) KLUKKAN 17 Á FIMMTUDAG.
HARPA NORÐURLJÓS KLUKKAN 21.40 Á FÖSTUDAGINN
Þá er hann væntanlegur til Hafnarfjarðar, Þorlákshafnar, Akraness, Keflavíkur, Húsavíkur, Egilsstaða, Neskaupstaðar, Hafnar í Hornafirði, Bjarnarfjarðar, Ísafjarðar, Patreksfjarðar og Stykkishólms. Upplýsingar á Facebook.

POPPSKÚRINN
Horfðu á Mugison flytja Stingum af og fleiri lög í Poppskúrnum á Vísi.is.

SÝN

Alþjóðlegur sjónverndardagur, 13. október 2011.

Blindrafélagið er mannréttindasamtök

Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, er samfélagslegt afl – mannréttindasamtök – sem berst fyrir því að blindir og sjónskertir einstaklingar geti lifað sjálfstæðu, innihaldsríku og ábyrgu lífi, og að þeim sé tryggður jafn réttur og jöfn tækifæri til ábyrgrar, virkrar og viðurkenndrar þátttöku í öllum þáttum samfélagsins.
Kristinn Halldór Einarsson er formaður Blindrafélagsins og hann var spurður nánar út í starf þess.

„Blindrafélagið stendur fyrir fjölbreyttu félagsstarfi og leitast er við að höfða til allra félagsmanna, bæði ungra og aldinna. Innan félagsins starfa margar deildir á mismunandi vettvangi, t.d. Foreldradeild blindra og sjónskertra barna, Ungblind, Retina Ísland, Kvennadeild Blindrafélagsins, Norðurlandsdeild og Suðurlandsdeild.
Á vettvangi félagsins eru einnig starfandi nefndir og klúbbar sem sinna margvíslegum áhugamálum félagsmanna á hverjum tíma. Yfir vetrartímann er Opið hús í samkomusal Blindrafélagsins starfrækt tvisvar í viku.“
Öllum félagsmönnum Blindrafélagsins er skipaður trúnaðarmaður en trúnaðarmenn eru sérstaklega þjálfaðir til þess að leiðbeina þeim sem hafa misst eða eru að missa sjón og veita þeim stuðning. Blindrafélagið á 20 leiguíbúðir í húsi félagsins að Hamrahlíð 17 og eru þær leigðar út til félagsmanna.
„Öllum félagsmönnum Blindrafélagsins stendur til boða ferðaþjónusta sem ýmist felur í sér afslátt af fargjaldi með leigubílum eða þátttöku sveitarfélagsins í ferðakostnaði með leigubílum, allt eftir samkomulagi. Þetta veitir félagsmönnum Blindrafélagsins mun meira frelsi og sjálfstæði en ef þeir væru bundnir við ferðir hjá Ferðaþjónustu fatlaðra,“ segir Kristinn. Blindrafélagið rekur verslun með smáhjálpartæki í húsi félagsins þar sem seldar eru vörur sem auðvelda sjónskertum sjálfstæða búsetu. Blindrafélagið býður einnig skólum og vinnustöðum stærri hjálpartæki til leigu til þess að auðvelda blindum og sjónskertum nemendum og starfsmönnum dagleg störf.
Blindrafélagið er með öfluga útgáfustarfsemi á sínum vegum. Það gefur út hljóðtímaritið Valdar greinar á hljóðdiski tvisvar í mánuði, Víðsjá er tímarit Blindrafélagsins og kemur út tvisvar á ári. Heimasíða Blindrafélagsins, www.blind.is, er lifandi og virkur miðill með fréttum og upplýsingum af vettvangi félagsins.

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð

Margvísleg þjónusta á einum stað

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga er ríkisstofnun sem tók til starfa árið 2009 og heyrir undir velferðarráðuneytið. Miðstöðin, eins og hún er kölluð daglega, er til húsa að Hamrahlíð 17 í Reykjavík á 5. hæð.

SÝN **Alþjóðlegur sjónverndardagur, 13. október 2011.**

Ábyrgðarmenn: Kristinn Halldór Einarsson, Blindrafélagið og Huld Magnúsdottir, Þjónustu- og þekkingarmiðstöðin. **Blaðamaður:** Lilja Björk Hauksdóttir. **Hönnun, umbrot og myndvinnsla:** Björn E. Westergren, Hugtök ehf. **Ljósmyndir:** Ragnar Th. Sigurðsson – Arctic Images, Guðmundur Ingólfsson – Ímynd o.fl.

Miðstöðin veitir mjög fjölbreytta þjónustu, svo sem kennsluráðgjöf við skóla, nemendur og foreldra, hjálp við gerð námsefnis á stækkuðu formi og punktaletri, kennslu punktaleturs, úthlutar hjálpartækjum, kennir umferli og veitir ýmsa ráðgjöf varðandi athafnir daglegs lífs. Þá eru starfandi á Miðstöðinni augnlæknir og sjónfræðingar sem veita ráðgjöf varðandi sjón, sjónmat og sjónhjálpartæki. Einnig er umsýsla gleraugnaendurgreiðslna á Miðstöðinni en öll börn yngri en 18 ára eiga rétt á endurgreiðslu vegna gleraugna. Þá sér Miðstöðin um smíði gerviaugna en um 250 Íslendingar eru með gerviauga. Nýjasta verkefnið er þjálfun og úthlutun leiðsöguhunda en á Íslandi eru núna fimm leiðsöguhundar og nýverið voru keyptir tveir hvolpar og einn unghundur sem verða þjálfaðir í framtíðinni sem leiðsöguhundar. Hugmyndin er síðan að vera með tvo hunda á ári að jafnaði í þjálfun.
„Hér er mikið um að vera,“ segir forstjóri Miðstöðvarinnar, Huld Magnúsdóttir, „það starfa hér 28 manns við að sinna 1500 einstaklingum auk umsýslu 4300 endurgreiðslna á ári. Við veitum mikla ráðgjöf til allra skólastiga. Það eru um 150 manns sem fá skólaráðgjöf frá leikskóla til háskóla og mikið magn kennsluefnis er framleitt í takt við það.
Við leggjum sérstaka áherslu á börn, foreldra og unga fólkið sem fær hlutfallslega mestu þjónustuna. Langstærsti hópurinn sem fær þjónustu hjá okkur, er þó þeir sem hafa náð 67 ára aldri en sá hópur telur um 73% af öllum þjónustuþegum. Flestir sem koma til okkar eru eldri en 75 ára og stærsti hópurinn er á aldrinum 85-89 ára. Algengasta ástæða þess að fólk leitar til okkar úr þessum hópi er aldurstengd augnbotnahrörnun.
Það er öllum heimilt að leita upplýsinga hjá okkur og fá ráðgjöf um hvaða ferli hentar hverjum og einum best. Skólar, sambýli, dvalarheimili, heilsugæslustöðvar og aðstandendur hafa t.d. oft samband beint að leita sér upplýsinga eða óska eftir ráðgjöf.
Við leggjum sérstaka áherslu á tölvur og tengda tækni og kennum á það auk þess sem við viljum leggja mikla áherslu á punktaletur og aukna notkun þess.“ segir Huld.

Frekari upplýsingar um Miðstöðina og þjónustuna þar er að finna á heimasíðunni www.midstod.is

Hvað er að vera sjónskertur eða blindur?

Algengustu sjónvandamál fólks, eins og nærsýni, fjarsýni og sjónskekkja, flokkast ekki sem sjónskerðing.

Samkvæmt alþjóðlegri skilgreiningu eru þeir einir sjónskertir sem sjá minna en 30% með betra auga með besta gleri.

Þeir sem sjá minna en 10% með betra auga með besta gleri eru taldir lögblindir.
Þetta þýðir að ef fólk fer í sjónmælingu þegar það er með þau gleraugu sem hjálpa því mest (ef gleraugu hjálpa eitthvað á annað borð) en sér samt aðeins 10-30% er það sjónskert. Ef fólk sér minna en 10% með gleraugum er það talið lögblint.

Þegar fólk er sjónskert á það í erfiðleikum með lestur þrátt fyrir bestu gleraugu og má t.d. ekki stjórna bifreið. Þeir sem eru blindir eiga erfitt með að fara um einir á ókunnugum stað þrátt fyrir bestu sjónhjálpartæki.
Í könnun sem Blindrafélagið lét gera fyrir sig síðastliðið sumar kemur fram að meirihluti almennings veit ekki hver skilgreiningin á því að vera sjónskertur eða lögblindur er.

Spurt var: „Hvaða merkingu hefur það að vera sjónskertur í þínum huga?“
Aðeins 16,2% svarenda segja að það sé að hafa 30% sjón eða minna á betra auga með bestu gleraugum, en það er rétt svar.
Um 20% svara því *að það að þurfa að nota gleraugu sé að vera sjónskertur.* 44,7% segja að það að hafa 80% eða 50% sjón eða minna á betra auga með bestu gleraugum sé að vera sjónskertur, og 4,2% segja *að það að sjá ekki neitt* sé að vera sjónskertur.

Einnig var spurt í könnuninni „Hvaða merkingu hefur það að vera lögblindur í þínum huga?“
Um helmingur þátttakenda svarar spurningunni rétt samkvæmt þeirri skilgreiningu að þeir sem hafa 10% sjón eða minna séu lögblindir. Aðrir svara henni þannig að það sé lögblinda að vera með 80% og niður í 30% sjón með bestu gleraugum og 0,4% segja að það *að nota gleraugu* sé að vera lögblindur í þeirra huga.

Af þessu má sjá að mikið þekkingarleysi er á því hvað er að vera blindur eða sjónskertur.

Hvað er að vera sjónskertur?
Þeir sem sjá minna en 30% með betra auga með besta gleri eru sjónskertir.

Hvað er að vera blindur?
Þeir sem sjá minna en 10% með betra auga með besta gleri eru lögblindir.

Sjónvernd – Hlúðu vel að sjóninni

Farðu reglulega í augnskoðun
Þú getur verið með alvarlegan sjúkdóm, án einkenna. Sumir augnsjúkdómar geta þróast hratt ef þeir eru ekki meðhöndlaðir.

Ekki reykja
Fólk sem reykir er 3 til 4 sinnum líklegra til að fá aldursbundna augnbotnahrörnun. Með því að hætta að reykja núna dregurðu úr líkunum á því að þú fáir aldursbundna augnbotnahrörnun.

Borðaðu hollan mat og hreyfðu þig
Borðaðu vítamínauðugan mat. Ofþyngd, kyrrseta og hár blóðþrýstingur eru áhættuþættir sem geta valdið sjúkdómum í augum.

Verndaðu augun í þér fyrir sólarljósi
Notaðu hatt og sólgeraugu með að minnsta kosti 98% vörn gegn útfjólublám geislum sólarinnar.

Notaðu öryggisgleraugu
Notaðu viðurkennd öryggisgleraugu þegar þú stundar íþróttir eða vinnur með verkfæri.

Íhugaðu vítamíninntöku
Ef þú hefur þurra aldursbundna augnbotnahrörnun skaltu ráðfæra þig við augnlækninn þinn um vítamín fyrir augun.

Óháðari, frjálsari og sjálfstæðari með hjálp leiðsöguhunda

Hundur staðsettur sig milli kants og þjálfara

Hundur stöðvar þjálfara við tröppur

Hundur staðsettur sig milli gangstéttarbrúnar og þjálfara

Teymi að störfum; sameigenlegur skilningur og öryggi

Leiðsöguhundar eru mjög mikilvægt hjálpartæki fyrir þá blindu og sjónskertu einstaklinga sem nota þá. Þeir aðstoða þessa einstaklinga við að komast leiðar sinnar á öruggan og sjálfstæðan hátt og eru sérþjálfaðir í að forðast hindranir, stöðva við kanta, tröppur og öll gatnamót, fara yfir umferðargötur á öruggan hátt og fylgja fyrirmælum sem notandinn gefur.

„Það er samt ekki hægt að segja við leiðsöguhundinn „farðu út í banka“ og hann gengur með mann út í banka,“ segir Drífa Gestsdóttir, hundaþjálfari Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga. „Einstaklingurinn sjálfur verður að kunna leiðina sem fara á en hundurinn hjálpar til við að komast þangað.“

Rétt eins og hvíti stafurinn er leiðsöguhundur skilgreindur sem hjálpartæki í umferli. Ákvarðanir um hvert skuli farið eru alfarið í höndum notandans sem stýrir hundinum. Notandinn er í stöðugu sambandi við hundinn til þess að stýra ferðinni að áfangastað. Þess vegna er nauðsynlegt að notandinn sé vel áttaður í umhverfinu sem gengið er um, viti hvar hann er og hvert skuli haldið.

„Besta leiðin til að lýsa leiðsöguhundi er að það að hann sé hinn fullkomni heimilishundur, þeir þurfa að vera yfirvegaðir, samstarfsfúsir, öruggir í öllu umhverfi og ókunnum aðstæðum með jafnaðargeð og heilbrigðir á sál og líkama,“ segir Drífa. „Við erum alltaf að leita að hundum sem henta sem leiðsöguhundar, núna er ég að þjálfa 10 mánaða tík sem lofar mjög góðu og tvo hvolpa. Þetta er eiginlega bara undirbúningur sem þeir eru í núna en alvöruþjálfun hefst ekki fyrr en hundarnir eru um eins og hálfs árs.“

Þegar forþjálfun lýkur eru aðeins þeir hundar sem þykja vænlegir til að ná árangri sem leiðsöguhundar þjálfaðir frekar. Eftir þjálfun hjá leiðsöguhundaþjálfara fara hundarnir til notanda og þá hefst samþjálfun leiðsöguhunds og notanda (teymi) sem tekur u.þ.b. fjórar vikur. Þjálfunin tekur til allra þátta í sambúð teymisins, bæði hvað varðar þrifnað og umönnun hundsins sem og viðhald á þjálfun hans með reglulegum gönguferðum og hlýðniæfingum.

Ekki er talið að teymið sé fullþjálfað fyrr en eftir eitt samstarfsár.

Áður en blindur eða sjónskertur einstaklingur fær leiðsöguhund þarf hann að fara í gegnum langt ferli. „Það er mjög mikilvægt að para saman notanda og hund. Ég þarf að kynnast einstaklingunum sem sækja um hunda. Hundar hafa mismunandi eiginleika, þarfir og skapgerð rétt eins og fólk, og hundur og maður þurfa að passa saman,“ segir Drífa. „Ég þarf líka að kenna fólki almennar umgengnisreglur við hunda áður en það fær leiðsöguhund, þetta er ekki endilega hundafólk sem notar leiðsöguhundana enda eru þeir ekki hugsaðir sem gæludýr heldur hjálpartæki.“

Leiðsöguhundar eru yfirleitt tilbúnir að hefja störf um tveggja ára aldur. „Ég þarf að fylgjast með samstarfi teymisins árlega fyrstu fjögur árin þar sem lítið vandamál getur oft orðið að stóru vandamáli. Ef hundurinn kemst t.d. upp með að stöðva ekki alveg við kant getur hann farið að teygja sig lengra og reynt að komast upp með fleiri hluti. Ef ekki er farið eftir settum reglum og hundinum gefin skýr skilaboð er auðvelt fyrir hundinn að gera mistök og það getur orðið erfitt fyrir notandann þar sem hann treystir hundinum algjörlega t.d. úti í umferðinni,“ segir Drífa.

Leiðsöguhundur er ekki eins og hvert annað gæludýr, hann er fyrst og fremst hjálpartæki. Þegar leiðsöguhundur er með beisli er það undantekningarlaust tákn um að hann sé að vinna og þá má ekki trufla hann. Leiðsöguhundar eru húsbóndahollir, vel agaðir og hlýðnir og þar sem notandi og hundur verja miklum tíma saman myndast yfirleitt sterk vinatengsl. Mikilvægt er að notandi sé fær um að sýna mikla ákveðni og fastheldni við vissar aðstæður en mikla hlýju og kærleik við aðrar. Án vinasambandsins er vinnusambandið ómögulegt til langs tíma.

„Flestir þeirra sem nota leiðsöguhunda geta ekki hugsað sér að vera án þeirra. Þeim finnst þeir frjálsari, sjálfstæðari og óháðari öðru fólki. Þeir geta farið út í búð eða í göngutúr þegar þeim hentar og hundarnir halda fólki félagsskap og verða vinir notendanna,“ segir Drífa.

„Hjálpin sem hann veitir mér er gulls ígildi“



Leiðsöguhundurinn Exo hefur bætt líf Svanhildar Önnu Sveinsdóttur mikið en hann fékk hún vorið 2010. Hann er hennar hjálpartæki þegar hún þarf að komast á milli staða og gerir henni kleift að komast af án annarrar aðstoðar til að sinna sínum daglegu og félagslegu þörfum.

„Samvinna okkar hefur gengið mjög vel, ég dáist að því hvað hann er mikill snillingur í sinni vinnu. Hjálpin sem hann veitir mér er gulls ígildi“ segir Svanhildur ánægð.
Svanhildur segist vera miklu meira úti eftir að hún fékk leiðsöguhundinn og kunningjar hennar segjast alltaf sjá hana alls staðar. „ Hann er farinn að rata á þá staði sjálfur sem ég vil fara til. Ég segi bara „Bónus“ og þá fer hann með mig þangað. Hann er m.a.s. farinn að rata inni í búðinni. Líf mitt eftir að ég fékk Exo er ekki sambærilegt við það sem það var áður, hann er mér svo mikil hjálp.“
Hún segir leiðsöguhundinn vera fyrst og fremst hjálpartæki og að hann hafi sannað gildi sitt margsinnis. Hann er jafnframt vinur hennar og hún segir hann veita sér mikinn félagsskap. Stuttu eftir að Svanhildur fékk Exo fékk hún að vita að hún fengi ekki að hafa hund í þeirri íbúð sem hún bjó í þá. „Hundahald var bannað í gömlu blokkinni og ég sótti formlega um undanþágu áður en hann kom og fékk fyrst neitun en síðan bara sex mánaða leyfi á meðan ég fyndi annað húsnæði. Eftir umfjöllun sem var í fjölmiðlum fékk ég lengri frest til að fara út.“ Svanhildur þurfti að selja íbúðina sína og flutti rétt áður en lagabreyting gekk í gegn sem felur í sér að leiðsöguhundar skuli vera leyfðir alls staðar. „Við erum mjög sátt þar sem við erum núna. Við búum á jarðhæð og það er þægilegra fyrir okkur bæði, hér eru engar tröppur og svo fær Exo smá pláss úti í garði.“
Drífa Gestsdóttir, hundaþjálfari Blindrafélagsins, fylgist enn með Exo og samvinnu þeirra Svanhildar. „Ég get alltaf leitað til hennar ef eitthvað kemur upp á eða ég þarf að fá ráð, það er mjög gott að fá þá aðstoð,“ segir Svanhildur.

„X er hluti af fjölskyldunni“

„Samstarfið hefur gengið vonum framar og hann er ekki bara orðinn einn af fjölskyldunni heldur er hann orðinn að eftirlæti allrar stórfjölskyldunnar,“ segir alþingismaðurinn Helgi Hjörvar sem fékk leiðsöguhundinn X vorið 2009.

X var einn af fjórum leiðsöguhundum sem komu hingað til lands frá leiðsöguhundaskóla norsku blindrasamtakanna. Helgi segist hafa ákveðið það árið 1996 þegar hann var framkvæmdastjóri hjá Blindrafélaginu að fá sér leiðsöguhund þegar hann væri alveg búinn að tapa sjón en hann er með hrörnunarsjúkdóm í augum. „Síðan ákvað ég að það væri gott að fá leiðsöguhund á meðan ég hefði enn smá ratsjón til að það yrði auðveldara að læra á hundinn og átta sig betur á breyttum aðstæðum og aðlagast. Í björtu og reglulegu umhverfi hef ég enn ágæta ratsjón en hann hjálpar mér mikið þegar það er farið að skyggja og þegar eitthvað óvænt eða óreglulegt er í umhverfinu eins og t.d. kassi á miðjum gangi eða barn að leika sér á gangstétt,“ segir Helgi. Hann nefnir það einnig að með hjálp X hafi hann aftur getað farið út að hlaupa sem honum finnst sérlega mikilvægt af því að hann var hættur að geta farið einn.

„Það hefur komið mér á óvart hvað er hægt að kenna honum ofsalega margt og einnig hvað lundin í honum breytist eftir því hvort hann er í vinnugallanum eða ekki. Þegar hann er kominn heim og ég tek af honum beislið hleypur hann um og leikur sér með börnunum mínum. Þótt það standi í reglubókunum að maður megi t.d. ekki kasta til hans bolta væri maður varla mannlegur ef maður gerði það ekki stundum og leyfði honum að fá útrás. Það verður þó að vera jafnvægi í því vegna þess að ef hann fær að leika sér of mikið bitnar það á einbeitingunni hjá honum og aganum.
Hann er rosalega agaður í vinnunni og mikil hjálp fyrir mig en hann er líka uppspretta gleði og ánægju fyrir aðra í fjölskyldunni,“ segir Helgi.

AMD, RP og gláka

Þrjár algengustu orsakir blindu og sjónskerðingar

AMD, RP og gláka eru þrjár algengustu orsakir blindu og sjónskerðingar á Íslandi. AMD (Age-related Macular Degeneration), þ.e. aldurstengd hrörnun í augnbotnum, er algengasta ástæða lögblindu á Íslandi og víðar í hinum vestræna heimi. RP (Retinitis Pigmentosa) er næstalgengasta orsökin hér á landi og gláka er í þriðja sæti. Gláka er hins vegar önnur algengasta orsök sjónskerðingar í hinum vestræna heimi. Gott eftirlit og snemmtæk íhlutun veldur því að hlutfallslega færri eru blindir vegna gláku hér á landi en annars staðar.

AMD

57% þeirra sem eru sjónskertir hér á landi eru það af völdum AMD. Algengi sjúkdómsins eykst með hækkandi aldri. AMD þróast hægt í byrjun en getur í sumum tilvikum breyst snögglega til hins verra og krafist meðhöndlunar strax. AMD má skipta í þrjú stig. Byrjunarstigið felur í sér að sjónin daprast þó ekki meira en svo að oft duga sterkari lesgleraugu og betri lýsing til að vega upp sjóntapið. Fólk með sjúkdóminn á byrjunarstigi telst því ekki sjónskert. Miðstigið leiðir til sjónskerðingar. Til eru tvö form af AMD, þurrt og vott. Fólk með þurra AMD sér óskýran eða auðan blett í miðju sjónsviði sínu þar sem sjónhimnan hefur þynnst. Vott AMD verður vegna nýæðamyndunar sem ýmist lekur blóðavatni og veldur bjögun ellegar blóði sem orsakar mikinn og skyndilegan sjónmissi. Annar hver maður sem náð hefur 80 ára aldri er með AMD á einhverju stigi og fimm af hverjum sex sem orðnir eru níræðir. Fátt er vitað um orsakir aldurshrörnunar annað en náin tengsl við aldur og að lækning er af skornum skammti. Í vissum tilvikum er þó hægt að tefja framgang sjúkdómsins. Fólk með AMD heldur yfirleitt ratsjóninni.

RP

Retinitis Pigmentosa eða RP er samheiti yfir vissa meðfædda hrörnunarsjúkdóma í sjónhimnu augans. Þetta eru alvarlegir sjúkdómar þar sem þeir herja á ungt fólk og leiða í sumum tilvikum til alblindu. Með þennan sjúkdóm eru um 6% allra sjónskertra. Algengasta byrjunar einkenni RP er náttblinda. Hún líkist því sem sjáandi fólk upplifir þegar það fer inn í t.d. bíósal á sólríkum degi. Þegar sjúkdómurinn þróast áfram fer að bera á skerðingu sjónsviðs og margir upplifa eins konar „rörasjón“.
Til er afbrigði af RP þar sem miðlæga sjónsviðið dettur fyrst út og ytri sjónsviðsmörk haldast lengur en það er sjaldgæfara.
Einkenni RP koma oftast fram á unglingsárum og þróast sjúkdómurinn til hins verra langt fram eftir aldri.
Í dag er engin þekkt meðferð til við RP. Á undanförnum 20 árum hafa rannsóknir á RP-sjúkdómunum bætt mikið við þekkingu á eðli þessara arftengdu sjónhimnusjúkdóma og eru núna nokkrar klínískar tilraunir með meðferðarúrræði í gangi.

Gláka

Gláka er safn sjúkdóma sem einkennast af minnkandi sjón og blindu ef ekkert er að gert. Hún er þriðja algengasta orsök blindu og sjónskerðingar meðal Íslendinga í dag, 4% allra sjónskertra. Gláka orsakast af skemmdum í sjóntaug, sem smám saman veldur þrengingu á sjónsviði viðkomandi og getur sjónin orðið lík því að horft sé í gegnum rör. Ef ekkert er að gert versnar líka miðjusjón og einstaklingurinn getur orðið blindur.
Allir geta fengið gláku en sumir eru í meiri hættu en aðrir. Hættan á að fá gláku eykst með aldrinum og hún er að einhverju leyti arfgeng. Ótrúlegur árangur hefur náðst hér á landi í glákuvörnum og er ástæðan fyrst og fremst gott eftirlit. Einungis augnlæknargeta greint gláku á fullnægjandi hátt og þeir einir geta fundið gláku á upphafsstigum.
Gláka er þögull sjúkdómur í upphafi og getur fólk gengið með gláku árum saman án þess að vita af því og á meðan grefur sjúkdómurinn um sig og veldur óbætanlegum skaða. Það er ekki hægt að lækna gláku að fullu en ef hún finnst nógu snemma og meðferð hefst er hægt að koma í veg fyrir frekari skemmdir á sjón.

Einungis augnlæknargeta greint gláku á fullnægjandi hátt og þeir einir geta fundið gláku á upphafsstigum.

Fólk með þurra AMD sér óskýran eða auðan blett í miðju sjónsviði sínu þar sem sjónhimnan hefur þynnst.

Retinitis Pigmentosa eða RP er samheiti yfir vissa meðfædda hrörnunarsjúkdóma í sjónhimnu augans.

Það er ekki hægt að lækna gláku að fullu en ef hún finnst nógu snemma og meðferð hefst er hægt að koma í veg fyrir frekari skemmdir á sjón.

Aðgengismál

Aðgengi blindra og sjónskertra vegfarenda hefur farið versnandi að undanförnu í Reykjavík að mati fulltrúa í aðgengisnefnd Blindrafélagsins.

Þær Lilja Sveinsdóttir og Vala Jóna Garðarsdóttir í aðgengisnefndinni röktu nokkur dæmi um hættur sem steðja að blindum og sjónskertum einstaklingum í umhverfinu. Einnig voru nokkur dæmi fengin að láni frá Arnþóri Helgasyni af bloggsíðu hans http://arnthorhelgason.blog.is/blog/arnthorhelgason/.

Ómerkt gangbraut við Ráðhús Reykjavíkur

- Tröppur – ómerktar tröppur geta verið blindum og sjónskertum einstaklingum hættulegar því að þær renna saman við umhverfið.
- Svokallaðar sebrabrautir eru nánast horfnar af götum bæjarins. Gangbrautir eru oft ómerktar og götuljós eru sjaldnast með hljóðmerki.
- Víða í borginni finnst ekki lengur neinn munur á götum og gangstéttum og lenda því blindir vegfarendur iðulega úti á götu án þess að átta sig á því.
- Í þeim mannvirkjum, sem tekin hafa verið í notkun að undanförnu eru merkingar lélegar og heppilegar litasamsetningar og leiðarlínur af skornum skammti.

„Sebrabraut“ við gatnamót í Hamraborg í Kópavogi

- Víða eru margs konar stólpar og hindranir sem valda fólki meiðslum og margs kyns óþægindum.

Vel merktar tröppur og handrið við hús Blindrafélagsins

Ómerktar tröppur og handrið við hús Tryggingastofnunar

ÚRBÆTUR

Í mörgum tilfellum má færa aðgengismál til betri vegar með einföldum lausnum

- Mála tröppur og handrið í skærum litum
- Merkja glerbyggingar og -hurðir
- Mála „sebrabrautir“ þar sem gangbrautir eru
- Nota hljóðmerki í gangbrautarljós
- Setja kanta við gatnamót þannig að blindir og sjónskertir einstaklingar átti sig á því að þeir séu að koma að götu.
- Nota litaandstæður í umhverfinu þannig að fólk átti sig betur á því.

Leiðsögutækni og góð ráð

- Blindir og sjónskertir einstaklingar eru eins misjafnir og þeir eru margir. Flestir vita sjálfir hvaða aðstoð hentar þeim, hikaðu ekki við að spyrja.
- Gerðu vart við þig, kynntu þig með nafni, sérstaklega þegar þið eruð að kynnast.
- Bjóddu fram aðstoð þína. Veittu aðstoð sé hennar óskað. Berðu virðingu fyrir því sé hún afþökkuð.
- Ekki nota orð eins og „hér“ og „þar“. Gefðu góðar skýringar eins og „kaffið er hægra megin við þig á borðinu“.
- Láttu vita þegar þú gengur í burtu svo viðkomandi átti sig á því og haldi ekki áfram að tala við þig eftir að þú ert farin/n.
- Þegar komið er í fjölmenni er gott að segja frá því hvaða fólk er viðstatt og hvernig aðstæður eru.
- Ekki nota líkamstjáningu í samskiptum, svaraðu með orðum og útskýrðu hvað þú ert að gera.
- Ávarpaðu viðkomandi einstakling með nafni í fjölmenni svo hann/hún átti sig á því að verið er að tala við hann/hana. Einnig er ágætt að snerta öxl þess sem talað er við svo viðkomandi viti að verið er að ræða við hann/hana.
- Forðastu að búa til hindranir með því að setja hluti í gangvegi, t.d. stóla á miðjan gang eða tösku í gangveg.
- Það er allt í lagi að nota orð eins og „sjáðu“. Blindir og sjónskertir nota þau líka.
- Spurðu hvort viðkomandi vill halda í þig. Bjóddu honum/henni að grípa um handlegg þinn; best er að halda rétt ofan við olnboga. Gakktu hálfu skrefi á undan þeim sem er leiddur.

Snerting

Grip

Fylgdarmaður er skrefi á undan



Sérstakur stuðningur

Þrengsli, t.d. við dyr

Vísað á stól

Gengið út/inn um dyr. Sá sjónskerti er sömu megin og hjarir

Inn í bíl, finna hurðarhún og þakkant

Í verslun

Þér er boðið í Opið hús að Hamrahlíð 17

Fyrirlestur um gláku

Í dag, á Alþjóðlegum sjónverndardegi, fimmtudaginn 13. október munu verða boðið upp á fyrirlestur um gláku og glákuvarnir í Húsi Blindrafélagsins að Hamrahlíð 17. Fyrirlesturinn hefst kl. 17:00 og verður fluttur af Guðmundi Viggóssyni augnlækni. Fyrirlesturinn er í boði Blindrafélagsins, Lions á Íslandi og Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Allir velkomnir á meðan að húsrúm leyfir.

15. OKTÓBER

Dagur „Hvíta stafsins“

Í tilefni af degi HVÍTA STAFSINS, laugardaginn 15. október næstkomandi, viljum við bjóða þér í opið hús að Hamrahlíð 17, í Húsi Blindrafélagsins. Húsið verður opið almenningi milli kl. 14:00 og 16:00.

Gestum mun gefast kostur á að kynnast þeirri fjölbreyttu starfsemi sem fram fer í húsinu. Má þar nefna: **Hjálpartækjaverslun Blindrafélagsins, starfsemi Blindravinnustofunnar, starfsemi Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, endurhæfingaríbúð fyrir blinda og sjónskerta, starfsemi sprotafyrirtækisins Oxymap, starfsemi Augnlækna Reykjavíkur, starfsemi Nuddstofu Óla og starfsemi sjóntækjafræðinganna í Optic Reykjavík.**

Einnig verða til sýnis og skemmtunar leiðsöguhundar fyrir blinda, hvolpar sem hafa verið valdir til að verða leiðsöguhundar og leitarhundar frá lögreglunni og hjálparsveitunum.

Boðið verður upp á kaffiveitingar.

Blindravinnustofan fagnar í ár 70 ára afmæli sínu.

Með því að kaupa vörur eða þjónustu Blindravinnustofunnar leggur þú þitt af mörkum til þess að styðja blint og sjónskert fólk til sjálfstæðis.

Á þessum 70 árum hefur Blindravinnustofan unnið sér sess í hjörtum margra og er stór þáttur í lífi þeirra sem þar hafa unnið. Fyrirtækið er umsvifameira en margir gera sér grein fyrir en vörur þess þekkja flestir Íslendingar.

„Blindravinnustofan er vettvangur fyrir einstaklinga sem eru blindir og sjónskertir, og flestir með viðbótarskerðingar eða að kljást við langvarandi sjúkdóma, til þess að eiga félagsleg samskipti, afla sér tekna og vera virkir á vinnumarkaði. Hún starfar samkvæmt samningi við Vinnumálastofnun og er skilgreind sem verndaður vinnustaður og starfsþjálfunarstaður,“ segir Hrönn Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Blindravinnustofunnar.

Þetta er tilgangur Blindravinnustofunnar en hún er einnig venjulegt fyrirtæki á markaði. „Við þurfum að sjá starfsfólkinu okkar fyrir verkefnum og svo þurfum við líka að afla okkur tekna til að geta rekið þjónustuna. Sem slík er Blindravinnustofan skilgreind sem einkafyrirtæki og er heildsala á vettvangi hreinlætisvara sem eru seldar á almennum markaði. Blindravinnustofan er stærsti einstaki aðilinn á markaði á sínum vettvangi og eru um 60 vörunúmer hennar seldar í um það bil 60 verslunum og matvörumörkuðum um land allt. Vörurnar sem við erum með til sölu eru allt vörur sem snerta þrifnað, öll áhöld til hreingerningar,“ segir Hrönn.

„Við leggjum okkur fram um að vera með góðar vörur. Við erum t.d. með uppþvottabursta sem þola hitastigið á íslensku heitu vatni en það gera þeir alls ekki allir,“ segir Hrönn. Hún bætir við að Blindravinnustofan verði að vera samkeppnisfær af því að hún keppir á samkeppnismarkaði þrátt fyrir að vera fyrirtæki með samfélagsleg markmið og tilgang. „Við njótum góðs af því að það er stór hópur fólks sem vill styðja gott starf og gott málefni og fá vandaða vöru um leið,“ segir Hrönn.

Blindravinnustofan tekur einnig að sér verkefni fyrir aðra sem þurfa að láta pakka, flokka og merkja hluti fyrir sig, hvort sem það eru geisladiskar, blöð, pokar eða herðatré, bæði einstaklingar og fyrirtæki.

Helstu ártöl:

1941 – Blindravinnustofan stofnuð
1961 – Blindravinnustofan flytur í Hamrahlíð 17
1982 – Blindrafélagið kaupir körfugerðarverkstæði Jakobs Kristjánssonar
1985 – Burstar eingöngu framleiddir í vélum
1995 – Körfugerð á vegum Blindrafélagsins hætt
1996 – Blindravinnustofan gerð að einkahlutafélagi í eigu Blindrafélagsins
2002 – Allri burstaframleiðslu hætt
2011 – Blindravinnustofan 70 ára. Starfsfólk hennar pakkar innflutningsvörum í neytendaumbúðir og merkir þær og tekur að sér pökkunar- og flokkunarverkefni fyrir önnur fyrirtæki og einstaklinga.

Afmælistilboð Nings

Nings í 20 ár

Afmælistilboð
fyrir tvo eða fleiri

20 ára 1991 -2011

Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu

Woksteiktar karrýnúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti

Stökkt svínakjöt með Orange sósu

Ferskt salat og hrísgrjón.

TILBOÐIÐ ER EINGÖNGU FYRIR 2 EÐA FLEIRI

1795 krónur á mann

3590 krónur fyrir tvo

Ef þú hringir inn pöntun og sækir færð þú frían Nings-ís

Heilsutilboð
fyrir tvo eða fleiri

Tröllatrefjar með eggjum kjúklingi og grænmeti

Tofukjöt og grænmeti í massaman karrýsósu

Ferskt salat og hrísgrjón.

2 L. Egils Kristall

TILBOÐIÐ ER EINGÖNGU FYRIR 2 EÐA FLEIRI

1745 krónur á mann

3490 krónur fyrir tvo

NINGS

og kroppurinn blómstrar

20 ára 1991 -2011

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • sími 588 9899 • www.nings.is

VÍSIR
POPP
SKÚRINN

MUGISON
FLYTUR STINGUM AF OG FLEIRI LÖG
Í POPPSKÚRNUM
Á VÍSI.IS

ENNEMM / SÍA / NM48674
32
tónleikastaðir
m.siminn.is
Náðu í appið og upplifðu Airwaves með okkur
Síminn

ROKKPRÓFIÐ

8 STIG

__01.__ HEFURÐU AFLÝST TÓNLEIKUM VEGNA EYMSLA Í HÁLSI? __02.__ HLJÓMSVEITARRÚTAN BILAR Á FERÐ UM MIÐ-EVRÓPU. HVAÐ GERIR ÞÚ? __03.__ HVENÆR VARSTU SÍÐAST HANDTEKINN? __04.__ ÁTTU ÓSKILGETIN AFKVÆMI Í FLEIRI EN FIMM SÝSLUM Á ÍSLANDI? __05.__ ERTU MEÐ NAFN FYRRVERANDI ÁSTKONU/ELSKHUGA HÚÐFLÚRAÐ Á ÞIG? __06.__ ALLIR EIGA LEÐURJAKKA, EN ÁTT ÞÚ LEÐURBUXUR? __07.__ ERTU MEÐ NÚMERIÐ HJÁ HELGA BJÖRNS Í SÍMANUM ÞÍNUM? __08.__ MYNDIRÐU SEMJA LAG FYRIR ÍMYNDARAUGLÝSINGU NATO GEGN RÍFLEGRI GREIÐSLU? __09.__ Í KVIKMYND UM LÍF ÞITT, HVAÐA LEIKSTJÓRI VÆRI RÉTTI MAÐURINN Í STARFIÐ? __10.__ BJÖRN JÖRUNDUR SPLÆSIR Á BARNUM, HVAÐ FÆRÐU ÞÉR?

7 STIG

JÓN ÞÓR SIGURÐSSON
TROMMULEIKARI DIKTU

1. Nei, ég aflýsti einu sinni tónleikum vegna eymsla í leghálsi en það var eina skiptið. **1**
2. Ég hringi í þyrluþjónustu Axels Haraldssonar og hann reddar málunum. **0**
3. Ég var síðast handtekinn í Þýskalandi fyrir að brjótast inn í sundlaug og stökkva af 10 metra stökkpalli. **1**
4. Þar sem ég rukka bara fyrir skotið, þá eru þau bara fjögur í mínum bókum. En strangt til tekið eru þau fimm útaf tvíburunum. **1**
5. Nei, ég kunni ekki að stafsetja Pedro. **0**
6. Nei, en kærastan mín á leðurbuxur og ég fæ þær lánaðar ef ég er í stuði. Hún saumaði þær sjálf. **1**
7. Já, að sjálfsögðu. **1**
8. Ætli ég myndi ekki gera það frítt, nei djók. **1**
9. Egill Ólafsson. **1**
10. Ég fengi mér Hulk á Sjallanum. **1**

Á AIRWAVES:

Dikta í Tjarnarbíói á laugardaginn klukkan 23.10.
Retro Stefson í Hafnarhúsinu á fimmtudag klukkan 22 og á Nasa á sunnudag klukkan 22.

LOGI PEDRO STEFÁNSSON
BASSALEIKARI RETRO STEFSON

1. Já, ég var einu sinni í kór í Hallgrímskirkju. Það var hundleiðinlegt og þegar kom að tónleikum aflýsti ég komu minni vegna eymsla í hálsi. **1**
2. Fer á 3G netið og kem með status. **1**
3. Í sumar í Berlín fundum við vinirnir björgunarhring á röltinu um miðja nótt. Við tókum hann með okkur því þeim fannst hann geggjað gott stofustáss. Allt í einu mætir löggan og yfirheyrir okkur en hún hafði þá verið að leita að gripnum alla nóttina. **1**
4. Nei, nema enginn hafi látið mig vita. **0**
5. Nei, ég myndi frekar fá mér nafn hundsins míns þó það sé reyndar frekar platónskt samband. **0**
6. Já, ég á einar skjannahvítar úr ekta argentínsku albínóanauti. **1**
7. Nei, en ég vildi að ég hefði það því mér finnst hann „heví“ nettur gaur. Ég hef oft hitt hann baksviðs og hann er með flottari poppstjörnum í Evrópu. **0**
8. Bara ef ég mætti koma mínum eigin duldu skilaboðum inn í lagið sem myndu knésetja NATO. **1**
9. Spike Lee, hann er algjör sleði. **1**
10. Drykk sem Helgi Björns kenndi mér að gera. Gin, sódavatn, salt og pipar. **1**

FRAMHALD AF SÍÐU 4

Mugison hefur verið duglegur að ferðast um heiminn með tónlist sína og segist ekki hafa tölu á hringjunum sem hann hefur ferðast í kringum Evrópu. Hann ætlar samt ekki út með nýju plötuna, enda er hún íslensk í gegn, en hann vinnur að nýrri plötu á hljóðfærið sem hann smíðaði sjálfur, hið dularfulla minstrument. „Ég er að gæla við að fara út í apríl á næsta ári og spila í Evrópu, til að reyna að kynda undir hátíðunum fyrir sumarið. Þannig að ég láti vita af mér.“

Mugison gefur út sjálfur í Evrópu, en er þetta hægt án þess að njóta stuðnings útgáfufyrirtækis?

„Tónlistarbransinn er svo breyttur. Áður fyrr þorði enginn að gera neitt án þess að einhver væri að gefa þá út. Í dag, sérstaklega hér heima, þá þorir fólk að kýla á þetta sjálft, gera 300 eintök af plötu, gefa á Airwaves og reyna að koma sér áfram. Netið, Facebook og allar þessar nýju leiðir til að koma sér á framfæri erlendis, þetta er allt miklu opnara en áður. Í dag seljast stóru titlarnir minna, en það er ógeðslega mikið af minni titlum sem seljast sæmilega. Venjulegt fólk tekur líka eftir að hérna heima hefur tónleikaaðsókn og -framboð aukist alveg þvílíkt. Það græðir enginn á útgáfu. Útgáfa er eins og nafnspjald fyrir tónlistarmenn. Þetta landslag hefur breyst rosalega mikið. Það er miklu auðveldara að gera þetta sjálfur í dag.“

Er breytingin góð eða slæm?

„Mér finnst breytingin góð. Ég hef meiri trú á magni en gæðum. Gæði eru svo hverful. Mér finnst alveg geðveikt að hafa aðgang að sjúklegu magni og það eru öðruvísi leiðir til að komast að því hvað þú fílar. Í gamla daga fór maður í Hljómalind. Þar las Kiddi í karakterinn manns og prangaði inn á mann diskum sem maður elskaði. En í dag kemur tónlistin úr milljón áttum. Maður treystir nokkrum vinum sínum, nokkrum bloggurum, örfáum gagnrýnendum. Þetta eru ótrúlega skemmtilegar breytingar sem hafa átt sér stað síðustu þrjú til fjögur árin. Þær hafa orðið til þess að 17 ára frændi minn sem tekur upp lag á símann sinn og birtir á Youtube gæti orðið næsta stóra atriðið á Hróarskeldu.“

Martin & Co
EST. 1833

Láttu drauminn rætast.

HD-28VE

Tónastöðin býður upp á
mikið úrval hljóðfæra
og nótnahefta fyrir allar
tegundir tónlistar
og leggur áherslu á góða
og persónulega þjónustu.

Hjá okkur færðu
faglega þjónustu,
byggða á þekkingu og
áratuga reynslu.

TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími 552 1185 / Strandgata 25 • Akureyri • sími 456 1185 • www.tonastodin.is

FIMM BESTU ABBA-LÖGIN

ÓTTARR PROPPÉ
SÖNGVARI Í HAM

WATCH OUT

Þetta lag er frá því snemma á ferlinum þegar þau í ABBA héldu ennþá að þau væru glam-hljómsveit með Björn sem forsöngvara. Gítarlikkið grúvar eins og flottasta ZZ Top, Björn gargar eins og Rod Stewart á góðum votviðrisdegi og stelpurnar bæta svo inn allsvakalegum rokköskrum. Það flottasta í laginu er mjög langt rokköskur frá Agnethu sem er klippt á, mjög snögglega, á akkúrat réttu augnabliki.

1

TAKE A CHANCE ON ME

Línan í bakröddunum í upphafi lagsins nær mér alltaf; „Take a chance, Take a Chance, Take a, Take a, Chance, Chance“. Svona textagerð er skandinavískari en ákavíti. Í hvert skipti sem ég heyri þessa byrjun þá rifja ég ósjálfrátt upp allt lagið á methraða og fæ síðan nostalgíuhroll við að hlusta á það klárast á rauntíma.

2

KNOWING ME, KNOWING YOU

Sannar það ásamt Dancing Queen af sömu plötu að ABBA-liðar höfðu náð fullkomnu valdi á diskóforminu. Hér er líka að farið að heyrast í þessari tregafullu eftirsjá sem er bæði klén og sönn og er stór hluti af ABBA-galdrinum.

3

LAY ALL YOUR LOVE ON ME

Frábær diskóslagari og með því „evrópskasta“ sem ABBA gerði, allavega hljómagangurinn. Hef alltaf séð fyrir mér að þetta gæti verið lag með Kraftwerk ef þeir væru með trommara og söngkonur og væru ekki töff. Sé strákana frá Düsseldorf alltaf fyrir mér að hlusta á þetta lag í hraðlest að næturlagi. Er handviss um að það hafi einhvern tímann gerst og þá hafi Kraftwerk sett upp alveg sérstaklega töff svip.

4

LIKE AN ANGEL PASSING THROUGH MY ROOM

Sennilega tregafyllsta ABBA-lagið enda síðasta lagið á The Visitors sem var síðasta platan. Nær einsdæmi að hljómsveit gefi upp öndina með reisn. Rytminn er keyrður áfram á tifi í vekjaraklukku og röddin í Fridu er tekin upp alveg hrein og mjög nálæg í mixinu. Söngur að handan, enda hljómsveitin öll þegar við hin fengum að heyra þetta á plötu.

5

SEMJA NÝ LÖG Í SUMARBÚSTAÐ

Mammút hefur verið að semja lög á næstu plötu sína í sumarbústað uppi í sveit. „Við leigðum ódýran sumarbústað fyrir utan bæinn, pínkulítinn. Við erum búin að fara þangað tvisvar í sumar og höfum verið í viku, tíu daga í senn,“ segir söngkonan Katrína Mogensen. „Það hefur gengið mjög vel. Það var algjörlega frábær ákvörðun.“ Upptökur á nýju plötunni hefjast í næsta mánuði.

Hljómsveitin var búin að taka upp marga grunna fyrir plötuna en ákvað að henda þeim í ruslið og byrja upp á nýtt. „Við þurftum að gera eitthvað róttækt á eftir Karkara [sem kom út 2008]. Við þurftum að kúpla okkur út frá þeirri plötu,“ segir Katrín. „Við vorum búin að spila hana svo mikið en núna á Airwaves ætlum við bara að spila nýtt efni. Við ætlum að setja Karkara á hilluna í bili.“

Mammút, sem sigraði í Músíktilraunum 2004, spilaði á Nasa í gær á Airwaves-hátíðinni. Í dag verður hún í kaffiaðstöðunni hjá nemendagalleríi Listaháskólans og á Kex Hostel. Á morgun spilar sveitin svo utan dagskrár í kjallaranum hjá Ásu Dýradóttur, bassaleikara Mammúts, á Laufásvegi 14. Þar stígur einnig á svið hljómsveitin Muck. *- fb*

UNDIRBÚA NÝJA PLÖTU
Katrína Mogensen og félagar í Mammút hafa samið lög á nýjustu plötu sína í sumarbústað uppi í sveit.



BÍLAR & FARATÆKI

FORD Explorer ltd 4x4. Árgerð 2007, ekinn 60 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.490.000. Rnr.100066.Nánari uppl í sima 570-5220

Notaðir bílar Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotakopavogi.is

M.BENZ 190e. Árg. 1991, ek. 238 Þ.KM, bensín, sjálfsk. V. 350 þús. Rnr.102843. Frí auglýsing í Fréttablaðinu fylgir öllum skráningu, Skráðu bílinn frítt www.netbilar.is s. 588 5300

VW Golf comfortline. Árg. 2004, ek. 58 Þ.KM, bensín, sjálfs. V. 1.480 þús. Rnr.101677.Frí auglýsing í Fréttablaðinu fylgir öllum skráningu, Skráðu bílinn frítt www.netbilar.is s. 588 5300

17.30 Liris, Tríó Glóðir, Ljósvaki, Svavar Knútur, **Elín Ey**, Taylor Selsback, Lay Low, Erla Jónatans og Snjólugt koma fram á tónleikum á Barböru. Aðgangur er ókeypis.

17.15 Bob Justman, Svavar Knútur, Waiters & Bellboys, Náttfari, Caterpillarmen, Vigri, Vicky og Morgan Kane spila á Dillon. Aðgangur er ókeypis.

17.30 Benni Hemm Hemm spilar í Kormáki og Skildi. Aðgangur er ókeypis.

18.00 Hellvar og Ourlives leika á tónleikum á Hemma og Valda. Aðgangur er ókeypis.

18.10 Owen Pallet, Puzzle Muteson, Michael Wookey, Bedroom Community DJ, DJ Alfon X, DJ Sexy Lazer, DJ Kasper Bjørke og Captain Fufanu spila tónlist á Kaffibarnum. Aðgangur er ókeypis.

18.35 Norn, Draumhvörf, Gösli, We Made God, The Wicked Stranger og Primavera stíga á svið á Fimmtudagsforleik í Hinu húsinu. Aðgangur er ókeypis.

19.00 Sindri Eldon og Guðmundur Úlfarsson spila fyrir gesti í versluninni Kron Kron.

Tónleikar

20.00 Sinfóníuhljómsveitin tekur þátt í Iceland Airwaves. Á þrennum tónleikum sama kvöldið hljóma verk eftir ung íslensk tónskáld, auk þess sem einn fremsti nútímatónlistarhópur Bandaríkjanna flytur Different Trains, eitt af meistaraverkum Steve Reich. Miðaverð er kr. 2.500.

20.30 Eyjólfur Kristjánsson heldur tónleika í Kirkju- og menningarmiðstöðinni í Fjarðabyggð á Eskifirði.

21.00 Hljómsveitin Eldberg heldur útgáfutónleika á Græna hattinum. Miðaverð er kr. 1.500.

21.00 Söngkonan Edda Borg heldur djasstónleika ásamt hljómsveit á Cafe Rósenberg.

22.00 Gísli Helgason flautuleikari og Þórður Árnason gítarleikari verða gestir Bítladrengjanna blíðu á Ob-La-Dí-Ob-La-Da á Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

Leiklist

20.00 **Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands** sýnir Á botninum í Smiðjunni. Miðaverð er kr. 1.500.

Fundir

12.00 Aðalsteinn Davíðsson, flytur erindi sem ber yfirskriftina Íslensk tunga - upphaf og þróun, rituð mynd og hljóðmynd í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins. Allir velkomnir.

Félagsvist

20.00 Félagsvist Skaftfellinga og Rangæinga í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178. Allir velkomnir.

Töfrasýning

20.00 Árleg töfrasýning Hins íslenska töframannagildis fer fram í Salnum í Kópavogi. Félagar í Hinu íslenska töframannagildi koma fram ásamt breska töframanninum James Brown. Miðaverð er kr. 2.900.

Fótbolta Quiz

20.00 Fótbolta Quiz fer fram á Enska barnum, Flatahrauni 5a í Hafnarfirði. **Hörður Magnússon** íþróttafréttamaður er spyrill. Tveir saman í liði og ókeypis þátttaka.

Heimildarmyndir

17.17 Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir heimildarmyndina Í hjarta Shangri-La í Odda 101 í Háskóla Íslands. Aðgangur er ókeypis.

Hönnun og tíska

18.00 Tískumyndband með flíkum frá BIRNU verður frumsýnt í verslun BIRNU á Skólavörðustíg 2. Afsláttur af öllum vörum og léttar veitingar.

Kvikmyndir

10.30 Kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglinga hefst í Bíói Paradís. Myndin Gullæðið eftir Charles Chaplin er sýnd fyrir börn kl. 10.30. Myndin Paradísarbíóið í leikstjórn Giuseppe Tornatore er sýnd fyrir unglinga tólf ára og eldri og hefst kl. 13.

Eldri borgarar

10.00 Korpúlfarnir, samtök eldri borgara í Grafarvogi standa fyrir keilu í Keiluhöllinni kl. 10 og postulínsmálun og tréútskurði kl. 13 á Korpúlfsstöðum.

Málþing

13.00 Jón Sigurðsson - Hugsjónir og stefnumál. Tveggja alda minning, er yfirskrift málþings sem Hið íslenska bókmenntafélag, lagadeild og hagfræðideild Háskólans standa að í hátíðasal Háskóla Íslands. Málþingið er haldið í tilefni af 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar.

Fyrirlestrar

12.00 Ragnhild Lund, prófessor í landafræði við Norska tækni- og vísindaháskólann (NTNU) í Þrándheimi, flytur hádegisfyrirlestur um aktívisma meðal Adivasi-kvenna á Indlandi í stofu 102 á Háskólatorgi í Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn fer fram á ensku. Liður í Jafnréttisdögum í Háskóla Íslands.

Myndlist

20.00 Nocturne in Bank and Blue, myndbandsinnsetning utandyra og gjörningur, eftir Helgu Björg Gylfadóttur verður til sýnis í Nýlistasafninu milli kl. 20-21. Sýningin Grasrót IX er til sýnis í safninu.

Samkoma

20.00 Dagskrá á Hótel Selfossi þar sem farið verður yfir sögu danskrar menningar á Selfossi í máli og myndum. Ýmis tónlistaratriði og fleiri uppátæki.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

Best á Airwaves: Franz Gunnarsson tónlistarmaður

John Grant og Lights á Glaumbar

„Ég ætla að flakka voðalega mikið á milli. Það sem maður er búinn að negla niður af þessu erlenda er John Grant. Svo ætla ég að fylgjast mikið með íslensku böndunum og hef sett mér það takmark að vera sem víðast. Lights on the Highway verða í órafmagnaðri útgáfu á Glaumbar á laugardagskvöldið ég ætla líka að sjá Valdimar í svoleiðis fíling. Ég hugsa að ég verði með annan fótinn á Glaumbar."

LANCÔME DAGAR
Í DEBENHAMS 13. – 19. OKTÓBER

Haustlitirnir eru innblásnir af Hollywood og París. Tímalaus, djörf en fáguð og nútímaleg förðun.

Kaupaukinn* þinn þegar þú kaupir 2 eða fleiri Lancôme vörur:

~ Lancôme taska
~ Lancôme töskuspegill
~ Génifique verðlaunadroparnir 7 ml
~ Rénergie Volumetry krem 15 ml
~ Hypnôse Precious Cells maskari
~ Teint Miracle farði 5 ml
~ Absolue varalitur

Verðmæti kaupaukans 14.800 krónur

*Gildir ekki með öðrum tilboðum, Bocage eða blýöntum. Gildir á kynningunni meðan birgðir endast. Einn kaupauki á viðskiptavin.

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

FIMMTUDAGUR OPNUM KLUKKAN ELLEFU

Góður tilbúinn heimilismatur fyrir 3-4

998 KR. BAKKINN

ÞARF AÐEINS *AÐ HITA!*

ÍSLANDS LAMB

SÉRSKORIÐ BÓNUS LAMBALÆRI ÞAR SEM EFSTI HLUTI MJAÐMABEINS OG RÓFUBEINIÐ ER SKORIÐ FRÁ OG ÞVÍ ER MEIRA KJÖTOG MINNA BEIN Á LÆRINU!

SÉRSKORIÐ FERSKT LAMBALÆRI

SS

Grill læri er frábær nýjung frá SS. Klofið læri án leggs sem er aðeins 40 mínútur í eldun. Jöfn þykktin skilar ljúffengri og jafn eldaðri steik

JURTAKRYDDAÐ GRILL LAMBALÆRI

FERSKUR ÚRB. **GRÍSAHNAKKI**

FERSKUR **GRÍSABÓGUR**

FERSKT BLANDAÐ HAKK
40% NAUT • 40% LAMB • 20% GRÍS

KJARNAFÆÐI

KOFAREYKT
NAUTATUNGA
598 KR.KG
TILVALIN Í ÁLEGG OFAN Á BRAUÐ

NÝTT Í BÓNUS

FULLELDUÐ ÍSLENSK KJÖTSÚPA
ÞARF AÐEINS AÐ HITA !
998 KR. 1. LTR.

INNFLUTT

FERSKT NAUTAVEISLU
100% NAUTAHAKK

FJÓRIR 100% NAUTABORGARAR M.BRAUÐI

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

OS BRAUÐOSTUR
TILBOÐ
998 KR.KG
VERÐ ÁÐUR
1298 KR.KG

BÓNUS FETAOSTUR 250 GR
FETI-OSTUR Í KRYDDOLÍU
FETI-OSTUR OG ÓLÍFUR Í KRYDDOLÍU



HYDROXYCUT
KOMIÐ Í BÓNUS
120 STK. Í DÓSINNI

COW&GATE BARNAMATUR
GRÆNMETISMAUK 6 GLÖS X 125G

MYLLU **HEIMILISBRAUÐ1**

EUROSHOPPER **MÚSLIBAR 8 STK.**

GÆÐABAKSTURS KLEINUR
10 STK.

LÍFRÆNT-HIMNESKUR
ENGIFERDRYKKUR
ÞESSI FRÁBÆRI DRYKKUR KOMINN AFTUR

EUROSHOPPER
UPPÞVOTTALÖGUR

EUROSHOPPER
MÝKINGAREFNI

EUROSHOPPER
UPPÞVOTTABURSTI

EUROSHOPPER
UPPÞVOTTAVÉLTÖFLUR 50 STK.

PEPSI & PEPSI MAX
2 LTR

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

HELGI JÓNSSON

REYKJAVÍK!

> Í SPILARANUM

Helgi Hrafn Jónsson - Big Spring
Real Estate - Days
Árstíðir - Svefns og vöku skil
Jens Lekman - An Argument with Myself
Reykjavík! - Locust Sounds

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Samstarf við Hammond

Rokksveitin The Vaccines, með Árna Hjörvar Árnason á bassanum, gefur út nýja smáskífu 4. desember. Þar verður lagið Wetsuit af fyrstu plötu sveitarinnar, What Did You Expect From The Vaccines?, og einnig Tiger Blood sem var tekið upp í samvinnu við Albert Hammond Jr., gítarleikara The Strokes.

The Vaccines hefur verið verið að semja nýtt efni að undanförnu og brá sér til New York og tók upp þetta nýja lag í hljóðverinu hans. The Vaccines átti að spila á Airwaves-hátíðinni sem hófst í gær en þurfti að hætta við vegna veikinda söngvarans. Næst á dagskrá hjá bandinu er tónleikaferð um Bretland sem hefst 28. október þar sem það hitar fyrst um sinn upp fyrir Arctic Monkeys. What Did You Expect From The Vaccines? hefur náð gullsölu í Bretlandi síðan hún kom út í mars, með yfir 200 þúsund seld eintök.

FLOTT SAMSTARF Árni Hjörvar og félagar í The Vaccines unnu nýverið með Albert Hammond Jr.

> PLATA VIKUNNAR

Björk - Biophilia

★★★★

„Björk gefur ekkert eftir á metnaðarfullri plötu.“ - tj

TÓNNINN GEFINN
Trausti Júlíusson

Sá á kvölina ...

Svokölluð off-venue dagskrá hefur verið fastur hluti af Iceland Airwaves undanfarin ár. Þessi dagskrá er til hliðar við aðaldagskrána og ólíkt henni er hún ókeypis og öllum opin. Það er löngu uppselt á Airwaves en þessi aukadagskrá gefur þeim sem ekki náðu í miða tækifæri til þess að sjá samt meirihluta þeirra tónlistarmanna sem spila á hátíðinni.

Off-venue dagskráin er alltaf að verða betur og betur skipulögð og metnaðurinn eykst ár frá ári. Í fyrra vakti dagskrá Reykjavík Downtown Hostel mikla athygli. Það kemur sterkt inn núna líka en Kex hostel fær samt titilinn fyrir flottustu dagskrána í ár. Í dag spila þar t.d. Jóhann Jóhannsson, Mammút, Mugison, Lay Low og Of Monsters and Men, en á morgun m.a. The Twilight Sad, Caged Animals og John Grant og sænska sveitin Dungen spilar á laugardaginn.

Það eru mörg hundruð tónleikar á off-venue dagskránni, en hana má skoða í heild sinni undir flipanum Schedule á Icelandairwaves.is. Á meðal þeirra staða sem eru með feita dagskrá alla dagana eru auk Kex og Reykjavík Downtown, Barbara, Dillon, Kaffibarinn, Reykjavík Backpackers, Hressó, Kaffistofan á Hverfisgötu og Norræna húsið. Norrænu listamennirnir eru eðlilega áberandi á síðastnefnda staðnum. Þar spila t.d. Finnarnir í 22 Pistepirkko í dag klukkan 15.15 og danska sveitin Dad Rocks á morgun klukkan 13.30. Á meðal sérstakra off-venue viðburða má nefna Montreal-dagskrá í Bíó Paradís á morgun kl. 14.00, en þar spila Leif Vollebekk, Karkwa og Random Recipe, og kanadíska dag á Hressó á laugardaginn kl. 13.00, en þar spila fimm kanadískar sveitir.

Annars er off-venue dagskráin viðameiri í ár en nokkru sinni fyrr og engin leið að koma henni til skila í svo stuttum pistli. Stór hluti erlendu hljómsveitanna spilar off-venue og flest öll íslensku nöfnin og oft eru mörg góð tilboð í gangi á sama tíma. Sá á kvölina sem á völina ...

FEIT DAGSKRÁ John Grant spilar á Kex Hostel á morgun kl. 18.30. Kexið fær titilinn fyrir flottustu off-venue dagskrána í ár.

BEACH HOUSE Hljómsveitin spilar á Listasafni Reykjavíkur í kvöld og bíða margir spenntir eftir tónleikunum.

Tónlistin eins Trójuhestur

Draumpoppararnir í Beach House spila í Listasafni Reykjavíkur í kvöld. Sveitin hefur verið að semja efni á nýja plötu og eru þetta fyrstu tónleikar hennar í tvo og hálfan mánuð.

Beach House er eitt af stóru nöfnunum á Airwaves-hátíðinni í ár. Þessi bandaríska hljómsveit frá borginni Baltimore spilar í Listasafni Reykjavíkur í kvöld og má búast við fullu húsi og mögulega langri biðröð fyrir utan staðinn.

Beach House er skipuð þeim Alex Scally og Victoriu Legrand og hafa þau gefið út þrjár plötur. Sú síðasta, Teen Dream, var af mörgum talin ein sú besta á síðasta ári. Til dæmis fékk hún 9 af 10 í einkunn bæði hjá NME og Pitchfork.

Í viðtali við Fréttablaðið segist Scally hlakka mikið til að spila á Airwaves. „Við höfum ekki spilað á tónleikum í tvo og hálfan mánuð og það er líka alltaf mjög spennandi að spila í fyrsta sinn í nýju landi,“ segir hann afslappaður. Ástæðan fyrir tónleikaleysinu er sú að Beach House hefur verið að semja ný lög fyrir næstu plötu sína. „Við vorum á tónleikaferð nánast allt síðasta ár og í byrjun þessa árs. Núna höfum við verið að semja eins mikið og við höfum getað.“ Spurður hvernig nýju lögin hljómi segir hann: „Það verða aðrir að meta það. Þessar lagasmíðar eru bara eðlilegt framhald fyrir okkur. Við förum í tónleikaferðir og semjum síðan lög. Það er bara það sem við gerum.“

Beach House var stofnuð árið 2005. Scally spilar á gítar og hljómborð og Legrand syngur og spilar á orgel. Hann er frá Baltimore en hún er fædd í Frakklandi. „Við hittumst í Baltimore. Ég er þaðan en Victoria flutti þangað, eiginlega til að spila tónlist. Eitt leiddi af öðru. Ætli örlögin hafi ekki verið að verki.“

Hvernig náið þið tvö saman? „Mjög vel. Ég held að það sé um tvennt að ræða þegar hljómsveitir vinna mikið saman og túra. Annað hvort hatar fólk hvert annað eða er mjög náið og þannig erum við. Við erum öll góðir vinir í hljómsveitinni og berum virðingu hvert fyrir öðru.“

Lög Beach House eru frekar hæg og útsetningarnar stemningsfullar. Þess vegna hefur tónlistin verið skilgreind sem draumpopp. Scally hefur ekkert út á nafngiftina að setja. „Fólk hefur þörf fyrir að flokka hluti og ef fólk vill setja okkur í þennan flokk er það bara allt í lagi. Við byggjum að mörgu leyti lögin okkar upp eins og popplög og að bendla okkur við popp er því rökrétt. Þegar fólk blandar draumum inn í þetta er það að tala um hljóðfærin og hljómana sem við notum til að búa til þessa tónlist sem við elskum.“

Þessi tónlist snýst mikið um að búa til rétta andrúmsloftið, ekki satt? „Jú, og þetta er líka dálítið eins og með Trójuhestinn. Að lauma einhverju risavöxnu inn í herbergið.“

Eftir tónleikana í kvöld ætla Scally og félagar að dvelja áfram hér á landi og verða hér á morgun og meirihluta laugardagsins. „Við ætlum að leigja bíl, fara á fleiri tónleika og reyna að kynnast landinu betur,“ segir draumpopparinn.

freyr@frettabladid.is

LAGALISTINN

Vikuna 6. október. - 12. október 2011

Sæti		Flytjandi	Lag
▶	1	Of Monsters And Men	*Little Talks*
▲	2	Mugison	*Stingum af*
▼	3	Adam Levine / Christina Aguilera	Moves Like Jagger
▲	4	Elín Ey / Pétur Ben	*Þjóðvegurinn*
▼	5	Jón Jónsson	*Wanna Get It*
▲	6	Bubbi Morthens	*Slappaðu af*
▼	7	Adele	*Set Fire To The Rain*
▲	8	Rihanna	*Cheers (Drink To That)*
▶	9	Red Hot Chili Peppers	*Adventures Of Rain Dance*
▶	10	Coldplay	*Paradise*

TÓNLISTINN

Vikuna 6. október - 12. október 2011

Sæti		Flytjandi	Plata
▶	1	Mugison	*Haglél*
▶	2	Of Monsters And Men	*My Head Is An Animal*
▲	3	Helgi Björns & reiðm. vind.	*Ég vil fara uppí sveit*
▲	4	Jón Jónsson	*Wait For Fate*
▼	5	HAM	*Svik, harmur og dauði*
▲	6	Bubbi	*Ég trúi á þig*
▲	7	Adele	*21*
▼	8	Úr söngleik Borgarleikhússins	*Galdrakarlinn í Oz*
▲	9	Sóley	*We Sink*
▼	10	Gus Gus	*Arabian Horse*

Skýringar:
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

Þátttakendur í Lagalistanum: Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is

FARTÖLVUR

NÝJAR VÉLAR • SÝNINGARVÉLAR • NOTAÐAR VÉLAR

RÝMINGARSALA

ASUS TOSHIBA msi acer ASUS TOSHIBA msi acer

TOSHIBA 15,6"
acer 15,6"
ASUS 15,6"
TOSHIBA 13,3"
TOSHIBA 10,1"

LOKADAGUR

ALLRA SÍÐASTI DAGUR RÝMINGARSÖLUNNAR

MIKIÐ ÚRVAL - ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR - TAKMARKAÐ MAGN

TÖLVULISTINN

TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17 S: 414 1700	STRANDGÖTU 9 S: 414 1730	MIÐVANGI 2-4 S: 414 1735	HAFNARGÖTU 90 S: 414 1740	AUSTURVEGI 34 S: 414 1745	REYKJAVÍKURVEGI 66 S: 414 1750

> POPPKORNSSMELLUR

Fyrsta stiklan úr stórmyndinni Avengers er komin á netið en þar má sjá allar helstu ofurhetjur Marvel-myndasögufyrirtækisins samankomnar. Stiklan lofar feykilega góðu, en eins og Fréttablaðið greindi frá sér Heba Þórisdóttir um förðun Scarlett Johansson í myndinni.

bíó

bio@frettabladid.is

Javier Bardem gerir Bond lífið leitt

Stærstu fréttirnar í Hollywood í gær voru án nokkurs vafa þær að Javier Bardem myndi leika aðalskúrkinn í Bond-mynd númer 23. Þar með er það staðfest að framleiðendur Bond-myndanna ætla að leggja allt í sölurnar fyrir hálfrar aldar afmæli myndanna um leyniþjónustumanninn.

Bardem staðfesti orðróminn í viðtali við fréttaþáttinn Nightline, en spænski leikarinn fer fyrir samtökum sem hafa það á stefnuskrá sinni að bjarga flóttamönnum frá Vestur-Sahara og var að kynna þau. „Þau völdu mig til að leika og ég er mjög spenntur. Foreldrar mínir fóru með mig á myndirnar í æsku og ég hef séð þær allar. Þannig að það að leika í þeim verður mjög skemmtilegt," sagði Bardem en bætti því strax við að hann gæti, eðli málsins samkvæmt, ekki tjáð sig neitt frekar um hlutverkið.

Ráðning Bardems þykir mjög metnaðarfull enda ekki á hverjum degi sem Óskarsverðlaunahafi er fenginn til að túlka illmennið í James Bond-mynd. Fáir efast þó um hæfileika Spánverjans til að leika fúlmenni enda gleymist það seint þegar hann birtist á hvíta tjaldinu sem morðóði og tilfinningalausi leigumorðinginn Anton Chigurh í No Country for Old Men. - fgg

SVALUR Javier Bardem hefur verið ráðinn til að leika illmennið í Bond-mynd númer 23.

Stöðugt stuð í bíóhúsum borgarinnar

Það ríkir mikil frumsýningargleði í kvikmyndahúsum um þessar mundir og allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Eins og kemur fram hér til hliðar verða tvær íslenskar kvikmyndir frumsýndar en auk þess verða myndir eftir Almodóvar og Woody Allen teknar til sýninga.

Í kvikmyndinni La piel que habito endurnýja Spánverjarnir Almodóvar og Antonio Banderas gjöfult samstarf sitt, en Almodóvar gerði Banderas að stórstjörnu á sínum tíma og opnaði honum leið inn í Ameríku. Nú snýr Banderas aftur á fornar slóðir – enda ferillinn í Hollywood í sögulegu lágmarki – og fer á kostum í hlutverki sjúks lýtalæknis. Annar mikill meistari frumsýnir mynd sína í Bíó Paradís, en Woody Allen þykir vera í góðu formi í kvikmyndinni Midnight in Paris. Allen hefur verið að fást við evrópskar borgir í síðustu kvikmyndum sínum, hefur heimsótt bæði London og Barcelona en eins og nafnið gefur til kynna er París málið núna. Með aðalhlutverkin í myndinni fara þau Owen Wilson, Rachel McAdams og Kathy Bates.

Góðkunningi barnanna, Bangsímon, verður frumsýndur í Sambíóunum um helgina. Boðið verður upp á sérstakt barnabíó um helgina en myndin verður sýnd með lægri hljóðstyrk og þá verður ljóstíra í salnum. Sambíóin frumsýna einnig dansmyndina Footloose, sem er endurgerð á samnefndri mynd frá árinu 1984 með Kevin Bacon í aðalhlutverki. - fgg

FJÖLBREYTT ÚRVAL Kvikmyndahúsagestir geta farið í bíó um helgina og séð íslenska mynd, teiknimynd, spænska mynd og Woody Allen-mynd sem gerist í París með forsetafrúnni Cörlu Bruni í litlu hlutverki.

HAFA BÁÐIR GRÁTIÐ Því gat oft fylgt mikil geðshræring þegar þeir Óskar og Ólafur voru að stíga sín fyrstu skref í kvikmyndagerðinni. Óskar segist hafa farið að hágráta þegar hann var í skóla og kennarinn var ósammála honum um endi á stuttmynd.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ætlum ekki að vera aular fyrir framan áhorfendur

Kvikmyndaleikstjórarnir Óskar Jónasson og Ólafur Jóhannesson vöknuðu báðir með hnút í maganum á mánudagsmorgun enda stór stund fram undan, þeir eru að frumsýna myndir sínar.

Kvikmyndirnar Borgríki og Hetjur Valhallar: Þór verða báðar frumsýndar í þessari viku. Þær eiga það sameiginlegt að vera íslenskar en þar með er líkindunum lokið, Borgríki er tryllir sem fylgist með undirheimum Reykjavíkur og baráttu lögreglunnar við misyndismenn en Hetjur Valhallar: Þór er teiknimynd fyrir alla fjölskylduna, innblásin af norrænu goðafræðinni. Borgríki var gerð fyrir áttatíu milljónir en Hetjur Valhallar: Þór fyrir einn og hálfan milljarð.

Hreyfilist í draumi

Leikstjórarnir Óskar og Ólafur viðurkenna báðir að hafa vaknað á mánudagsmorgun með hnút í maganum. „Ég fór að velta því fyrir mér hvort ég hefði drukkið of mikið kaffi," segir Óskar en Ólafur segist hafa verið viðbúinn sínum. „Það er alveg sama hvort maður fer í jóga eða ræktina, þessi hnútur verður þarna enn þá. Maður er bara í sjálf-gíslatöku og vaknar og sofnar í köldum svita." Óskar ákveður á þessum tímapunkti að deila draumi sem hann dreymdi; hann var að lesa Fréttablaðið og verður var við eitthvert skrjáf fyrir framan sig. „Og ég uppgötva að þetta er tjald og ég stend uppi á sviði, algjörlega óundirbúinn og ákveð að bjarga mér með hreyfilist." Ólaf hefur hins vegar ekki dreymt neitt á þessa lund. Og kannski er það bara fyrir bestu.

Engan kjánahroll, takk

Viðtalið hefst reyndar á því að Ólafur Jóhannesson yfirheyrir Óskar um gerð teiknimyndar og Óskar kryfur vinnuna nánast í þaula, segir teiknimyndagerð mikla þolinmæðisvinnu þar sem huga verði að hverju einasta smáatriði. „Ég veit ekki hvort ég treysti mér til að gera þetta aftur," segir Óskar og Ólafur kinkar kolli, þetta eru tveir kvikmyndagerðarmenn og hjörtu þeirra slá nánast í takt.

Og það kemur berlega í ljós þegar þeir deila með sér sögu af fyrstu kynnum sínum af kvikmyndagerð, þeir felldu til að mynda báðir tár af spennu þegar þeir voru að vinna sínar fyrstu myndir. „Ég fór að hágráta í skólanum þegar kennarinn sagði mér að breyta endi á stuttmynd. Ég var ekki sammála honum og einn skólafélagi minn kom að mér þar sem ég var hágrátandi." Og Ólafur tekur undir þetta, fyrstu verkefnin hafi verið virkilega taugatrekkjandi. „Eina markmiðið núna er að láta mig ekki líta út fyrir að vera aula í stórum sal fullum af áhorfendum, vera með allt mitt á hreinu," segir Ólafur og Óskar kinkar núna kolli, honum til samþykkis. „Stór hluti af viðfangsefni leikstjórans er að koma í veg fyrir kjánahroll, flestir áhorfendur þekkja þennan aulahroll og það er verkefni leikstjórans að koma auga á hann og klippa hann út."

Hollywood opnar augun

Umræðan fer síðan út í íslenska kvikmyndagerð, en hún hefur blómstrað frá því eftir hrun, til að mynda verða tíu íslenskar kvikmyndir frumsýndar á þessu ári.

„Þetta hefur verið gott ár en ég held, því miður, að þetta sé síðasta góða árið, þetta er síðasta pústið. Næsta ár verður ákaflega erfitt og það eru ekkert sérstaklega mörg verkefni í gangi," segir Ólafur en bætir því við að þetta sé líka sagt hvert einasta ár. „Hins vegar er núna raunveruleg hætta á því að fagfólki fari að flytjast úr landi," skýtur Óskar að.

Og þá er alltaf hægt að láta sig dreyma um Hollywood. Óskar leikstýrði kvikmyndinni Reykjavík-Rotterdam sem nú er orðin að Contraband með Mark Wahlberg í aðalhlutverki og Ólafur er kominn á samning hjá amerískri umboðsskrifstofu þar sem verið er að skoða endurgerðarmöguleika Borgríkis. Óskar segist vera búinn að sjá stiklu úr Contraband og er virkilega sáttur.

„Mér fannst hún algjört æði," segir Óskar, en Reykjavík-Rotterdam er fyrsta endurgerða íslenska kvikmyndin. „Að sjá stikluna var flott því hún virðist vera nokkuð trú upprunalegu sögunni og þetta kitlar, vonandi verður þetta upphafið að einhverju meira.

Þetta er bara virkilega hvetjandi. Bandaríkin eru bara þannig að það er erfitt að koma evrópskum kvikmyndum í bíóhús þar. En þetta er það sem þeir gera, þeir endurgera bara myndirnar og laga þær að sínu."

freyrgigja@frettabladid.is

NÝR ÞJÓÐBÚNINGUR

BLANDAN MÍN OG BLANDAN ÞÍN
EGILS MALT OG APPELSÍN

Egils

115 **MILLJÓNIR ÍSLENSKRA KRÓNA** er skaðabótakrafan sem Jessica Alba hefur sent megrunarfyrirtæki í Bandaríkjunum fyrir að nota mynd af henni í leyfisleysi. Hún krefst þess jafnframt að fá hluta af gróða fyrirtækisins, en það framleiðir hina svokölluðu Belly Bandit.

MARGMENNI Á FYRSTA AIRWAVES-GIGGINU Í GÆR

Það fer ekki á milli mála að tónlistarhátíðin Iceland Airwaves er hafin og miðborgin er full af erlendum sem innlendum tónlistarunnendum. Það var stappfullt á Kex Hostel í hádeginu í gær þegar ein vinsælasta hljómsveit landsins, GusGus, steig á svið og söng fyrir veðurbarða tónleikagesti. Svo mikið var stuðið að undir lokin voru flestir farnir að dilla sér við dansvæna tóna GusGus og lofuðu tónleikarnir góðu fyrir framhaldið á tónlistarhátíðinni.

INNLIFUN Þau Daníel Ágúst og Urður gáfu ekkert eftir í söngnum.

MUNDUÐU MYNDAVÉLINA Flestir gestir hátíðarinnar voru með myndavélina á lofti á tónleikunum.

BROSIÐ Tónlistarmaðurinn Jón Jónsson var að sjálfsögðu mættur með bros á vör að venju. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

TJALDIÐ Margir gæddu sér á veitingum í stóru tjaldi sem búið er að koma fyrir í portinu á Kex.

GUSGUS Daníel Ágúst, Urður Hákonardóttir, Stebbi Steph og Biggi Veira hljómuðu vel á Kex Hostel.

Tónlist ★★★★

Brostinn strengur

Lay Low

Allt gengur upp hjá Lay Low

Brostinn strengur er þriðja sólóplata Lovísu Elísabetar Sigrúnardóttur, eða Lay Low, en að auki hefur hún sent frá sér plötuna Ökutímar með tónlist úr samnefndu leikriti og tónleikaplötuna Flatey. Fyrstu tvær plötur Lay Low, Please Don't Hate Me (2006) og Farewell Good Night's Sleep (2008), voru báðar sungnar á ensku. Á Ökutímaplötunni söng Lay Low á íslensku og á nýju plötunni heldur hún því áfram. Lay Low samdi öll lögin á Brostnum streng og einn texta, en hinir tíu textarnir eru eftir íslenskar skáldkonur, þar á meðal Valborgu Bentsdóttur, Margréti Jónsdóttur, Undínu, Hugrúnu og Huldu.

Lay Low vann plötuna meðal annars með félaga sínum úr Benny Crespo's Gang, Magnúsi Árna Öder Kristinssyni, sem sá um upptökustjórn ásamt henni, hljóðblandaði og hljóðjafnaði og spilaði á ýmis hljóðfæri, en aðrir hljóðfæraleikarar voru Pétur Hallgrímsson sem lék á banjó, Bassi Ólafsson trommuleikari og Lovísa sjálf sem spilaði á gítar og hljómborð.

Please Don't Hate Me var frekar hrá og blússkotin, en á Farewell Good Night's Sleep var hljómurinn fágaður og áhrif frá sveitatónlist augljós. Á Brostnum streng er tónlistin töluvert fjölbreyttari. Það eru róleg og ljúf lög, til dæmis Gleðileg blóm, en líka hraðari og harðari. Vonin er til dæmis rokkað lag sem nálgast tónlist Benny Crespo's Gang þó að það vanti í það rafmagnsgítarinn, Kvöld í skógi og Gleym mér ei eru róleg popplög, hvort með sinn karakter og það er þjóðlagarokkstemning í titillaginu Brostnum streng. Og þannig mætti halda áfram að lýsa lögunum ellefu á plötunni.

Hugmyndin á Brostnum streng var að gera tónlist við ljóð íslenskra kvenna. Það má ímynda sér alls konar útfærslur á því verkefni. Lay Low fer þá leið að semja einfaldlega lög við þessi ljóð og útsetja þau svo hvert og eitt. Og henni hefur tekist mjög vel til. Lögin eru góð, útsetningarnar ferskar og hugmyndaríkar og hljómurinn er hlýr og gamaldags, en platan er tekin upp á segulband. Flutningurinn er líka vel af hendi leystur og lifandi. Söngur Lovísu er alltaf jafn fallegur og það er gleðilegt að hún sé farin að syngja á íslensku.

Á heildina litið er Brostinn strengur frábær plata. Að mínu mati besta plata Lay Low hingað til.

Trausti Júlíusson

Niðurstaða: Lay Low toppar sig á frábærri plötu.

PARKET & GÓLF

Lagerhreinsun á gólfefnum hjá Stepp og Parket & Gólf í Ármúla 32.

Allt að 80% afsláttur.

Gegnheilt parket, harðparket, smelluparket, leðurflísar, hurðir, teppi, dúkar og mottur.

Á meðan birgðir endast.

Ármúla 32 · 108 Reykjavík · Sími 568 1888
parketoggolf@parketoggolf.is · www.parketoggolf.is

Þú finnur okkur líka á facebook

Stepp

Faðir í fyrsta sinn

Jack Osbourne á von á sínu fyrsta barni, en fréttirnar sagði hann í viðtali við breska sjónvarpsmanninn Piers Morgan. „Ég er spenntur og smá stressaður," sagði Osbourne, en vika er síðan Osbourne tilkynnti trúlofun sína og Lisu Stelly.

Barnið verður fyrsta barnabarn rokkarans Ozzy Osbourne og ku vera mikil gleði á heimilinu.

VON Á BARNI Hinn nýtrúlofaði Jack Osbourne á von á sínu fyrsta barni. NORDICPHOTOS/GETTY

Spears fær falleinkunn í Svíþjóð

Poppprinsessan Britney Spears fær skelfilega dóma hjá dönskum og sænskum fjölmiðlum eftir tónleika sína þar í vikunni. Það var á mánudaginn sem Spears tróð upp í Herning í Danmörku og sögðu danskir gagnrýnendur hana vera jafn kynþokkafulla á sviði og „strætóstoppistöð í rigningu".

Blaðamaður Ekstra Bladet segir tónleikagesti ekki hafa fengið neitt fyrir peninginn, en uppselt var á tónleika Spears. „Ég finn til með söngkonunni, sem verður 30 ára í desember. Hún leit út eins og gömul táningsstjarna sem vildi frekar vera heima í íþróttagalla að borða franskar og horfa á lélega bíómynd." Tónleikarnir fá tvær stjörnur af sex mögulegum en önnur blöð gefa tónleikunum falleinkunn.

KYNÞOKKAFULL EINS OG STRÆTÓSTOPPISTÖÐ Í RIGNINGU Sænskir og danskir gagnrýnendur fara ekki fögrum orðum um tónleika Britney Spears fyrr í vikunni. NORDICPHOTOS/GETTY

Gagnrýnandi Aftonbladet í Svíþjóð tekur í sama streng eftir tónleika Spears í Malmö og lýsir söngkonunni sem „svefndrukknum uppvakningi". Í kjölfarið á þessum dómum er víst að Spears verður að taka sig saman í andlitinu fyrir næstu tónleika hennar í Stokkhólmi á sunnudag ef bjarga á orðspori hennar í Skandinavíu.

Mikið úrval af flottum skóm

20% afsláttur af öllum dömuskóm

Gildir fimmtudag til miðvikudags

Tamaris

Verð áður 29.990.-
Verð nú **23.992.-**

Verð áður 33.990.--
Verð nú **27.192.-**

Verð áður 18.990-
Verð nú 15.192.-

Verð áður 33.990.-
Verð nú **27.192.-**

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

EKKERT LEÐUR Leikarinn Tobey Maguire borðar ekki kjöt og situr ekki í leðursætum. Hér er hann með eiginkonu sinni, Jennifer Meyer-Maguire. NORDICPHOTOS/GETTY

Situr ekki í leðursætum

Dýravinurinn Tobey Maguire afþakkaði afnot af bíl sem honum var boðinn af því hann vildi ekki sitja í leðursætum bílsins. Maguire er í Ástralíu við upptökur á kvikmyndinni The Great Gatsby og kvikmyndaverið lét honum í té glænýjan Mercedes Benz til að rúnta um á.

Maguire, sem er grænmetisæta, kveðst aldrei sitja í leðursætum og var fljótur að afþakka lúxuskerruna. Kvikmyndaframleiðendurnir létu þá skipta leðrinu út fyrir hefðbundið áklæði og leikarinn var hæstánægður með útkomuna.

Simon flytur Graceland

Paul Simon fagnar 25 ára afmæli goðsagnakenndu plötunnar Graceland með tónleikaferðalagi á næsta ári. Graceland, sem jafnan er valin ein af bestu plötum poppsögunnar í þess háttar kosningum, kom út árið 1986 en árið eftir lagði Simon upp í tónleikaferðalag til að kynna hana.

Breska tónlistartímaritið NME greinir frá því að hljómsveitin Ladysmith Black Mambazo frá Suður-Afríku verði með á tónleikaferðalaginu, en sveitin varð fræg eftir að hafa komið fram á Graceland. Um líkt leyti og lagt verður upp í tónleikaferðalagið verður gefinn út sérstakur Graceland-safnkassi og sérstök útgáfa af plötunni sem einungis mun fást í takmörkuðu upplagi.

Paul Simon lék á tónleikum í Laugardalshöll árið 2008 en ekki liggur fyrir hvort hann heimsækir Ísland á næsta ári.

VEISLA FYRIR AÐDÁENDUR Paul Simon flytur Graceland-plötuna á tónleikum á næsta ári.

Í VONDUM MÁLUM Framhjáhald Ashtons Kutcher er á milli tannanna á fólki vestanhafs um þessar mundir, en ástkona hans hefur nú kjaftað frá.

Kutcher í klandri

Sara Leal, konan sem Ashton Kutcher hélt framhjá Demi Moore með, hefur í fyrsta skipti tjáð sig opinberlega við tímaritið US Weekly. Og hún bætir ekki málstað Kutchers. Hún segist nefnilega hafa sofið hjá Kutcher í tvígang á brúðkaupsafmæli þeirra hjóna og eftir þau nánu kynni á Kutcher að hafa sagt að hann hafi aldrei upplifað slíka tilfinningu áður.

Sara bætir því við í viðtalinu að hún og Kutcher hafi rætt heimsmálin eftir að hafa sofið saman og þar hafi komið upp mál á borð við stjörnufræði, trúmál, ást og stjórnmál. Stúlkan upplýsir jafnframt í viðtalinu að hún og leikarinn hafi stundað óvarið kynlíf. Í samtali við The Sun bætir Leal um betur, upplýsir að Kutcher hafi upphaflega gert sér vonir um að sænga með Leal og vinkonu hennar en honum hafi ekki orðið að ósk sinni. Demi Moore er hins vegar byrjuð að ræða við skilnaðarlögfræðinga.

Johnny Depp snýr aftur

Johnny Depp hefur aldrei farið leynt með þá ósk sína að hann fái hlutverk í kvikmyndaútfærslu sjónvarpsþáttanna 21 Jump Street. Margir hafa haldið því fram að hlutverk Depps yrði hálfgert feluhlutverk en orðrómur um að leikarinn verði í stórri rullu hefur fengið byr undir báða vængi að undanförnu.

21 Jump Street voru þeir þættir sem gerðu Depp að stjörnu í Bandaríkjunum og leikarinn vill mjög gjarnan launa þeim greiðann. Jack Johnson, sem leikur eitt aðalhlutverkanna í myndinni, viðurkennir að mikil leynd eigi að hvíla yfir þætti Depps. „En ég get þó lofað því að þetta er meira en bara eitt andartak," sagði hann í samtali við sjónvarpsstöðina E!. Depp hefur hins vegar sjálfur sagt að aðdáendur hans gætu átt erfitt með að þekkja hann í hlutverkinu.

DULARFULLUR Mikil leynd hvílir yfir þætti Johnny Depp í kvikmyndinni 21 Jump Street.

Fær fullt hús eða fjórar stjörnur

Björk Guðmundsdóttir hefur fengið frábæra dóma í erlendum fjölmiðlum fyrir nýjustu plötuna sína, Biophilia.

Tónlistarvefurinn Gigwise gefur henni fullt hús stiga og segir Björk hafa búið til einstaka plötu sem sé öðruvísi en allar aðrar sem hafi komið út á árinu. Gagnrýnandinn bætir við að lagið Cosmogony sé eitt það fallegasta sem hún hafi nokkru sinn samið.

Breska blaðið The Telegraph gefur Biophilia einnig fullt hús, fimm stjörnur, og segir það koma á óvart hversu aðgengileg og falleg platan sé. Til þess þurfi hún þó tíma og einbeitingu hlustandans. NME frá Bretlandi hleður Björk einnig lofi og gefur plötunni 9 af 10 mögulegum í einkunn og það sama gerir Clash Music. David Fricke, blaðamaður bandaríska tímaritsins Rolling Stone, gefur Biophilia fjórar stjörnur af fimm og segir rödd Bjarkar yfirnáttúrulega í lögunum Thunderbolt og Craving Miracles.

Tímaritin Mojo og Q splæsa hvort um sig fjórum stjörnum á gripinn og breska blaðið The Guardian er á sama máli og segir gæði tónlistarinnar á Biophilia sýna hversu Björk sé sér á báti og framarlega í samanburði við aðra tónlistarmenn.

Gagnrýnandi The Independent í Bretlandi er ekki eins hrifinn og gefur plötunni aðeins tvær stjörnur. Hann segir Björk hafa fjarlægst rætur sínar með því að blanda margmiðlun saman við tónlistarsköpun sína.

Hér í Fréttablaðinu fékk Biophilia fjórar stjörnur af fimm, þar sem platan var sögð magnað verk sem sýndi að Björk væri ekki hætt leit sinni að nýjum og spennandi hlutum.

FRÁBÆRIR DÓMAR Björk hefur fengið frábæra dóma fyrir nýjustu plötuna sína, Biophilia.

mini pítur
Nýr og skemmtilegur valkostur
Nú bjóðum við okkar frábæru pítur sem smárétti fyrir öll stór og smá tilefni. Mini píturnar eru afgreiddar á hentugum bökkum í þremur útfærslum*
Klassík: Buff, kjúklingabringa, grænmeti, lamb og beikon
Exótík: Sjávarréttir, lax, kalkún-beikon og kebab
Mix: Roastbeef, buff, skinka og kjúklingalundir
*Pantanir þurfa að berast fyrir 15:00 daginn áður
pítan
Skipholti 50 C
Pöntunarsími: 562 9090
www.pitan.is
12 mini pítur
2.990.-
klassík exótík mix



SMÁRABÍÓ	GLERAUGU SELD SÉR	5%
WHATS YOUR NUMBER	KL. 10	12
KILLER ELITE	KL. 10	16
KILLER ELITE LÚXUS	KL. 10	16
RAUÐHETTA 3D	KL. 4	L
RAUÐHETTA 2D	KL. 4	L
STRUMPARNIR 3D	KL. 3.30	L
SPY KIDS 4 4D	KL. 3.30	L
JOHNNY ENGLISH REBORN	KL. 10	16
ABDUCTION	KL. 10	12

HÁSKÓLABÍÓ	NÁNAR Á MIÐI.IS	5%
WHAT´S YOUR NUMBER	KL. 5.40 - 8 - 10.20	12
I DON´T KNOW HOW SHE DOES IT	KL. 5.40	L
PROJECT NIM	KL. 8	L
LE HAVRE	KL. 6 - 10	L
BOBBY FISHER	KL. 8 - 10	L
ELDFJALL	KL. 5.45 - 8 - 10.15	L

BORGARBÍÓ	NÁNAR Á MIÐI.IS	
WHAT´S YOUR NUMBER	KL. 8 - 10	12
KILLER ELITE	KL. 8 - 10	16
JOHNNY ENGLISH REBORN	KL. 6	7
ELDFJALL	KL. 6	L

facebook / smarabio • facebook / haskolabio

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075



LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
KILLER ELITE	5.50, 8 og 10.20(POWER)
ABDUCTION	8 og 10.20
RAUÐHETTA 2 - 3D	6 - ÍSL TAL
JOHNNY ENGLISH	6, 8 og 10.20

SAMBÍÓIN

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA			
REAL STEEL	kl. 6 - 8 - 10:40	2D	12
REAL STEEL Luxus VIP	kl. 8 - 10:40	2D	VIP
CONTAGION	kl. 8 - 10:40	2D	12
CONTAGION Luxus VIP	kl. 5:50	2D	VIP
HRAFNAR, SÓLEYJAR OG MYRRA	kl. 6	2D	L
JOHNNY ENGLISH REBORN	kl. 5:50 - 8 - 10:10	2D	L
KONUNGUR LJÓNANNA - 3D M/ ísl. tal	kl. 6	3D	L
DRIVE	kl. 8 - 10:10	2D	16
ALGJÖR SVEPPI	kl. 6	2D	L
CRAZY, STUPID, LOVE	kl. 8:30	2D	7
HORRIBLE BOSSES	kl. 10:40	2D	12

SAMBÍÓIN AKUREYRI			
KONUNGUR LJÓNANNA 3D	kl. 6	3D	L
REAL STEAL	kl. 8	2D	12
CONTAGION	kl. 10:10	2D	16
ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN	kl. 6	2D	L
HRAFNAR SÓLEYJAR OG MYRRA	kl. 8	2D	L
SHARK NIGHT	kl. 10:10	3D	16

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL			
REAL STEEL	kl. 5:20 - 8 - 10:40	2D	12
THE LION KING M/ ísl. tal	kl. 5:30	3D	L
ALGJÖR SVEPPI	kl. 5:30	2D	L
CONTAGION	kl. 10:40	2D	16
CRAZY, STUPID, LOVE	kl. 8	2D	7
SHARK NIGHT	kl. 10:30	3D	16
DRIVE	kl. 5:30 - 8 - 10:20	2D	16

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI			
REAL STEEL	kl. 5:30 - 8 - 10:40	2D	12
CONTAGION	kl. 8 - 10:20	2D	12
KONUNGUR LJÓNANNA - 3D M/ ísl. tal	kl. 6	3D	L
THE LION KING - 3D íslenskt M/ Ensku. Tali	kl. 8	3D	L
DRIVE	kl. 10	2D	16
ALGJÖR SVEPPI	kl. 6	2D	L

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK		
REEL STEEL	kl. 10:10	12
ABDUCTION	kl. 10:10	12

YACHT Bandaríska hljómsveitin Yacht hefur mikinn áhuga á yfirskilvitlegum hlutum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Duttu í Airwaves-lukkupott

Þrjár bandarískar hljómsveitir unnu samkeppni um að spila á hátíðinni Iceland Airwaves. Þær dvelja hér á landi í heila viku og verður allur kostnaður þeirra greiddur.

Þrjár bandarískar hljómsveitir, Yacht, Young Magic og Caged Animals, unnu samkeppni á vegum Reyka Vodka um að spila á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves. Keppnin kallaðist Breakthrough at Airwaves og og sendu 170 flytjendur inn umsóknir.

Þessar þrjár útvöldu hljómsveitir unnu vikuferð til Íslands þar sem allur kostnaður verður greiddur og koma þær fram á hátíðinni ásamt Björk, Beach House, Agent Fresco, John Grant og fleiri spennandi listamönnum.

Vincent Cacchione, söngvari og gítarleikari Caged Animals, er hæstánægður með að hafa komist til Íslands. „Ég tek eiginlega aldrei þátt í neinum samkeppnum því ég hef það alltaf á tilfinningunni að ég muni tapa en af einhverjum ástæðum sýndi vinur minn mér tölvupóst um þessa samkeppni. Ég hafði góða tilfinningu fyrir henni og sendi inn þrjú lög. Tveimur mánuðum síðar var haft samband við okkur og þá kom í ljós að við höfðum unnið. Það var alveg frábært, eitt það svalasta sem við höfum lent í," segir Cacchione.

Indípoppsveitin Caged Animals er hugarfóstur Cacchione, sem byrjaði fyrir einu og hálfu ári að taka upp lög heima hjá sér. Hann setti nokkur þeirra á netið og þá byrjaði boltinn að rúlla. Tónlistarbloggarar tóku við sér og eftir það samdi hann við breska útgáfufyrirtækið Lucky Number Music. Í framhaldinu safnaði hann saman í hljómsveit fyrir sjö mánuðum og byrjaði að spila opinberlega. Fyrsta platan, Caged Animals Eat Their Own, er væntanleg í byrjun nóvember. Meðal áhrifavalda sveitarinnar eru The Velvet Underground, plötur Phils Spector frá sjöunda áratugnum og doo-wop-plötur frá sjötta áratugnum.

CAGED ANIMALS Fyrsta plata hljómsveitarinnar er væntanleg í næsta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

YOUNG MAGIC Treður upp á Nasa annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jona Bechtolt og Claire L. Evans skipa hljómsveitina Yacht, sem spilar dansvænt stuðpopp. „Við erum mjög spennt yfir því að vera hérna. Okkur hefur langað til að taka þátt í þessari hátíð síðan við fréttum fyrst af henni fyrir mörgum árum," segja þau í símaspjalli við blaðamann. Yacht var stofnuð árið 2002 sem sólóverkefni Bechtolt en síðan hafa fleiri bæst í hópinn, þar á meðal Evans. Yacht hefur gefið út fimm plötur á ferli sínum og nefnist sú síðasta Shangri-La.

Spurð um áhrifavalda sína segjast þau ekki líta til annarra hljómsveita í þeim efnum heldur frekar til eigin lífsreynslu og yfirskilvitlegra hluta. „Síðustu tvær plöturnar voru að mestu teknar upp í borginni Marfa í Texas. Þar er að finna yfirskilvitlegan hlut sem kallast leyndardómsfulla Marfaljósið. Því svipar að einhverju leyti til norðurljósanna en á sér enga vísindalega skýringu," segja þau og bæta við að mjög gaman sé að dvelja í borginni.

Yacht og Caged Animals spila báðar á Airwaves í kvöld. Yacht verður á Nasa en Caged Animals í Iðnó. Young Magic verður svo á Nasa annað kvöld.

freyr@frettabladid.is

BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

FIMMTUDAGUR: ICELAND AIRWAVES DAGAR: EVERYTHING, EVERYWHERE, ALL THE TIME / BACKYARD / ROKK Í REYKJAVÍK / POPP Í REYKJAVÍK 16:00 ■ CARLOS 18:00, 21:10 ■ AÐFÖR AÐ LÖGUM 20:00, 22:10 ■ JÓN OG SÉRA JÓN 18:00, 20:00 ■ *SVÍNASTÍAN* 20:00, 22:00 ■ THORS SAGA 22:00 ■ Á ANNAN VEG 18:00 ■ ANDLIT NORÐURSINS (allra síðasta sýning) 18:00 ÍSLENSKUR TEXTI. *ENGLISH SUBTITLES.*

VERTU FASTAGESTUR!

JIM CARREY Spéfuglinn leikur hugsanlega á móti Steve Carell í Burt Wonderstone.

Jim Carrey á móti Carell

Spéfuglinn Jim Carrey er í viðræðum um að leika í kvikmyndinni Burt Wonderstone. Þar myndi hann leika götutónlistarmann í Las Vegas. Með aðalhlutverk myndarinnar fer annar grínisti, Steve Carell. Þeir tveir hafa áður leikið saman, í Bruce Almighty sem kom út 2003. Síðasta mynd hins 49 ára Jims Carrey var Mr. Popper´s Penguins. Þar komst hann oft í hann krappan þegar mörgæsirnar í myndinni voru duglegar að bíta hann. „Ég fékk skrámur hér og þar en það var í góðu lagi," sagði Carrey.

Tónlist ★★★★

Adhd 2

Adhd

Framvarðasveitin

Hljómsveitin ADHD er skipuð fjórum af flinkustu hljóðfæraleikurum Íslands, þeim Davíð Þór Jónssyni hljómborðsleikara, Ómari Guðjónssyni gítarleikara, Óskari Guðjónssyni saxófónleikara og Magnúsi Tryggvasyni trommuleikara. Þeir hafa allir tekið þátt í mörgum ólíkum verkefnum og eru jafnvígir á margar tónlistartegundir þó að þeir komi úr djassinum.

Þegar fyrri platan ADHD leit dagsins ljós kom það á óvart hvað tónlistin var róleg og hamin. Maður átti von á einhverjum látum vegna nafnsins. Það kraumaði samt orka og hiti undir niðri í tónlistinni.

Á nýju plötunni, ADHD2, heldur sveitin áfram að vinna með svipaða hluti. Platan er mjög vel heppnað sambland af djassi og rokki og fer víða. Sums staðar minnir hún á gamlan djassrokkbræðing (t.d. í upphafslaginu IFE) en oftar leika þeir félagar lausum hala á einhverjum óskilgreindum mörkum fyrrnefndra tónlistarstefna. Þeir sýna allir stjörnutakta á hljóðfærin eins og við var að búast, en auk spilalegra tilþrifa vinna þeir skemmtilega með áherslur og hljóðeffekta og útkoman er lifandi og síbreytileg.

Á heildina litið er þetta fyrirtaks plata sem ætti að höfða jafnt til djass- og rokkáhugafólks.

Trausti Júlíusson

Niðurstaða: Snillingarnir í ADHD leika lausum hala á landamærum rokks og djass.

Damon og Douglas leika elskendur

Matt Damon mun leika ungan elskhuga Michaels Douglas í kvikmyndinni Behind the Candelabra sem fjallar um ævi tónlistarmannsins Liberaces. Myndin á að gefa góða mynd af lífi þessa listamanns sem klæddist skrautlegum búningum uppi á sviði. Myndin mun jafnframt fjalla um sérstakt samband Liberaces og Scotts Thorson.

Steven Soderbergh mun leikstýra myndinni en framleiðandinn Jerry Weintraub sagðist vera himinlifandi með að hafa klófest leikarana tvo. Liberace lést árið 1987, þá aðeins 67 ára að aldri. Hann gaf aldrei neitt uppi um kynhneigð sína og fór eitt sinn í mál við dagblað sem hélt því fram að hann væri samkynhneigður.

ELSKAR DOUGLAS Matt Damon mun leika ungan ástmann Michaels Douglas í kvikmynd um tónlistarmanninn Liberace.



PURE CHROMATICS
4 WET & DRY EYE SHADOWS

YVES SAINT LAURENT KYNNING Í HYGEU
SMÁRALIND OG KRINGLUNNI

Bjóðum förðun fyrir þá sem kaupa 2 eða fleiri YSL vörur.
Fimmtudag og föstudag frá kl. 13:00 – 17:30 og laugardag frá kl. 13:00 – 16:30. **Tímabókanir í förðun í síma 533 4533 og 554 3960**

Kaupaukinn þinn þegar þú kaupir 2 YSL vörur*
Falleg YSL taska með nýja hreinsivatninu fyrir andlit og augu 75 ml,
Top Secrets varakremi 3 ml, YSL blýanti og mascara í ferðastærð og YSL ilmi.

KYNNINGARTILBOÐ
20% AFSLÁTTUR
YSL MASKARI SINGULIER
20% AFSLÁTTUR
YSL MASKARI LUXORIOUS

HYGEA
snyrtivöruverslun
Kringlan 533 4533 - Smáralind 554 3960

BENEDIKT GUÐMUNDSSON, fyrrum þjálfari KR, mætir með sína stráka í Þór Þorlákshöfn í DHL-höllina í kvöld þegar fyrsta umferð Iceland Express deildar karla fer af stað. Leikur KR og Þórs hefst klukkan 19.15 en á sama tíma mætast Grindavík og Keflavík í Grindavík og Fjölnir tekur á móti ÍR í Grafarvogi. Umferðin klárast síðan á morgun með eftirtöldum leikjum: Tindastóll-Stjarnan, Valur-Njarðvík og Haukar-Snæfell.

Á LEIÐ TIL ÍSLANDS Lars Lagerbäck náði góðum árangri sem þjálfari sænska landsliðsins. NORDIC PHOTOS/AFP

Ráðning Lars Lagerbäck:

Vonandi kláruð í næstu viku

FÓTBOLTI Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, er vongóður um að hægt verði að ganga frá ráðningu Lars Lagerbäck í starf landsliðsþjálfara karla í næstu viku.

Geir gat ekki tjáð sig um gang viðræðnanna að öðru leyti en að þær gengju vel. „Ég vil yfirleitt klára svona mál sem fyrst og vona að við getum klárað þetta í næstu viku," sagði hann við Fréttablaðið í gær.

Sumir hafa lýst yfir áhyggjum yfir að of dýrt verði að ráða erlendan þjálfara en Geir gaf lítið fyrir það. „Við breytum engu í rekstri KSÍ fyrir þessa ráðningu," bætti hann við. **- esá**

DAVID VILLA Í viðtali við spænska sjónvarpsmenn eftir jafnteflið á Laugardalsvellinum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Spánverjar jöfnuðu met:

Töpuðu síðast stigi í Laugardal

FÓTBOLTI Spænska fótboltalandsliðið hélt sigurgöngu sinni áfram þegar það vann 3-1 sigur á Skotum í fyrrakvöld á lokakvöldi undankeppni EM 2012. Þetta var fjórtándi sigur Spánverja í röð í keppnisleikjum og jöfnuðu þeir þar með met Hollendinga og Frakka.

Spænska landsliðið er enn fremur búið að vinna 22 leiki í röð í undankeppni HM eða EM, alla leiki sína síðan liðið heimsótti okkur Íslendinga á Laugardalsvöllinn 8. september 2007.

Spánverjar töpuðu síðast alvöru landsleik þegar þeir lágu 0-1 fyrir Sviss í fyrsta leik sínum í úrslitakeppni HM í Suður-Afríku 2010 en þá var spænska landsliði búið að vinna tólf alvöru leiki í röð.

Nú hafa Spánverjar gert betur. Þeir unnu síðustu sex leiki sína á HM og tryggðu sér heimsmeistaratitilinn. Spænska liðið vann síðan alla átta leiki sína í undankeppni EM með samanlögðu markatölunni 26-6, en í riðli með því voru Tékkland, Skotland, Litháen og Liechtenstein. **- óój**

Frábær árangur Spánverja:

Undankeppni EM 2008: 4 sigrar í síðustu 4
Úrslitakeppni EM 2008: 5 sigrar, 1 jafntefli
Undankeppni HM 2010: 10 sigrar
Úrslitakeppni HM 2010: 6 sigrar, 1 tap
Undankeppni EM 2012: 8 sigrar
Samanlagt: 33 sigrar og 1 tap í síðustu 35 leikjum í undan- og úrslitakeppnum stórmóta.

Willum Þór ætlar að koma Leikni upp í efstu deild

Willum Þór Þórsson skrifaði í gær undir tveggja ára samning við Leikni. Hann segir mikinn metnað ríkja innan félagsins. Hann segir ekki spurningu um hvort heldur hvenær Leiknir fari upp í efstu deild. Stefnan strax sett upp í úrvalsdeild.

FÓTBOLTI „Ég heillaðist af því sem menn höfðu fram að færa og þeim metnaði sem ríkir hérna. Þess vegna samdi ég við Leikni," sagði Willum Þór Þórsson, sem í gær skrifaði undir tveggja ára samning við 1. deildarlið Leiknis.

Koma Willums í Breiðholtið vekur óneitanlega athygli enda er hann einn sigursælasti þjálfari landsins. Willum hefur verið að keppa um og vinna Íslandsmeistaratitla og var sterklega orðaður við landsliðsþjálfarastarfið áður en KSÍ hóf viðræður við Lars Lagerbäck. Nú er hann kominn aftur í grunninn að byggja upp lið, sem hann hefur gert áður með aðdáunarverðum árangri.

„Þetta er spennandi verkefni. Starfið hefur verið gott hjá félaginu og mannvirkin hér eru til vitnis um að hér hafi menn byggt upp félag af þrautseigju og dugnaði. Menn hér eru metnaðarfullir og hafa stóra drauma," sagði Willum, en hann segir að stefnan sé eðlilega að koma félaginu í deild þeirra bestu á Íslandi.

„Það eru bara tvö spennandi sæti í þessari deild og það eru efstu sætin. Það kemur sá dagur að Leiknir verður úrvalsdeildarlið ef menn halda þessari þolinmæði og þrautseigju áfram. Það er gaman að stíga hér inn og taka þátt í þessu verkefni. Auðvitað viljum við komast upp strax næsta sumar en hvort það er raunhæft á eftir að koma í ljós," sagði Willum en var hann með einhver önnur járn í eldinum?

„Það komu skilaboð og þreifingar víða að en þegar ég fór að ræða við Leikni hafði það forgang. Það fór síðan á þennan veg og ég er virkilega ánægður með það."

Þjálfarinn sigursæli viðurkennir að hann eigi örugglega aðeins eftir að sakna látanna úr efstu deild, sem fær þess utan talsvert meiri athygli en 1. deildin.

„Vissulega er úrvalsdeildin stærri og meiri spenna. Ytri kröfur eru meiri, sem og athyglin. Kannski á ég eftir að sakna þess. Á móti eru kostir hér. Vinnan er samt alltaf sú sama. Ég er metnaðarfullur þjálfari með sterka fagvitund. Ég hef ástríðu fyrir starfinu og fótboltanum. Meðan svo er vil ég vinna með góðu fólki. Þetta er það verkefni sem mér stóð til boða. Þeir sem vildu fá mig sóttu það fast og mér líkaði hugarfar þeirra."

METNAÐARFULLUR Willum segist enn hafa ástríðu fyrir fótboltanum og hann ætlar að vinna strax að því að koma Leikni upp um deild. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Leiknir rétt náði að bjarga sér frá falli á síðustu leiktíð og því má telja líklegt að Willum þurfi að styrkja hópinn umtalsvert ef hann ætlar að koma liðinu upp í úrvalsdeild. Eru til peningar í slíkt í Breiðholtinu?

„Miðað við núverandi mannskap er kannski bratt að ætla sér upp á næsta ári. Ég mun samt vinna þannig. Það er ekki rétt að fullyrða um stöðu fjárhagsins. Ég hef ekki kafað í reikninga félagsins. Það er samt ljóst að við þurfum einhverja styrkingu ef við ætlum að eiga raunhæfan möguleika á að fara upp. Hópurinn er samt góður og það voru ótrúlegar sveiflur á milli ára hjá Leikni." **henry@frettabladid.is**

ÆGIR HRAFN JÓNSSON Mætir sínum gömlu félögum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fram heimsækir Val í kvöld:

Ekki unnið á Hlíðarenda í tæpa 46 mánuði

HANDBOLTI Framarar hafa ekki byrjað betur í karlahandboltanum í sex ár en þeir eru með fullt hús á toppi N1 deildar karla eftir fyrstu þrjár umferðirnar.

Framarar mæta því fullir sjálfstrausts á Hlíðarenda í kvöld þar sem þeir hafa ekki unnið í tæpa 46 mánuði eða síðan í desember 2007. Valsmenn eru nefnilega búnir að vinna átta leiki í röð á móti nágrönnum sínum í Vodafonehöllinni þar á meðal eru tveir bikarleikir.

Valsmenn unnu Framara þrisvar sinnum á Hlíðarenda í fyrra þar af með einu marki í síðasta deildarleiknum fyrir HM-frí og sigur í framlengdum undanúrslitaleik í bikarnum.

Leikur Vals og Fram hefst klukkan 19.30 en tveir aðrir leikir fara fram í deildinni í kvöld, Haukar-Akureyri klukkan 18.30 á Ásvöllum og HK-FH klukkan 19.30 í Digranesi. **- óój**

Síðustu leikir Vals og Fram á Hlíðarenda:

17. mars 2011 deild	Valur vann 32-25
13. feb. 2011 bikar	Valur 33-31
16. des. 2010 deild	Valur 29-28
7. des. 2009 bikar	Valur 35-24
15. nóv. 2009 deild	Valur 27-21
9. mars 2009 deild	Valur 32-25
2. okt. 2009 deild	Valur 29-21
2. maí 2008 deild	Valur 37-32
16. des. 2007 deild	Fram 27-25

Euroleague-frumraun Helenu:

Eitt stig í tapi

KÖRFUBOLTI Helena Sverrisdóttir hitti ekki vel þegar lið hennar Good Angels Kosice tapaði 52-45 á móti pólska liðinu Wisla Can-Pack í fyrsta leik sínum í Euroleague-deildinni. Helena var með 1 stig, 7 fráköst, 2 stolna bolta og 3 fiskaðar villur á 25 mínútum en hún klikkaði á öllum fimm skotum sínum utan af velli. Helena var engu að síður frákastahæst í liðinu ásamt bandarísku stelpunni Erin Lawless. **-óój**

Skiptar skoðanir um nýjan körfuboltabúning KR – aðalstjórn fór fram á breytingar sem sjást í leik kvöldsins:

Það var kominn tími á búning sem vekti athygli

KÖRFUBOLTI Karlalið KR mun frumsýna nýjan og endurbættan búning í kvöld er liðið tekur á móti sínum gamla þjálfara, Benedikt Guðmundssyni, og lærisveinum hans í Þór Þorlákshöfn. Breytingarnar koma þó ekki af góðu einu því aðalstjórn KR fór meðal annars fram á breytingar.

Aðalstjórninni hugnaðist ekki að körfuknattleiksdeildin hefði sett númer leikmanna inn í merki félagsins. Númerin hafa verið fjarlægð úr merkinu og færð yfir á hitt brjóstið. Svo hafa verið gerðar breytingar á buxunum.

„Mönnum fannst guli liturinn í buxunum minna of mikið á Skagann. Þess vegna verðum við í alhvítum stuttbuxum á heimavelli og svörtum á útivelli," sagði Böðvar Guðjónsson, formaður körfuknattleiksdeildar KR.

Umræðan um búning félagsins hefur ekki farið fram hjá honum enda virðast margir KR-ingar hafa sterka skoðun á búningnum. Flestum finnst hann hreinlega ljótur en aðrir eru hrifnir.

UMDEILDUR BÚNINGUR Sitt sýnist hverjum um fegurð nýja KR-búningsins. Honum hefur verið breytt lítillega fyrir leik kvöldsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Það var kominn tími á búning sem vekti athygli og vekti spurningar. Af hverju eigum við að vera í meðalmennskunni þar sem enginn tekur eftir nýju búningunum?" sagði Böðvar brattur.

„Ég veit að rendurnar eru líka umdeildar en þeim verður ekki breytt. Það var mikil vinna lögð í hönnun á þessum búningi. Við skoðuðum mikið af gömlum KR-búningum sem og NBA-búninga. Fundum eina treyju þar sem Scott Skiles er ansi flottur í búningi Orlando Magic. Skiles var flottur í teinóttu og þar kom það. Skiles var að gefa um 15 stoðsendingar í leik og það er einmitt það sem mig vantar frá mínum leikstjórnanda," sagði Böðvar kíminn, en svona mjóar rendur hafa ekki áður sést á KR-búningi. **- hbg**

Það er SPORT að SPARA

ENERGETICS COCO TOP
Íþróttabolur úr bómull.
Stærðir: 120 - 160.

1.990

3.490

ENERGETICS JULIA TOP
Íþróttabolur úr teygjanlegu efni með öndun. Litir: Svartur, dökkbleikur.

2.990

ENERGETICS COOL PANTS
Íþróttabuxur á stelpur. Stærðir: 120 - 160.

6.990

ADIDAS HYPERRUN 5
Léttir íþróttaskór með sóla sem litar ekki gólf.
Riflásar: 28 - 32. Reimaðir: 32 - 38 2/3.

1.990

ADIDAS GRAPHIC TEE
Íþróttabolur úr bómull. Stærðir: 110-176.

5.490

FIREFLY JUNIOR SWEAT PANTS
Íþróttabuxur úr bómull. Stærðir: 120 - 150.

890

ENERGETICS GYMBAG
Íþróttataska.

INTERSPORT

AKUREYRI / BÍLDSHÖFÐA / LINDUM / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 13. – 19. OKTÓBER

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl.

EXPO · www.expo.is

Jóhannes Karl Guðjónsson fær ekkert að spila í Huddersfield og bíður þess að komast til Íslands:

Ég er Skagamaður með gult og svart hjarta

FÓTBOLTI Jóhannes Karl Guðjónsson gerir lítið annað þessa dagana en að mæta á æfingar hjá liði sínu, Huddersfield, í Englandi. Hann bíður þess nú að losna frá félaginu svo hann geti flutt aftur heim til Íslands með sinni fjölskyldu. Langlíklegast er að hann gangi til liðs við ÍA, uppeldisfélagið sitt, en hann hefur einnig verið orðaður við KR.„Já, ég las þetta á Fótbolti.net," segir Jóhannes Karl í léttum dúr en nafn hans birtist í slúðurpakka síðunnar. Hann vildi þó lítið gefa fyrir slúðrið.

„Allar þreifingar eru á frumstigi enda má ég ekki byrja að tala við önnur lið fyrr en í janúar. Það eina sem ég hef gert er að segjast vilja koma heim og hefur ÍA sagst vilja fá mig. Ég er Skagamaður í húð og hár og með gult og svart hjarta. Ég vona að þetta sé allt á réttri leið."

Jóhannes Karl fékk þau skilaboð í upphafi tímabilsins að hann myndi ekkert spila á tímabilinu og æfir hann því eingöngu með liðinu.

„Jú, það er mjög skrýtið. Þetta verður í raun eins og venjuleg vinna. Ég mæti á æfingar en tek svo aldrei þátt í leikjunum," segir hann en tekur þessu eins og hverju öðru hundsbiti. „Þetta er bara staðan sem er komin upp. Við í fjölskyldunni erum búin að ákveða að koma heim og því er þetta bara í góðu lagi."

Hann segir ólíklegt að hann spili aftur með Huddersfield og hefur hann þegar hafnað nokkrum tilboðum um að fara á láni til annarra félaga, bæði sunnar í Englandi sem og í Skotlandi.

„Ég er nú ekkert sérstaklega spenntur fyrir því að fara í eitthvað af þessum minni liðum sem spila í sömu deild og Huddersfield. Það getur því bara vel verið að ég klári minn samning hér en ég er fyrst og fremst að vona að ég losni undan honum sem allra fyrst. Það fer eftir því hvort þeir eru tilbúnir að gera við mig starfslokasamning," segir Jóhannes Karl sem bindur þó vonir við að losna eftir áramót, jafnvel í febrúar.

„Þeir eru enn að vonast til þess að ég fari eitthvað annað á láni en þeir eru kannski til í að semja við mig þegar lokað verður fyrir félagaskipti í lok janúar."

Huddersfield gengur vel en liðið er í þriðja sæti og enn taplaust eftir tólf leiki. Stjóri liðsins er Lee Clark, fyrrum leikmaður Newcastle, Sunderland og Fulham og gallharður miðjumaður sem svipaði mjög til Jóhannesar Karls sem leikmanns.

„Ég held að Huddersfield fari beint upp og að ekkert lið í þessari deild geti komið í veg fyrir það. Liðið er gott og leikmannahópurinn breiður," segir Jóhannes og neitar því ekki að Clark var leikmaður að hans skapi. „Hann er mjög svipaður sem knattspyrnustjóri – hörkunagli og afar metnaðarfullur. Ég get séð fyrir mér að hann muni ná lengra sem þjálfari í framtíðinni." **- esá**

ÚRSLIT Í GÆR

Iceland Express kvenna

Fjölnir-Keflavík 79-72 (39-31)
Stig Fjölnirs: Brittney Jones 33, Birna Eiríksd.19, Katina Mandylaris 19 (17 frák.), Heiðrún Ríkharðsd. 3, Erla Kristinsd. 3, Eva María Emilsd. 2.
Stig Keflavíkur: Birna Valgarðs. 21, Jaleesa Butler 21 (14 frák./5 stoðs.), Pálína Gunnlaugsdóttir 7, Helga Hallgrímsdóttir 6, Sara Hinriksd. 6, Hrund Jóhannsd.6, Telma Ásgeirsd. 3, Lovísa Falsd. 2.

Valur-Snæfell 70-79 (32-39)
Stig Vals: Kristrún Sigurjónsdóttir 20, Melissa Leichlitner 17, María Ben Erlingsdóttir 15 Berglind Karen Ingvarsd. 8, Signý Hermannsd. 6, Þórunn Bjarnadóttir 2 (10 frák.), Guðbjörg Sverrisdóttir 2.
Stig Snæfells: Hildur Sigurðardóttir 24 (9 frák.) Hildur Björg Kjartansdóttir 16, Kieraah Marlow 16, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 8, Berglind Gunnarsdóttir 7, Alda Leif Jónsdóttir 4, Ellen Alfa Högnadóttir 2, Sara Mjöll Magnúsdóttir 2.

Haukar-Njarðvík 60-81 (37-43)
Stig Hauka: Jence Rhoads 19, Gunnhildur Gunnarsdóttir 13 (6 stolnir), Sara Pálmad. 8, Hope Elam 8 (9 frák./3 varin), Íris Sverrisd. 5, Guðrún Ósk Ámundard.4, Margrét Rósa 3.
Stig Njarðvíkur: Lele Hardy 33 (14 frák.), Shanae Baker 20 (8 frák./5 stoðs./6 stolnir), Petrúnella Skúladóttir 13, Salbjörg Sævarsdóttir 12 (7 frák.) Andrea Björt Ólafsdóttir 2, Aníta Carter 1.

KR-Hamar 73-60 (38-24)
Stig KR: Reyana Colson 19 (9 fráköst), Margrét Kara Sturludóttir 16 (6 frák./5 stoðs.), Hafrún Hálfdánardóttir 13, Bryndís Guðmundsdóttir 10 (6 frák./5 stoðs.), Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 9 (10 frák.), Helga Einarsdóttir 6.
Stig Hamars: Samantha Murphy 20 (8 frák.), Hannah Tuomi 18 (18 fráköst), Jenný Harðardóttir 8 (10 frák.), Kristrún Rut Antonsdóttir 8, Álfhildur Þorsteinsdóttir 4, Regína Ösp Guðmundsdóttir 2.

N1 deild kvenna í handbolta

FH-Fram 16-30 (10-16)
Markahæstar: Ingibjörg Pálmadóttir 5, Birna Íris Helgadóttir 4, Kristrún Steinþórsdóttir 4 - Elísabet Gunnarsdóttir 7, Birna Berg Haraldsdóttir 5, Ásta Birna Gunnarsdóttir 4, Marthe Sördal 3, Stella Sigurðardóttir 3, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 3, Sunna Jónsdóttir 3.

Grótta-Valur 28-41

Sala Veigars Páls til VIF:

Stabæk fór illa með Nancy

FÓTBOLTI Norskir fjölmiðlar greindu frá því í gær að Stabæk hafi svikið franska liðið Nancy um tvær milljónir norskra króna (41 milljón íslenskra króna) þegar félagið seldi íslenska framherjann Veigar Pál á dögunum.

Stabæk gerði samkomulag við Nancy þegar Veigar Páll kom til baka frá Frakklandi um að Nancy fengi helminginn af kaupverði leikmannsins yrði hann seldur frá Stabæk.

Stabæk fékk fimm milljóna tilboð frá Rosenborg en seldi hann engu að síður fyrir eina milljón til Vålerenga þótt að Veigar hafi viljað fara til Rosenborg. Nancy fékk því aðeins hálfa milljón í sinn hlut.

Það sem ekki kom fram að hluti af samningur Stabæk og Vålerenga voru fjórar milljónir sem Vålerenga borgaði fyrir forkaupsrétt á hinum 15 ára Hermann Stengel. Með þessu „samningi" fékk Stabæk 4,5 milljónir í sinn hlut og sparaði sér 2 milljónir sem hefðu annars farið til franska liðsins. **-óój**

Ungviðið stólar of mikið á tæknina og aðstoðarmenn

Golfþing GSÍ er fram undan. Á þinginu verður lagt til að banna tæki sem mæla fjarlægðir í öllum aldursflokkum á Íslandsmótum. Einnig er lagt til að kylfusveinar og aðstoðarmenn verði lagðir af í aldursflokknum 15-18 ára.

GOLF Margar áhugaverðar tillögur verða lagðar fram á golfþingi Golfsambands Íslands sem fram fer í Garðabæ 19. nóvember næstkomandi. Þar mun bann við notkun á tækjum sem mæla fjarlægðir án efa vekja mesta athygli, og er þá átt við hvers konar útbúnað sem kylfingar nota við slíkt s.s. sjónauka, GPS-tæki og símtæki. Einnig er lagt til að kylfusveinar (aðstoðarmenn) verði bannaðir í flokki 15-18 ára.

Fjölmennur starfshópur golfkennara sem starfa við golfþjálfun yngri kylfinga á Íslandi fundaði á dögunum og eru þessar breytingatillögur afrakstur af þeirri vinnu.

Skiptar skoðanir voru í starfshópnum um að banna notkun á fjarlægðamælum af öllum gerðum á Íslandsmótinu í höggleik, holukeppni og Íslandsmóti félagsliða (sveitakeppni). Þar með gætu kylfingar ekki notað fjarlægðakíki eða GPS-tæki til þess að mæla fjarlægðir á meðan keppni stendur yfir. Tillagan nær yfir keppni í öllum aldursflokkum – ekki bara hjá börnum og unglingum.

Hlynur Geir Hjartarson, afrekskylfingur og golfkennari frá Selfossi, var einn af þeim sem unnu að þessum tillögum. Hann var spurður að því hvernig hópurinn hafi rökstutt tillögur sínar:

„Það er bannað að nota fjarlægðamæla til dæmis í Evrópumótum landsliða, stórum áhugamótum erlendis og víðar. Við finnum fyrir því að ungir íslenskir kylfingar hafa ekki þróað með sér þann hæfileika að geta metið fjarlægðir með öðrum aðferðum, til dæmis að stika völlinn fyrir keppni. Með því að banna þessi tæki á Íslandsmótum verða kylfingar að hugsa leik sinn með öðrum hætti og við teljum að þeir verði betri til lengri tíma litið. Það er mat flestra að yngri kylfingar stóli of mikið á tæknina og aðstoðarmennina," sagði Hlynur í gær.

MEÐ KÍKINN Kristján Þórir Einarsson er einn fjölmargra kylfinga sem notar lengadarmælissjónauka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það vekur einnig athygli að lagt er til að keppendur í flokki 15-18 ára á stigamótaröð Golfsambandsins verði ekki með aðstoðarmenn með sér í keppni eða kylfusveina.

Hlynur segir að dregið hafi úr sjálfstæðum ákvörðunum yngri kylfinga og þeir stóli of mikið á að fá ráðleggingar frá aðstoðarmanninum fyrir nánast hvert einasta högg. „Foreldrar eða aðstoðarmenn eru ómissandi þáttur fyrir golfíþróttina en þeir geta líka tekið of mikið frá kylfingnum. Við vitum af dæmum þar sem ungir kylfingar þurfa varla að taka sjálfstæða ákvörðun um eitt né neitt. Þeir hafa aldrei skilað skorkortunum sjálfir til keppnisstjórnar, hafa jafnvel ekki séð um að skrá skorið sjálfir. Að auki eru aðstoðarmenn of mikið að skipta sér af til dæmis kylfuvali í keppni. Að okkar mati taka unglingar of sjaldan ákvörðun sjálf sem þeir þurfa að standa og falla með," bætti Hlynur við.

Lagt er til að aðstoðarmenn verði áfram leyfðir í öllum yngri aldurshópunum á mótum á vegum GSÍ og einnig í öllum flokkum á Áskorendamótaröðinni sem er hugsuð fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref í golfíþróttinni.

Fjölmargar tillögur verða lagðar fram frá starfshópnum. Má þar nefna að lagt er til að nafninu á Sveitakeppni GSÍ verði breytt í Íslandsmót félagsliða.

seth@frettabladid.is

HAUKUR HELGI PÁLSSON Lék með Maryland í fyrra. MYND/NORDIC PHOTOS/GETTY

Spænski körfuboltinn:

Haukur Helgi og félagar byrja vel

KÖRFUBOLTI Haukur Helgi Pálsson var aftur í byrjunarliði Manresa þegar liðið vann sex stiga útisigur á Baloncesto Fuenlabrada, 79-73, í spænsku úrvalsdeildinni í körfubolta í gær.

Manresa hefur unnið tvo fyrstu leiki tímabilsins. Haukur Helgi hefur því byrjað tvo fyrstu leiki sína í bestu körfuboltadeild í Evrópu og hann var með fimm stig, eina stoðsendingu og einn stolinn bolta á 14 mínútum í gær. Jón Arnór Stefánsson og félagar í CAI Zaragoza töpuðu hins vegar 82-66 á móti Valenica á útivelli en Jón Arnór var með fimm stig og eitt frákast á 16 mínútum. **- óój**

Þýski handboltinn í gær:

Aron í gang á ný

HANDBOLTI Aron Pálmarsson lék á ný með Kiel í gærkvöldi þegar Kiel vann sjö marka útisigur á Grosswallstadt, 32-25, í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta.

Aron kom aftur inn í lið Kiel eftir meiðsli og Alfreð Gíslason skellti honum í byrjunarliðið. Aron byrjaði með látum og skoraði 3 af 4 fyrstu mörkum Kiel í leiknum en hann endaði leikinn með fjögur mörk. Alexander Petersson skoraði eitt mark þegar Füchse Berlin vann 31-27 útisigur á Eintracht Hildesheim. Strákarnir hans Dags Sigurðssonar sitja í öðru sætinu á eftir Kiel sem hefur unnið alla átta deildarleiki sína til þessa. **- óój**

Fjölnir og Njarðvík unnu óvænta sigra í fyrstu umferð Iceland Express deildar kvenna í körfubolta í gær:

Hildur leiddi Snæfell til sigurs í fyrsta leik

KÖRFUBOLTI Snæfell vann í gær fínan sigur, 79-70, á Val í fyrstu umferð Iceland-Express deild kvenna í körfubolta en leikurinn fór fram í Vodafonehöllinni. Snæfellingar höfðu góð tök á leiknum alveg frá byrjun og héldu Valsstúlkum alltaf þægilega vel frá sér. Stigaskorið dreifðist vel í liðinu og greinilega góð liðsheild hjá Hólmurum en Hildur Sigurðardóttir var með 24 stig í fyrsta deildarleiknum sínum með Snæfelli.

„Ég er mjög stoltur af þessum sigri," sagði Ingi Þór Steingrímsson, þjálfari Snæfells, eftir leikinn í gær. „Við vorum ekki að spila eins vel og ég veit að liðið getur gert, en þetta var mikilvægur sigur. Það kom mér nokkuð á óvart að við höfðum frumkvæðið allan leikinn og ég held að Valsstelpurnar hafi ekki búist við því."

HILDUR SIGURÐARDÓTTIR Fór á kostum á móti Val í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Þetta er ekki sú byrjun sem við vildum," sagði Ágúst Björgvinsson, þjálfari Vals, eftir tapið í gær. „Við ætluðum okkur að ná sigri í fyrsta leik og það gekk ekki eftir í kvöld. Snæfell skorar níu stig strax í upphafi og við hreinlega náðum aldrei að brúa það bil." Fyrsta umferðin fór öll fram í gær og unnu Fjölnir og Njarðvík óvænta sigra.

Fjölniskonur unnu 79-72 sigur á Íslandsmeisturum Keflavíkur og Njarðvík burstaði Lengjubikarmeistara Hauka á Ásvöllum. Keflavík var spáð sigri í árlegri spá fyrir mótið sem var kynnt í fyrradag en Fjölnisliðinu var aftur á móti spáð falli úr deildinni. KR vann síðan 73-60 sigur á Hamar í síðasta leik kvöldsins. **- sáp**

www.husa.is

Allt fínt fyrir jólin

natura
tré

frame
tré|ál

nation
tré|ál

futura+
tré|ál

contura
tré|ál





KYNNING Í DAG

SÉRTILBOÐ Á GLUGGUM OG ÚTIHURÐUM

Kynning í Húsasmiðjunni Grafarholti kl. 15-18 í dag.
Erlendur Hermannsson frá Idealcombi og sérfræðingar Húsasmiðjunnar veita ráðgjöf og kynna hagkvæmar, byltingarkenndar nýjungar í gluggalausnum frá Idealcombi.

Komdu og fáðu ráðgjöf og tilboð strax í dag
eða sendu okkur teikningar á ragnarba@husa.is og við gefum þér tilboð.

Nýr bæklingur kominn út.
Pantaðu bæklinginn á thjonustuver@husa.is

idealcombi
Udvikler vinduet

HÚSASMIÐJAN

> Stöð 2 kl. 20.20

Heimsréttir Rikku

Það er komið að lokaþættinum með Rikku og að þessu sinni eru það ljúffengir réttir frá Pakistan, en landið er þekkt fyrir bragðmikla og gómsæta rétti. Á matseðlinum er m.a. seekh kebab, baalti gosht-nautaréttur og chapati-brauð.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON BER SAMAN X-FACTOR OG IDOL

Fjölbreyttari og ferskari útgáfa

Fyrsta þáttaröðin af X-Factor í Bandaríkjunum hefur farið mjög vel af stað. Eins og kunnugt er situr Simon Cowell þar við stjórnvölinn eftir að hafa yfirgefið American Idol og miðað við fyrstu þættina ætti hann ekki að sjá eftir því.
X-Factor er ferskari og fjölbreyttari útgáfa af Idolinu. Allir fá tækifæri, hvort sem þeir eru tíu ára eða sextíu, og sönghóparnir koma skemmtilegir inn. Sú nýbreytni að halda áheyrnarprófin fyrir fullum sal af fólki hefur líka skipt sköpum og veitir þættinum nýja vídd sem vantaði alveg í Idolið, þar sem prófin fóru fram inni í óspennandi hótelherbergjum ár eftir ár.

X-Factor leggur einnig meiri áherslu á söguna á bak við hvern keppanda en í Idolinu. Bandaríkjamenn eru upp til hópa miklar tilfinningaverur og það nýta framleiðendur X-Factor sér til hins ítrasta. Með því að hafa fjölskylduna baksviðs á meðan áheyrnarprófin fara fram er dramatíkin orðin meiri og allt skilar þetta sér auðvitað í fleira fólki fyrir framan skjáinn.

GÓÐ BYRJUN Fyrsta þáttaröð X-Faktors með Cowell við stjórnvölinn hefur farið vel af stað.

RÚV

15.45 Kiljan (e)
16.35 Leiðarljós
17.20 Gurra grís (14:26)
17.25 Sögustund með Mömmu Marsibil (16:52)
17.36 Mókó (2:52)
17.41 Fæturnir á Fanneyju (15:39)
17.55 Stundin okkar (e)
18.25 Táknmálsfréttir
18.35 Melissa og Joey (7:30)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.05 Nigella í eldhúsinu (6:13) (Nigella: Kitchen) Í þessari bresku matreiðsluþáttaröð eldar Nigella Lawson dýrindis krásir
20.40 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni (7:8) (María Birta Bjarnadóttir, verslunareigandi og leikkona) Þáttaröð um ungt og áhugavert fólk. Í þessum þætti er skyggnst inn í líf Maríu Birtu Bjarnadóttur verslunareigenda og leikkonu.
21.10 Scott og Bailey (2:6) (Scott and Bailey) Bresk þáttaröð um lögreglukonurnar Rachel Bailey og Janet Scott í Manchester.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.25 Glæpahneigð (98:114) (Criminal Minds V)
23.10 Lífverðirnir (Livvagterne) (e)
00.15 Kastljós (e)
00.40 Fréttir
00.50 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Stuck On You
10.00 Curious Case of Benjamin Button
12.40 Skoppa og Skrítla í bíó
14.00 Stuck On You
16.00 Curious Case of Benjamin Button
18.40 Skoppa og Skrítla í bíó
20.00 The Ugly Truth
22.00 Hot Tub Time Machine
00.00 Ghost Town
02.00 Once Upon a Time In the West
04.40 Hot Tub Time Machine

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 Doctors (3:175)
10.15 The Mentalist (17:23)
11.00 The Whole Truth (2:13)
11.50 Gilmore Girls (16:22)
12.35 Nágrannar
13.00 Home Fries
14.35 E.R. (1:22)
15.20 Friends (3:24)
15.40 Barnatími Stöðvar 2
17.05 Bold and the Beautiful
17.30 Nágrannar
17.55 The Simpsons (15:22)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Næturvaktin
19.50 Ástríður (12:12)
20.20 Heimsréttir Rikku (8:8) Matreiðsluþáttur með Rikku þar sem hún fetar nýjar slóðir í íslenskri matreiðsluþáttagerð með því að helga hvern þátt matargerð þjóðar sem á sér ríkulega matarhefð. Hún fræðir okkur um uppruna réttanna og kennir okkur að matreiða þá á einfaldan hátt.
20.50 The Closer (12:15) Sjötta serían af þessum hörkuspennandi þætti sem segir frá yfirlögreglukonunni Brendu Leigh Johnsons.
21.35 The Good Guys (12:20) Nýir þættir sem bæði eru hlaðnir spennu og gríni um löggu af gamla skólanum, Jack, og nútímalega lögreglumanninn, Dan. Jack fer alltaf eftir bókinni. Félagi hans, Dan, er bæði drykkfelldur og slóði en heldur starfi sínu hjá lögreglunni vegna hetjudáðar.
22.20 Sons of Anarchy (12:13)
23.10 Heimsendir (1:9)
23.50 Spaugstofan
00.20 The Killing (3:13)
01.05 Game of Thrones (8:10)
02.05 Criminal
03.30 Shooting dogs
05.20 The Simpsons (15:22)
05.45 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

18.10 Iceland Express-deildin - upphitun
19.10 OneAsia Tour - Highlights
20.05 Unglingaeinvígið í Mosfellsbæ
21.00 EAS þrekmótaröðin
21.30 Blanda
22.00 Cage Warriors

SPORT 2 *enski boltinn*

18.15 Bolton - Man. City
20.05 Premier League World
20.35 2001/2002 Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar.
21.30 Premier League Review 2011/12 Leikir helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir og krufðir til mergjar.
22.25 Football League Show
22.55 Tottenham - Man. City

EXTRA

19.45 The Doctors (133:175)
20.30 In Treatment (51:78)
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.50 Borgarilmur (8:8) Í Halifax skoðar Ilmur þá fáu hluti sem skoluðust á land eftir Titanic-slysið, lærir á brimbretti hjá einni færustu brimbrettakonu heims, marserar fyrir her hans hátignar og raftar við ótrúlegar og einstakar aðstæður sem hvergi finnast annars staðar í heiminum.
22.25 Cougar Town (13:22)
22.50 Grey's Anatomy (2:22)
23.40 True Blood (12:12)
00.30 Satisfaction (5:10)
01.20 Næturvaktin
01.50 Ástríður (12:12)
02.15 Týnda kynslóðin (8:40)
02.45 In Treatment (51:78)
03.10 The Doctors (133:175)
03.55 Fréttir Stöðvar 2
04.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
07.30 Nýtt útlit (5:12) (e)
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
12.00 Árshátíðarsjónvarp Skólafélags MR
12.30 Nýtt útlit (5:12) (e)
13.00 Pepsi MAX tónlist
15.55 Life Unexpected (6:13) (e)
16.40 Friday Night Lights (8:13) (e)
17.30 Rachael Ray
18.15 Real Housewives of Orange County (15:17)
19.00 Game Tíví - OPIÐ (5:14)
19.30 Being Erica - OPIÐ (8:12)
20.10 Rules of Engagement (24:26)
20.35 30 Rock (7:23) Bandarísk gamanþáttaröð. Jenna aðstoðar Tracy við að skipuleggja ógleymanlegan atburð.
21.00 Hæ Gosi (3:8) Sprenghlægilegir en um leið óþægilegir gamanþættir um bræðurna Börk og Víði og fólkið í lífi þeirra.
21.30 House (6:23) Bandarísk þáttaröð um skapstirða lækninn dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. Þegar kosningastjóri veikist alvarlega í miðjum kosningaslag, verða House og félagar að komast að hinu sanna.
22.20 Leverage - LOKAÞÁTTUR (16:16) Spennandi þáttaröð um þjófagengi sem rænir þá sem misnota vald sitt og ríkidæmi. Erkióvinurinn Moreau hefur flúið land en teymið eltir hann á röndum, allt til San Lorenzo þar sem uppgjör er í nánd.
23.05 Jimmy Kimmel
23.50 CSI: Miami (2:22) (e)
00.40 Smash Cuts (38:52) (e)
01.00 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America **08.10** Frys.com Open (3:4) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.50** Frys.com Open (4:4) **15.50** PGA Tour - Highlights (36:45) **16.45** THE PLAYERS Official Film 2011 (1:1) **17.35** Inside the PGA Tour (41:45) **18.00** The McGladrey Classic (1:4) **21.00** The McGladrey Classic (1:4) **00.00** ESPN America

N4

18.15 Að norðan

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hraunfólkið **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Þegar járntjaldið féll **20.00** Sinfóníutónleikar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **23.15** Hnapparatið **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

BBC entertainment

10.50 Keeping Up Appearances **11.20** Fawlty Towers **11.50** ‚Allo ‚Allo! **12.15** ‚Allo ‚Allo! **12.40** New Tricks **13.35** New Tricks **14.25** Keeping Up Appearances **14.55** Keeping Up Appearances **15.25** ‚Allo ‚Allo! **15.50** ‚Allo ‚Allo! **16.20** Fawlty Towers **16.50** Fawlty Towers **17.20** Jane Eyre **18.15** Jane Eyre **19.10** Top Gear **20.00** Live at the Apollo **20.45** QI **21.15** How Not to Live Your Life **21.45** Skavlan **22.40** The Graham Norton Show **23.25** Top Gear **00.20** Live at the Apollo **01.05** QI **01.35** How Not to Live Your Life

DR 1

13.10 Himmelblå **14.00** Benjamin Bjørn **14.15** Den travle by **14.30** Fandango **15.00** Hercule Poirot **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv: Kongerigets Kager **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Gintberg på kanten **18.30** Et liv uden stoffer **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** 10 ting du ikke vidste om søvn **20.50** Kæft, trit og knus **21.15** Kæft, trit og knus **21.20** Familien Hughes **21.45** Familien Hughes **22.10** TV!TV!TV! **22.40** Lisa goes to Hollywood **04.00** Molly Monster

NRK 1

12.30 Valpekullet **13.00** Nyheter **13.10** Dallas **14.00** Nyheter **14.10** Matador **15.00** Nyheter **15.10** Snakkis **15.25** Verdensarven **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Schrödingers katt **18.15** Solgt! **18.45** Dressurriding for funksjonshemma ryttarar **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Debatten **20.30** Sigrid søker selskap **21.00** Kveldsnytt **21.15** Trygdekontoret **21.50** Siffer **22.20** Brennpunkt **23.20** Blues jukeboks

SVT1

12.05 Niklas Mat **12.35** Stardust **13.30** Skattjägarna **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.30** Landet Brunsås **15.00** Hübinette **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Niklas Mat **18.30** Mitt i naturen **19.00** Världens Barn **19.05** En andra chans **19.35** Hundra procent bonde **20.05** Debatt **20.50** Livet som hund **21.35** En komikers arbetslivserfarenhet **22.05** Uppdrag Granskning

iNN

20.00 Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** Kolgeitin

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	**FM 90,9** Gullbylgjan	**FM 93,5** Rás 1	**FM 96,3** FM Suðurland	**FM 97,7** X-ið	**FM 99,4** Útvarp Saga	**FM 102,9** Lindin
FM 90,1 Rás 2	**FM 91,9** Kaninn	**FM 95,7** FM957	**FM 96,7** Létt Bylgjan	**FM 98,9** Bylgjan	**FM 102,2** Útvarp Latibær	**FM 105,5** Útvarp Boðun

Ódýrast!
www.bensinverd.is
sýnir þér hvar lítrinn
er ódýrastur

Ofurdagur

5 kr.

afsláttur af lítranum í dag*

Öll Skeljungskort gilda
líka á Orkustöðvunum.

Orkulykillinn opnar þér leið að lægra verði
á **67 Orku- og Shellstöðvum** um allt land

Ódýrari, einfaldari og þægilegri eldsneytiskaup með Orkulyklinum. Þú borgar með Orkulyklinum, lækkar eldneytiskostnaðinn og nýtur sérkjara hjá fjöldanum öllum af samstarfsaðilum okkar.

Sæktu um Orkulykilinn í dag á **www.orkan.is**

ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

*Þegar greitt er með Orkulykli, Orkukorti, Afsláttarkorti eða staðgreiðslukorti Skeljungs. Gildir ekki með öðrum tilboðum og afsláttarkjörum.

Símanúmer þjónustuvers: **578 88 00**

ENNEMM / SÍA / NM46422

BESTI BITINN Í BÆNUM

„Bitabíllinn á Lækjartorgi, þar er besti hamborgarinn í bænum.“

Atli Óskar Fjalarson, leikari.

Sló í gegn hjá írönskum leigubílstjóra

Forlagið gekk í gær frá samningum við brasilískt forlag um útgáfu á barnabókinni Blái hnötturinn eftir Andra Snæ Magnason. Bókin er því væntanleg í öllum byggðum heimsálfum nema einni, Eyjaálfu, því útgáfa hennar hefur þegar verið skipulögð í Norður-Ameríku á næsta ári.

Bókamessan í Frankfurt var sett á þriðjudagskvöld að viðstöddu margmenni og þótt rithöfundur og forleggjarar séu á hverju strái sitja þeir fæstir að sumbli á börunum við að ræða nýjustu strauma og stefnur. Margir af hinum íslensku rithöfundum eru á flakki um allt Þýskalandi, að lesa upp úr bókum sínum og nýta sér þá miklu umfjöllun sem íslenskar bækur fá þessa vikurnar. Andri Snær er engin undantekning á því; hann verður í Þýskalandi í tíu daga að lesa upp úr verkum sínum. „Þetta er svona síðbúið bakpokaferðalag,“ segir Andri í samtali við Fréttablaðið. Hann var þá reyndar staddur í Frankfurt en var á leiðinni til Mainz. „Það eru margir í mínum sporum og ég held að Hallgrímur [Helgason] sé jafnvel verri en ég, hann ætlar að vera í þriggja vikna upplestraferð,“ segir Andri sem er ákaflega hrifinn af íslenska skálanum á bókamessunni, finnst hann vera hálfgerð vin í öllu þessu brjálæði.

Þjóðverjar virðast fylgjast vel með bókamessunni, allavega var íranskur leigubílstjóri með allt á hreinu þegar Andri fékk far hjá honum í Köln. „Hann spurði hvaðan ég væri og þegar ég hafði kynnt mig sagðist hann einmitt hafa verið að lesa grein um bókamessuna. Og endaði á því að gefa mér helmingsafslátt af farinu,“ útskýrir Andri sem launaði honum að íslenskum sið, gaf honum árit-að eintak af þýsku þýðingunni á Draumalandinu. **- fgg**

EIN HEIMSÁLFA EFTIR Blái hnötturinn kemur út í Brasilíu og Norður-Ameríku á næstunni og er þá Eyjaálfa eina heimsálfan sem bókin á eftir.

ELLEN OG TOBBI: HANN SÉR FRAMTÍÐ TÍSKUNNAR FYRIR SÉR Í ÞRÍVÍDD

Gerðu mynd um frægasta stílista heims

„Þetta var skemmtilegt ferli og gaman að vinna að þessari mynd með CCP, sem fjallar á margan hátt um framtíð tískunnar,“ segir Ellen Loftsdóttir, en hún leikstýrði nýverið heimildarmynd um samstarf tölvuleikjaframleiðandans og stílistans Nicola Formichetti, ásamt kærasta sínum Þorbirni Ingasyni.

Samstarf CCP við stílistann var í tengslum við tískuvikuna í New York þar, sem Formichetti kynnti til sögunnar þrívíddartískusýningu með fyrirsætunni Rick Genest, sem betur er þekktur sem Zombie Boy, í aðalhlutverki.

Nicola Formichetti er einn frægasti stílisti í heimi, listrænn stjórnandi Thierry Mugler tískuhússins og stílisti tónlistarkonunar Lady Gaga. Hann er mikill Íslandsvinur og hefur komið hingað nokkrum sinnum.

„CCP hafði samband við okkur um að gera þessa mynd, þar sem þau vildu fá fólk með innsæi í heim tískunnar í samstarf. Þetta verkefni með Formichetti er meira tengt tísku en fyrirtækið hefur nokkurn tíma gert. Það var líka gaman fyrir okkur að upplifa alla þá tæknilegu þekkingu sem CCP er búið að þróa með sér undanfarin ár,“ segir Ellen. Hún og Þorbjörn starfa bæði fyrir vinnustofuna Narva og hafa meðal annars gert heimildarmyndir, tískumyndir og tónlistarmyndbönd, en Ellen hefur unnið sem stílisti bæði hér heima og erlendis í nokkur ár.

„Þegar ég frétti um hvern heimildarmyndin var varð ég mjög ánægð, þar sem ég hef fylgst með Formichetti í næstum tíu ár og ber mikla virðingu fyrir hans störfum,“ segir hún og bætir við að það sé í raun Formichetti að þakka að Lady Gaga sé fræg í dag, enda hafi búningar hennar vakið óskipta athygli gegnum tíðina. Ellen og Tobbi fylgdu stílistanum eftir á tískuvikunni í New York og tóku viðtöl við yfirmenn CCP og fyrirsætuna Zombie Boy.

Heimildarmyndin var síðan birt á vefsíðunni Dazed Digital fyrr í vikunni og hefur vakið mikla athygli, enda talar Formichetti blákalt um að framtíð tískunnar sé á tölvuskjánum.

„Formichetti sér framtíð tískunnar fyrir sér í þrívídd, sem er frekar rosalegt. Hann vill meina að eftir nokkur ár eigi allir eftir að eiga útgáfu af sjálfum sér í tölvunni, sem við eigum frekar eftir að vilja klæða upp. Það er eiginlega fáránlegt að segja það en gæti verið þróunin,“ segir Ellen áður en hún brunar af stað á frumsýningu íslensku myndarinnar Borgríki, en hún sá einmitt um búningana í þeirri mynd. **alfrun@frettabladid.is**

HEIMILDARMYND UM FORMICHETTI Ellen Loftsdóttir og Þorbjörn Ingason gerðu heimildarmynd um samstarf tölvuleikjaframleiðandans CCP og stílistans fræga Nicola Formichetti. Myndin hefur vakið mikla athygli og er komin inn á síðuna Dazed Digital.

KNÚSAÐUR AF GAGA Nicola Formichetti er maðurinn á bak við frumlega búninga tónlistarkonunnar Lady Gaga og ber samstarfinu við CCP vel söguna í heimildarmyndinni.

LIFANDI UPPVAKNINGUR

Fyrirsætan Rick Genest fer með aðalhlutverkið í þrívíddarsýningu Formichetti, en hann vekur athygli þar sem líkami hans er þakinn húðflúrum. Húðflúrin láta hann líta út sem lifandi uppvakning, en áður en hann var uppgötvaður af Formichetti var Genest meðlimur í sirkus þar sem hann gerði ýmiss konar áhættuatriði. Genest lék meðal annars stór hlutverk í myndbandi Lady Gaga, „Born This Way“.

Ellen og Tobbi fengu að hitta kappann í New York og tóku við hann viðtal. Ellen segir hann mjög viðkunnanlegan. „Ég var mjög stressuð að hitta hann fyrst, þar sem mér finnst hann frekar hrikalega útlítandi, en hann var algjör ljúflingur og fínn gaur.“

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
551 1200 | www.leikhusid.is | midasala@leikhusid.is

Listaverkið (Stóra sviðið)

Fim 13.10. Kl. 19:30 1. sér. U	Fös 21.10. Kl. 19:30 3. sér. U	
Fös 14.10. Kl. 19:30 9. sýn. U	Lau 22.10. Kl. 16:00 12. sýn.	
Fös 14.10. Kl. 22:00 3. au.	Lau 22.10. Kl. 19:30 13. sýn. U	
Lau 15.10. Kl. 16:00 10. sýn.	Sun 23.10. Kl. 19:30 14. sýn.	
Lau 15.10. Kl. 19:30 11. sýn. U	Lau 29.10. Kl. 16:00 15. sýn. U	
Fim 20.10. Kl. 19:30 2. sér. U	Lau 29.10. Kl. 19:30 16. sýn.	

Svartur hundur prestsins (Kassinn)

Fim 13.10. Kl. 19:30 2. auks. U	Lau 29.10. Kl. 19:30 17. sýn.	Sun 20.11. Kl. 19:30 23. sýn.
Fös 14.10. Kl. 19:30 12. sýn. U	Fim 3.11. Kl. 19:30 18. sýn.	Fim 24.11. Kl. 19:30 24. sýn.
Lau 15.10. Kl. 19:30 13. sýn. U	Fös 4.11.Kl. 19:30 5. au.	Fös 25.11. Kl. 19:30 25. sýn.
Fim 20.10. Kl. 19:30 3. auks. U	Lau 5.11.Kl. 19:30 6. au.	Sun 27.11. Kl. 19:30 26. sýn.
Fös 21.10. Kl. 19:30 14. sýn.	Mið 9.11. Kl. 19:30 19. sýn.	Fim 1.12. Kl. 19:30 27. sýn.
Lau 22.10. Kl. 19:30 15. sýn.	Lau 12.11. Kl. 19:30 20. sýn.	Fös 2.12. Kl. 19:30 28. sýn.
Fim 27.10. Kl. 19:30 4. auks.	Sun 13.11. Kl. 19:30 21. sýn.	
Fös 28.10. Kl. 19:30 16. sýn.	Lau 19.11. Kl. 19:30 22. sýn.	

Hreinsun (Stóra sviðið)

Fim 27.10. Kl. 19:30 Frums. U	Lau 12.11. Kl. 19:30 5. sýn.	Fim 24.11. Kl. 19:30 9. sýn. U
Fös 28.10. Kl. 19:30 2. sýn.	Sun 13.11. Kl. 19:30 6. sýn.	Fös 25.11. Kl. 19:30 10. sýn.
Fös 4.11. Kl. 19:30 3. sýn.	Lau 19.11. Kl. 19:30 7. sýn.	Fös 2.12. Kl. 19:30 11. sýn.
Lau 5.11. Kl. 19:30 4. sýn.	Sun 20.11. Kl. 19:30 8. sýn.	Lau 3.12. Kl. 19:30 12. sýn.

Ballið á Bessastöðum (Stóra sviðið)

Sun 16.10. Kl. 14:00 síð. sýn.		

Sögustund - Hlini kóngsson (Kúlan)

Lau 15.10. Kl. 13:30 5. sýn.	Lau 22.10. Kl. 13:30 7. sýn	
Lau 15.10. Kl. 15:00 6. sýn.	Lau 22.10. Kl. 15:00 8. sýn.	

Hvílíkt snilldarverk er maðurinn (Þjóðleikhúskjallarinn)

Fös 14.10. Kl. 19:30 4. sýn.	Lau 15.10. Kl. 19:30 5. sýn.	Mið 19.10. Kl. 19:30 6. sýn.

Judy Garland (Þjóðleikhúskjallarinn)

Sun 16.10. Kl. 21:00 Frums.	Fös 21.10. Kl. 22:00 2. sýn.	Lau 22.10. Kl. 22:00 3. sýn. U

Uppnám (Þjóðleikhúskjallarinn)

Lau 15.10. Kl. 22:00 7. sýn.	Fös 2.12. Kl. 22:00 Lau 10.12.	
Lau 29.10. Kl. 22:00 8. sýn.	Kl. 22:00	

33% LÆGRA MIÐAVERÐ MEÐ LEIKHÚSKORTI

Sími í miðasölu 551 1200

ERFIÐ BIÐ Um þrjú hundruð manns voru í biðröðinni við verslun Smekkleysu. María Einarsdóttir, til hægri að ofan, var fremst. FRÉTTABLAÐI/GVA

Þrjú hundruð biðu eftir miðum

Að minnsta kosti þrjú hundruð manns voru í biðröð við verslun Smekkleysu á Laugavegi í fyrrinótt og í gærmorgun. Þar vonuðust þeir til að fá miða á Biophilia-tónleika Bjarkar sem voru haldnir í Hörpu í gærkvöldi. Aðeins tvö hundruð miðar voru í boði fyrir fólk sem þegar hafði keypt sér miða á Airwaves-hátíðina og því var mikilvægt að mæta tímanlega á staðinn. Alhörðustu Bjarkaraðdáendurnir settust niður við verslunina klukkan þrjú um nóttina og biðu þolinmóðir í kraftgöllum og svefnpokum þangað til dyrnar voru opnaðar um morguninn. Tveir öryggisverðir voru á staðnum til að allt færi vel fram. „Þetta gekk ofsalega vel fyrir sig, það voru engin vandræði,“ segir Kristján Kristjánsson hjá Smekkleysu, eða Kiddi rokk, en miðarnir ruku út á fimmtán mínútum.

Svipaður háttur verður hafður á fyrir síðari tónleika Bjarkar á sunnudag og fyrir tónleika Sinéad O´Connor annað kvöld. **- fb**

Við ♥ vörur á góðu verði

Bolur m/blómum
stærðir 16-28
Verð áður 6.990,-
Verð nú 4.893,-

Röndóttur toppur
stæðrir 16-28
Verð áður 6.990,-
Verð nú 4.893,-

Peysukjóll
stærðir 12-16 Verð 14.990
Harem buxur
særðir S/M og M/L
Verð 2.999,-

Peysa Bleik- Golla
stærðir S/M og M/L
Verð 2.790,-

Hettupeysa með síðu stroffi
stærðir XS-L
Verð 2.999

ÓDÝRT & GOTT

Stuttbuxur með blúndu
stærðir XS-XL
Verð 2.999,-

Hlýrabolur
stærðir XS-XL
Verð 799,-
Harem buxur
stærðir S/M og M/L
Verð 3.999,-

Jogginggalli
stærðir 4-12 ára
Verð 4.999,-

Síðerma bolur
stærðir 4-12 ára Verð 1.999,-
Joggingbuxur
stærðir 4-14 ára Verð 2.999,-

Peysa
stærðir 4-12 ára Verð 2.999,-
Gallabuxur
Verð 4.990,-

Síðerma bolur
stærðir 4-12 ára Verð 2.999,-
Gallabuxur Verð 6.950,-

Joggingbuxur
stærðir 4-14 Verð 2.999,-
Síðerma bolur
stærðir 4-14 Verð 2.590,-

Hlaupaskór
stærðir 40-45
Verð 6.990,-

Kuldaskór
stærðir 28-35
Verð 5.990

GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8

Opið 11–19 alla daga vikunnar, nema sunnudaga 12–17 / Sími 534 4451

ÓDÝRT & GOTT

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

NOVA

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Aðstoðarmaður fer annað

Friðjón R. Friðjónsson er hættur sem aðstoðarmaður Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins. Hann tók við starfinu af Sigurði Kára Kristjánssyni þegar sá síðarnefndi settist á þing í fjarveru Illuga Gunnarssonar vorið 2010. Nú er Illugi snúinn aftur á þing og Sigurður tekinn við gamla starfinu við hlið formannsins. Friðjón hefur hins vegar nóg að sýsla, því auk þess að vera formaður knattspyrnudeildar Vals er hann búinn að ráða sig sem almannatengil til ráðgjafarfyrirtækisins Netspors. Meðal stofnenda þess er fyrrverandi aðstoðarmaður annars stjórnmálamanns, Ingvar Sverrisson, sem liðsinnti Kristjáni Möller í samgönguráðuneytinu.

Barnalán hjá Góa

Leikarinn **Guðjón Davíð Karlsson**, betur þekktur sem Góa, eignaðist sitt annað barn á dögunum ásamt eiginkonu sinni Ingibjörgu Ýri Óskarsdóttir. Þau eignuðust litla stúlku sem hefur fengið nafnið Kristín Þórdís, en fyrir áttu þau drenginn Óskar Sigurbjörn. Góa hefur í nógu að snúast þessa dagana því auk þess að leika fyrir börnin í Eldfærunum, standa yfir lokaæfingar á leikritinu Kirsuberjagarðinum, sem frumsýnt verður 28. október.

- sh, hdm

Mest lesið vísir

1. Ég hata þig ekki
2. Vilhjálmur hársnyrtir látinn
3. Leita að konu í höfninni í Kaupmannahöfn
4. Banaslys á Fagradal
5. Íslendingar þykja harðir og óbilgjarnir í samningum við ESB
6. Bænastund vegna umferðarslyssins

BOSS HUGO BOSS
SAND
strellson
eterna
VAN KOLLEM MADISON PARK • NY
gardeur
HUGO HUGO BOSS
CANALI
PETER VAN HOLLAND
POLO RALPH LAUREN
FINUCCI collezione
bugatti
MABRUN
LLOYD
BELLINI collezione